

# Dreifbýli Blönduósbæjar

## Húsakönnun



1. útgáfa - júní 2018.

Unnið að beiðni Blönduósbæjar.

Efnisöflun / textagerð: Gunnlaugur Haraldsson, Páll Jakob Líndal og Stefán J.K. Jeppesen.

Nýjar ljósmyndir: Stefán J.K. Jeppesen.

Kort: TGJ

Mynd á forsíðu: Geitaskarð 2016. Ljós. Stefán J.K. Jeppesen.

Afritun einstakra hluta skýrslunnar er leyfileg sé getið heimildar. Afritun heilla kafla eða skýrslunnar í heild með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt er einungis heimil að fengnu skriflegu leyfi TGJ og Blönduósbæjar.

© TGJ / Blönduósbær 2018.

Öll réttindi áskilin

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	4
<b>1. Dreifbýli Blönduósbæjar</b> .....	6
1.1 Dreifbýlið sunnan Blöndu.....	6
1.2 Byggðin austan og norðan Blöndu.....	9
<b>2. Húsakönnun</b> .....	10
2.1 Aðferðafræði og verktilhögun.....	10
2.2 Mat á varðveislugildi.....	11
<b>3. Húsaskrá</b> .....	13
3.1. Bakkakot.....	13
3.2 Björnólfsstaðir.....	16
3.3 Blöndubakki.....	22
3.4 Breiðavað.....	25
3.5 Efri-Mýrar.....	30
3.6 Enni.....	34
3.7 Fagranes.....	38
3.8 Fremstagil.....	42
3.9 Geitaskarð.....	49
3.10 Hnjúkahlíð.....	60
3.11 Holtastaðir.....	64
3.12 Holtastaðakirkja.....	75
3.13 Hvammur.....	79
3.14 Kúskerpi.....	83
3.15 Móberg.....	89
3.16 Neðri-Mýrar.....	93
3.17 Síða.....	98
3.18 Sölvabakki.....	102
<b>4. Varðveislumat – samantekt</b> .....	107
4.1 Sögulegt yfirlit.....	107
4.2 Niðurstöður varðveislumats – verndarflokkar.....	107
<b>Heimildaskrá</b> .....	111

## Inngangur

Með lögum um menningarminjar nr. 80/2012 var gert skylt að skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi byggðar og annarra landssvæða. Með sérstakri húsa-könnun ber að skrá friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsamstæður og mannvirki skv. þeim lágmarkskröfum og leiðbeiningum, sem Minjastofnun Íslands setur reglur um.<sup>1</sup> Megintilgangur slíkrar könnunar er að afla sem gleggstra upplýsinga og yfirsýnar um einstök hús, bæjarhluta eða byggingar í dreifbýli, svo að tryggja megi sem best að ákvarðanir um breytingar á byggð og mannvirkjum verði teknar á grundvelli þekkingar og heildstæðs mats á byggingar- og menningarsögulegu gildi byggðar og umhverfis.<sup>2</sup>

Löngu fyrir setningu áðurnefndra laga var hafin nokkur umræða um nauðsyn slíkra rannsókna innan Blönduósbæjar, meðal annars fyrir tilstilli ráðgjafa sveitarfélagsins um skipulagsmál í tengslum við gerð *Aðalskipulags Blönduóss 1993-2013*, sem unnið var af TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur.<sup>3</sup> Jafnframt má minna á, að í *Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016*, sem einnig var unnið af TGJ, var fjallað sérstaklega um byggingararfinn í sýslunni og vakin athygli á mörgu merkilegu í þeim efnum.<sup>4</sup>

## Fornleifaskráning 2007-2009

Sumurin 2007,<sup>5</sup> 2008<sup>6</sup> og 2009<sup>7</sup> stóð fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga ennfremur fyrir skráningu fornleifa og minja um eldri byggð á afmörkuðum svæðum Blönduósbæjar í tengslum við aðalskipulag sveitarfélagsins. Fyrsta sumarið voru skráðar minjar innan þéttbýlismarka beggja megin ár, og sumarið 2008 fór fram skráning á fjórum bújörðum í dreifbýlinu, þ.e. á eyðijörðinni Hnjúkum í fyrrum Torfalækjarhreppi, og á jörðunum Enni, Sölvabakka og Breiðavaði í fyrrum Engihlíðarhreppi utan ár. Einnig voru skráðar minjar á hluta eyðijarðanna Neðri-Lækjardals og Svangrundar. Sumarið 2009 fór svo fram fornleifaskráning á jörðunum Fremstagili, Geitaskarði, Holtastöðum og Móbergi, ásamt nýbýlinu Skriðulandi og eyðijörðunum Tungubakka og Eyrarlandi í Laxárdal. Verktilhögun og afrakstri þessara rannsókna var þannig lýst af skrásetjurum:

Um var að ræða heildarskráningu þar sem skráðar eru allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar; bæjarstæði og aðrar minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarrúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt má öðlast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru eða mannavöldum.<sup>8</sup>

## Húsakönnun á Blönduósi 2015 og verndarsvæði í byggð 2018

Síðla árs 2015 kom út fyrsta útgáfa *Húsakönnunar á Blönduósi*, sem unnin var af TGJ.<sup>9</sup> Þar var tekið saman yfirlit um þær byggingar í gamla bæjarkjarnanum sunnan Blöndu, sem merkilegar þykja í

<sup>1</sup> *Lög um menningarminjar nr. 80/2012*. <https://www.althingi.is/alttext/stjt/2012.080.html>.

<sup>2</sup> Sjá hér um: Guðmundur L. Hafsteinsson (1996). *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana byggðar á dönsku SAVE-aðferðinni*. Skipulag ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, nóvember 1996, og *Húsaskráning, skráningarstaðall. Húsakönnun*. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 2 (ópr. drög), 2017.

<sup>3</sup> *Aðalskipulag Blönduóss 1993-2013*. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Útgefendur: Blönduósbær og Skipulag ríkisins 1996.

<sup>4</sup> *Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016*, s. 88-89.

<sup>5</sup> *Fornleifaskráning Blönduósbæjar*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga, nóvember 2007/65. Glaumbaer. [http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsóknar\\_skyrslur50-99/bsk-2007-65-blonduos.pdf](http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsóknar_skyrslur50-99/bsk-2007-65-blonduos.pdf).

<sup>6</sup> *Fornleifaskráning Blönduósbæjar II. Enni – Hnjúkar – Sölvabakki – Breiðavaði*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2008/82. <https://www.blonduos.is/static/files/Byggingaf/Adalskipulag/fornleifaii.pdf>.

<sup>7</sup> *Fornleifaskráning Blönduósbæjar III. Fremstagil – Geitaskarð – Holtastaðir – Móberg*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2009/98. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsóknarskyrslur50-99/bsk-2009-98-blonduos.pdf>.

<sup>8</sup> *Fornleifaskráning Blönduósbæjar III [...]*, s. 1.

<sup>9</sup> *Húsakönnun á Blönduósi 2015*. Unnin af Guðrúnu Jónsdóttur, Ragnheiði Ragnarsdóttur og Páli Jakob Líndal. TGJ - Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Fyrsta útgáfa desember 2015. Reykjavík.

byggingar- og menningarsögulegu tilliti. Þar var ennfremur fjallað um þrjár gamlar byggingar utan ár, þ.e. Kvennaskólann, Brautarhvamm og Verslunarhús Kaupfélags Húnavetninga. Meðan unnið var að þessari húsakönnun samþykkti Alþingi lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, þar sem kveðið er á um að sveitarfélög skuli meta, hvort innan marka þeirra sé byggð eða byggðarkjarni, sem ástæða sé til að gera að sérstöku verndarsvæði í byggð með tilheyrandi skilmálum. Í kjölfar þess hófst samtali milli TGJ og Blönduósbæjar um möguleika á gerð tillögu um slíkt svæði, sem næði til gamla bæjar-kjarna Blönduóss og sjálfsþurftarbyggðarinnar í Klifamýri, eða 17,5 ha landspildu innan við ós Blöndu. Minjastofun Íslands veitti fjárstyrk til þessa verkefnis og í apríl 2017 hófst TGJ handa við gerð greinar-gerðar og tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra, sem lokið var og samþykkt af sveitarstjórn til auglýsingar um miðjan febrúar á þessu ári og síðan afgreitt af sveitarstjórn til staðfestingar ráðherra í byrjun þessa mánaðar.<sup>10</sup>

### Húsakönnun í dreifbýli Blönduósbæjar 2018


Eftir að lokið var gerð húsakönnunar í þéttbýli Blönduósbæjar 2015 samþykkti sveitarstjórnin að fela TGJ að gera hliðstæða húsakönnun í dreifbýli sveitarfélagsins eins og kveðið er á um í lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Vorið eftir veitti Minjastofnun Íslands styrk til verksins og var þá þegar hafist handa við undirbúning þess. Meðal annars var ákveðið að könnunin skyldi ná til allra bygginga innan marka dreifbýlisins, sem byggðar voru árið 1950 eða fyrr og ennþá eru uppistandandi, - þ.e. samtals 49 bygginga á 17 bújörðum. Annars vegar skyldi aflað upplýsinga um húsakost með vettvangsskoðun og viðræðum við ábúendur jarða, en hins vegar af skjallægum og prentuðum heimildum.

Vegna veikinda Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts, er leiddu til andláts hennar 2. september 2016, urðu óhjákvæmilega tafir á framvindu verksins lengst af því ári. Síðla sumars var sent út kynningarbréf og spurningalisti til ábúenda þeirra jarða í dreifbýli Blönduósbæjar, sem húsakönnunin nær til. Í ágúst-mánuði var afráðið að Stefán J.K. Jeppesen, sem er menntaður húsa- og húsgagnasmiður, færi í vettvangsferð um svæðið á vegum TGJ og aflaði upplýsinga skv. spurningalista með viðræðum við heima-fólk, ásamt því að ljósmynda húsakost. Því starfi lauk hann um haustið.

Þá var ákveðið að leita til Gunnlaugs Haraldssonar, fornleifa- og þjóðháttufræðings, um að taka að sér aðra heimildaöflun, efnisúrvinnslu og samningu greinargerðar í samvinnu við undirritaðan. Með því var þráðurinn tekinn upp að nýju við úrvinnslu heimilda og ritun einstakra húsalýsinga og lauk því verki fyrir skemmstu. Nánari lýsing á verktilhögun og efnisinnihaldi er gefin í kafla 2 hér á eftir.

Sérstakar þakkir skulu hér færðar ábúendum bújarða og öðrum einstaklingum, sem lagt hafa þessu verkefni lið með hverskyns upplýsingum og yfirlestri húsalýsinga. Sömuleiðis vil ég fyrir hönd TGJ þakka sveitarstjórn og starfsmönnum Blönduósbæjar veitta aðstoð og fyrirgreiðslu vegna þessa verks.

Reykjavík, 18. júní 2018,



Páll Jakob Línal

<sup>10</sup> Blönduós. Gamli bærin og Klifamýri - Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Reykjavík 2018; <https://www.blonduos.is/is/frettir/verndarsvaedi-i-byggd-auglysing>. Sótt 30. maí 2018.

## 1. Dreifbýli Blönduósbæjar

Landssvæði það, sem nú myndar dreifbýli Blönduósbæjar, tilheyrði fyrr á tíð og allt fram á síðustu öld tveimur sveitarfélögum, þ.e. Torfalækjarhreppi sunnan Blöndu og Engihlíðarhreppi norðan ár. Kaup- túnið byggðist upphaflega í landi tveggja aðskildra bújarða og hreppa, þ.e. kirkjustaðarins Hjaltabakka í Torfalækjarhreppi og jarðarinnar Ennis í Engihlíðarhreppi. Landið sunnan ár tilheyrði þó fyrrum býl- inu Klifum eða Klifakoti, sem byggðist snemma á öldum suðaustan við Blönduósbæ á bakka Blöndu gegnt Hrútey. Það var í stopulli ábúð allt frá 14. öld og fór endanlega í eyði í byrjun 19. aldar skv. sóknarlýsingu frá 1873, en árið 1952 var stofnsett þarna nýbýlið *Kleifar*.<sup>11</sup>

Með örum vexti þéttbýlisins komu fram óskir um að kljúfa Torfalækjarhrepp og stofna sérstakt sveitarfélag á Blönduósi, Blönduóshrepp, og var sú skipting gerð með bréfi stjórnarráðsins 27. maí 1914. Hreppamörkin að sunnan gagnvart Hjaltabakka voru bein lína úr Draugagili og síðan um melana í Hnjúkabæ, allt að merkjum þeirrar jarðar að neðanverðu og þaðan meðfram merkjum austur í Blöndu við svonefnda Fálkanöf. Þessi mörk voru síðan færð út með kaupum Blönduóshrepps á jörð- inni *Hnjúkum* árið 1931, en þá fylgdi einnig með landspilda, sem áður hafði verið keypt úr landi Köldu- kinnar og lögð undir Hnjúka.<sup>12</sup>

Byggðin utan ár tilheyrði hins vegar áfram Engihlíðarhreppi, svo að árið 1918 óskaði hreppsnefnd Blönduóshrepps eftir því við stjórnarráðið að kaupsútslutarnir yrðu sameinaðir. Um það náðist ekki sátt, en með lögum nr. 15 frá 1. febrúar 1936 var öll Blönduósbyggð beggja vegna ár sameinuð í eitt sveitarfélag og heimilað eignarnám á landi Ennis. Keypti hreppurinn stóra skák af þeirri jörð og skyldu mörkin utan Blöndu vera lína úr Ámundakinn eftir brekkubrúnum í Mógil norðan Blönduósbryggju. Eftir þessi landakaup reiknaðist bæjarlandið beggja vegna ár um 170 hektarar að stærð.<sup>13</sup> Blönduós- hreppur öðlaðist kaupstaðarréttindi og nafnið Blönduósbær 4. júlí 1988, en sameinaðist síðan Engi- hlíðarhreppi 9. júní 2002.<sup>14</sup> Með því var hið víðfeðma dreifbýli norðan og austan Blöndu fært undir hið nýja sveitarfélag, sem áfram nefndist Blönduósbær.

### 1.1 Dreifbýlið sunnan Blöndu

Innan ár eru þrjár bújarðir, þ.e. gamla býlið *Hnjúkar* og nýbýlin *Hnjúkahlíð* og *Kleifar*. Jörðin Hnjúkar dregur nafn af Hnjúkunum ofan við bæjarstæðið, sem enn er sýnilegt sunnarlega í heimatúninu. Jarð- arinnar getur fyrst í kaupbréfi frá 1375 og virðist sem framan af öldum hafi hún verið tvískipt, þ.e. Syðri-Hnjúkar og Ytri- eða Minni-Hnjúkar.<sup>15</sup> Samfelld ábúð var á Hnjúkum til ársins 1964, er býlið fór í eyði, en síðustu ábúendur voru Björn Geirmundsson (1891-1965) og Guðrún J. Þorfinnsdóttir (1895- 1994), sem bjuggu þar frá 1934.<sup>16</sup> Í byrjun síðustu aldar voru öll bæjar- og peningshús á Hnjúkum úr torfi og timbri og voru þessi skv. úttekt, sem gerð var 14. júní 1902: Baðstofa með 7 rúmstæðum, búrhús, eldhús og eldiviðarhús austan við það, göng frá baðstofu til bæjardyra, stofuhús sunnan við bæjardyr, skemma norðan við þær, smiðjuhús og fjós yfir 4 nautgripi.<sup>17</sup> Bærinn var með einu heilþili

<sup>11</sup> Páll V. G. Kolka (1950), s. 186-187; Pétur Sæmundsen (1975), s. 429; *Húnaþing* II, s. 286; *Fornleifaskráning Blönduósbæjar*, s. 11-12 og 32-33. Bæjarstæðið var um hálfan annan kílómetra frá sjó, nærri núverandi Kleifabæ og Fálkanöf á árbakkanum gegnt Hrútey. Tóftir Klifakots voru þó sýnilegar fram yfir miðja síðustu öld, en eru nú að fullu horfnar. Tilgáta er um, að bærinn hafi staðið austan við lágar klettaborgir, sem eru um 230 m vestnorðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Kleifum, þar sem nú eru tóftir geitakofa.

<sup>12</sup> Lýður Björnsson (1979), s. 94-95; *Húnaþing* II, s. 284; Pétur Sæmundsen (1975), s. 429-431; Bragi Guðmundsson (1992), s. 151-152; Jón Torfason (2007), s. 107-109, en þar segir að Blönduóshreppur hafi keypt jörðina 1929.


<sup>13</sup> Lýður Björnsson (1979), s. 94-96; Pétur Sæmundsen (1975), s. 431; Bragi Guðmundsson (1992), s. 153-157; Jón Torfason (2007), s. 111; Jón Eyþórsson (1964), s. 22; Haukur Sigurðsson (1988), s. 217.

<sup>14</sup> Haukur Sigurðsson (1988), s. 217; *Tíminn* 15. mars 1988, s. 7; *Morgunblaðið* 15. mars 1988, s. 44; *Sveitarstjórnarmál* 48. árg., 1. tbl. 1988, s. 62; *Húnavaka* 43. árg. 2003, s. 246.

<sup>15</sup> *Fornleifaskráning Blönduósbæjar* II, s. 46-47.

<sup>16</sup> *Húnaþing* II, s. 284; *Ættir Austur-Húnavetninga* IV, s. 1300-1301.

<sup>17</sup> *Fornleifaskráning Blönduósbæjar* II, s. 49-50, skv. Úttektarbók Torfalækjarhrepps, ópr. handriti í Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.



og hálfpili úr timbri, líklega á baðstofu og stofuhúsi.<sup>18</sup> Árið 1916 voru auk þess á jörðinni gripahús fyrir 150 sauðfjár og 70-80 hross, „flest nýlega byggð og allt allgóð hús“.<sup>19</sup> Um 1940 byggðu ábúendur nýtt íveruhús og rifu gamla bæinn að hluta, en baðstofan og hlóðældhúsið stóðu þó áfram í nokkur ár austan við nýja húsið, sem þannig var lýst í fasteignamati 1942: „Íbúðarhús úr torfi og timbri, ein hæð með risi, kjallaralaust. Torf-veggir á tvo vegu, timburhlið og stafn járnvarið, þak timbursúð, pappi og járn. Stærð 7×3,7 m, vegg hæð 2,6 m, rishæð 0,8 m = 78 m<sup>3</sup>. Gólf og loft úr timbri, skilrúm úr timbri. Í húsinu eru stofa, lítið herbergi og gangur, allt málað, stofa og herbergi, pappklætt. Húsið er nýlega reist og sæmilega gott.“<sup>20</sup>

*Túnakort Hnjúka 1920. Hannes Jónsson.*

Ókunnugt er um þær breytingar, sem síðar voru gerðar á íbúðarhúsi og öðrum húsakosti á Hnjúkum, en rústir og önnur ummerki þeirra voru skráð sumarið 2008 ásamt öðrum fornleifum og búsetuminjum á jörðinni.<sup>21</sup>



*Til vinstri: Íbúðarhúsið á Hnjúkum um 1960. (Ljósmyndasafn Austur-Húnavetninga). Til hægri: Horft til suðurs yfir bæjarstæðið á Hnjúkum 2008. (Fornleifaskráning Blönduósbæjar II, s. 46.)*

*Hnjúkahlið* er nýbýli úr Hnjúkalandi, sem stofnað var árið 1942 af hjónunum Skafta Kristóferssyni (1913-2001) og Helgu Maríu Ólafsdóttur (1915-1982). Þau byggðu þar hús og ræktuðu á árunum 1942-1944 og fluttu í nýbyggt íbúðarhús 1944, en bærinn stendur upp með Svínvetningabraut og vestan undir Hnjúkum. Suðurmerki jarðarinnar eru gegnt Röðli í Torfalækjarhreppi og mynda jafnframt merki Blönduósbæjar og Torfalækjarhrepps (nú Húnavatnshrepps).<sup>22</sup> Býlið fór í eyði árið 2012, en í kafla 3.10 er lýst íbúðarhúsi og fjárhúsi, sem byggð voru á jörðinni 1942-1943 og enn standa.

*Kleifar* eru nýbýli upp með Blöndu, rétt fyrir ofan þéttbýlið og gegnt Hrótey. Til þess var stofnað árið 1952 af hjónunum Kristni Magnússyni (1897-1979) og Ingileif Sæmundsdóttur (1902-1993). Íveru- og útihús á jörðinni eru því byggð 1952 og síðar.<sup>23</sup>

<sup>18</sup> Þf. Manntal 1. desember 1910 (Torfalækjarhreppur).

<sup>19</sup> Fasteignamat 1916-1918 (Blönduóshreppur). <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna-og-jardamat/nr/4>.


<sup>20</sup> Þf. Fasteignamat 1942. BAm/2-4 (Blönduóshreppur); *Fornleifaskráning Blönduósbæjar II*, s. 49, en þar segir reyndar, að undir húsinu hafi verið steinsteyptur kjallari.

<sup>21</sup> *Fornleifaskráningu Blönduósbæjar II*, s. 46-75.

<sup>22</sup> Kristinn Pálsson (1976), s. 20; *Húnaþing II*, s. 285; *Húnavaka* 23. árg. 1983, s. 176-177; 42. árg. 2002, s. 171-172.

<sup>23</sup> Kristinn Pálsson (1976), s. 20; *Húnaþing II*, s. 286.

## Blönduósbær



Kortið sýnir þau býli í dreifbýli Blönduósþéttsofn, sem húsakráningin nær til (TGJ / Loftmyndir ehf.)

## 1.2 Byggðin austan og norðan Blöndu

Dreifbýli Blönduósbæjar austan og norðan Blöndu tilheyrði fyrrum hinum forna Engihlíðarhreppi, en mörk þess gagnvart aðliggjandi sveitarfélögum má sjá á yfirlitskortu hér að framan. Vitneskja er um allt að 50 býli, þ.e. lögbýli, hjáleigur og afbýli, sem verið hafa í ábúð um lengri eða skemmri tíma á þessu landssvæði á síðustu öldum, en sum hver einungis um skamma hríð. Við gerð jarðabókar haustið 1708 voru í Engihlíðarhreppi 25 jarðir í ábúð og 11 býli í eyði.<sup>24</sup> Skv. manntali 1845 var búið á 37 jörðum,<sup>25</sup> 35 árið 1910<sup>26</sup> og 33 árið 1930.<sup>27</sup> Frá því ári hafa samtals 18 jarðir lagst í eyði<sup>28</sup> og þar á meðal allir bæir á Laxárdal. Á móti kemur, að stofnað var til þriggja nýbýla á árabílinu 1937-1969 (Fagranes, Sturluhóll og Skriðuland), svo að innan marka hins gamla Engihlíðarhrepps eru nú (2018) 18 ábýlisjarðir og lögbýli.

Á 15 þessara jarða eru ennþá uppistandandi 44 mannvirki, þ.e. íbúðarhús, geymslur, gripahús, hlöður, verkstæðis- og rafstöðvarhús, sem öll voru byggð á árabílinu 1910-1950. Þessar jarðir eru: **Bakkakot**, **Blöndubakki**, **Breiðavað**, **Efri-Mýrar**, **Enni**, **Fagranes**, **Fremstagil**, **Geitaskarð**, **Holtastaðir**, **Hvammur**, **Kúskeppi**, **Móberg**, **Neðri-Mýrar**, **Síða** og **Sölvabakki**. Á eyðijörðinni **Björnólfsstöðum** standa einnig gömul íbúðar- og rafstöðvarhús úr steinsteypu. Auk alls þessa húsakosts nær húsa-skráningin til **Holtastaðakirkju**, sem byggð var 1893, svo og íbúðarhúss og fjárhúss á eyðijörðinni **Hnjúkahlíð** innan ár, svo að um er að ræða samtals 49 byggingar af fjölbreytilegum toga.



Gamli bærinn á Miðgili í Langadal var meðal þeirra torf- og timburbæja, sem lengst héldu velli í Engihlíðarhreppi. Hann var byggður skömmu fyrir 1900 og rifinn um 1970, en hætt var að búa í bænum þegar jörðin fór í eyði árið 1962. Íbúðarhúsið var svokallað „framhús“ eða „vinkilbygging“ af „Marbælisgerð“ með framhlíð og suðurstaftni úr timbri, en torfveggjum á tvo vegu og torflagdri þekju. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

<sup>24</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII, s. 399-426.

<sup>25</sup> Manntal á Íslandi 1845, s. 79-92. Jafnmörg býli voru skráð í Nýja jarðabók fyrir Ísland (útgefin 1861), þ.e. 31 lögbýli og 6 hjáleigur, en jarðafjöldi miðast þar við miðja öldina.

<sup>26</sup> Þí. Manntal á Íslandi 1. desember 1910.

<sup>27</sup> Þí. Manntal 1. desember 1930.

<sup>28</sup> Þessar jarðir eru (búsetulok innan sviga): Sneis (1934), Litla-Vatnsskarð (1935), Vesturá (1939), Núpsöxl (1942), Illugastaðir (1944), Svangrund (1944), Kirkjuskarð (1945), Mýrakot (1945), Refsstaðir (1945), Holtastaðakot (1946), Ystagil (1950), Úlfagil (1953), Miðgili (1962), Engihlíð (1964), Glaumbær (1968), Vatnahverfi (1970), Neðri-Lækjardalur (1972) og Björnólfsstaðir (1974).

## 2. Húsakönnun

Megintilgangur húsakannana er „að tryggja, að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi sitt, sögu og byggingarlist“.<sup>29</sup> Hér er vísað til þeirra húsa og annarra mannvirkja, sem skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Slík skráning upplýsinga og mat á varðveislugildi einstakra húsa skal fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt eða gefin út leyfi til framkvæmda. Þannig er unnt að taka upplýstar ákvarðanir og marka framtíðarstefnu um húsvernd og umhverfismótun á grunni bestu yfirsýnar um varðveittan byggingararf, staðbundnar byggingarhefðir og húsagerð.

### 2.1 Aðferðafræði og verktilhögun

Þessi húsakönnun byggir á svokallaðri *SAVE-aðferð* (e. Survey of Architectural Values in the Environment), sem beitt hefur verið hér á landi undanfarin ár til að meta og skrá varðveislugildi byggðar og einstakra bygginga. Til leiðsagnar við öflun upplýsinga, úrvinnslu þeirra og gerð varðveislumats eru fyrrnefnd leiðbeiningarrit Húsafriðunarnefndar ríkisins og Minjastofnunar Íslands,<sup>30</sup> en efnisskipan og frágangur einstakra kafla húsakráningarinnar er á hinn bóginn með því sniði, sem höfundar töldu best henta viðfangsefninu. Á það einkum við þá hluta, sem ná til lýsinga á staðhättum, sögu einstakra jarða og horfinna bæjarhúsa.

Eins og áður er lýst, nær þessi húsakönnun til allra bygginga í dreifbýli Blönduósþéttbæjar, þ.e. íbúðarhúsa, Holtastaðakirkju og hverskyns útihúsa, sem byggð voru árið 1950 eða fyrr og enn eru uppi-standandi, eða samtals 49 bygginga. Húsaskrá hversrar bújarðar er með stöðluðu sniði og skiptist í þrjá efnishluta ásamt völdu myndefni: (1) *Staðhættir og saga*, (2) *Horfin bæjarhús* (3) *Húsaskráning og varðveislumat*.

Í fyrsta hluta er stutt kynning á staðhättum, sögu jarðar og ábúendum frá byrjun síðustu aldar til þessa dags. Auk þess er gjarnan getið sýnilegra menningarminja í nánd bæja, sem ásamt gömlum húsakosti auka vægi staðar sem menningarsögulegrar heildar.

Í öðrum hluta er gerð grein fyrir húsakosti í byrjun síðustu aldar, sem nýrri hús leystu af hólmi. Með því er þróun bæjarhúsa á sérhverri jörð sett í sögulegt samhengi, þar sem m.a. má ætla að misjafnt ásigkomulag torfbæja á upphafs skeiði steinsteyppualdar hafi haft sín áhrif á það, hvenær ráðist var í byggingu íbúðar- og útihúsa úr varanlegri efnum á einstöku bæjum. Margvíslegar aðrar aðstæður komu þar vitaskuld við sögu.

Í þriðja hluta birtist hin eiginlega húsaskráning, þar sem gefin er lýsing á þeim varðveittu húsum, sem könnunin nær til skv. tiltækum heimildum. Fyrst er rakin byggingarsaga sérhvers húss og dregnar saman í staðlað form helstu grunnupplýsingar um húsgerð, byggingarefni o.fl., en síðan lagt mat á einstök varðveislugildi með hliðsjón af skráningarstaðli og leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands. Til hagræðis er varðveislumat allra húsa fært saman í eina töflu eða heildstætt yfirlit í 4. kafla. Í því mati skýrsluhöfunda eru einnig gerðar tillögur um frekari aðgerðir, s.s. uppmælingar, nánari rannsóknir, varðveislu og verndun til frambúðar í einhverri mynd.

Víða er leitað fanga við samningu jarða- og húsalýsinga, þar sem byggt er á fjölda prentaðra rita og frumheimilda á borð við fasteignamatsgjörðir og aðrar úttektir. Lýsingar á staðhättum og sögu einstakra jarða eru að mestu leyti byggðar á þremur útgefnum ritum, sem eru þessi: *Föðurtún* eftir Pál V.

<sup>29</sup> *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana [...]*, s. 8.

<sup>30</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson (1996). *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana byggðar á dönsku SAVE-aðferðinni*. Skipulag ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, nóvember 1996, og *Húsaskráning, skráningarstaðall. Húsakönnun*. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 2 (ópr. drög), 2017.

G. Kolka (útg. 1950), *Húnaþing II* (útg. 1978) og *Árbók Ferðafélags Íslands 2007*, „Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda“ eftir Jón Torfason, skjalavörð og fræðimann, sem einnig léði afnot af frumhandriti sínu með margvíslegu ítarefni. Jafnframt er sótt efni í fornleifaskýrslur fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga varðandi þær jarðir, sem skráðar voru 2007-2009.

Upplýsingar um eldri og yngri húsakost eru að mestu sóttar í nokkrar frumheimildir, sem varðveittar eru í Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu og Þjóðskjalasafni Íslands, þ.e. úttektarbækur Engihlíðarhrepps 1877-1923, manntal 1910, skjalasafn Byggingastofnunar landbúnaðarins og fasteignamatsgjörðir árána 1916-1918, 1930 og 1942. Auk þess er byggt á fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 ([www.skra.is](http://www.skra.is)), gömlum og nýjum ljósmyndum og upplýsingum heimildarmanna (þ.e. húseigenda og ábúenda), sem aflað var af Stefáni J.K. Jeppesen með vettvangsskoðun og spurningaeyðublaði haustið 2016. Ennfremur var leitað sérstaklega til þess fólks um yfirlestur einstakra kafla í handriti. Þar átti Valgarður Hilmarsson sveitarstjóri drýgstan hlut, en hann las yfir handritið í heild sinni og veitti ýmsar gagnlegar ábendingar. Eins skal getið Þorgils Magnússonar byggingarfulltrúa, sem veitti ýmislega aðstoð. Engu að síður liggur það fyrir, að víða skortir fyllri upplýsingar um húsakost jarða en tiltækar voru að þessu sinni. Því ber að líta á þessa húsakönnun sem „lifandi plagg“ og „frumútgáfu“ í þeim skilningi, að síðar megi auka við upplýsingum og leiðréttá missagnir með endurbættri útgáfu á rafrænu formi.

Tekið skal fram, að byggingarár einstakra húsa eru stundum á reiki og heimildir misvísandi þar um. Í því efni þótti yfirleitt vænlegast að taka mið af fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018, en geta jafnframt frávika og vafaatriða, þar sem það á við. Flestar eldri ljósmyndir af húsakosti eru varðveittar í Ljósmyndasafni Austur-Húnavatnssýslu, en einnig var leitað hófanna í öðrum myndasöfnum og útgefnum ritum, einkum *Ættum Austur-Húnavetninga* (II. bindi), auk þess sem heimildarmenn létu í té nokkrar myndir. Allar nýjar ljósmyndir voru teknar af Stefáni J. K. Jeppesen haustið 2016 nema annars sé getið.

## 2.2 Mat á varðveislugildi

Mat á varðveislugildi einstakra húsa byggist á tiltækum heimildum, sem lýst er hér að ofan. Sú vitneskja tekur nær eingöngu til ytra útlits húsa og þeirra breytinga, sem vitað er að gerðar hafa verið frá upprunalegri gerð þeirra og svipmóti. Þær breytingar hafa eðlilega áhrif á niðurstöður matsins ásamt ástandi byggingar, sem miðast við ríkjandi aðstæður. Með því er hins vegar hvorki lagður dómur á verðgildi né notagildi einstakra húsa. Eins ber að hafa í huga, að niðurstaða varðveislumats verður seint talin ótvíræð eða byggð til fullnustu á hlutlægu mati, auk þess sem fyllri upplýsingar um einstök gildi byggingar geta hæglega leitt til endurmats á varðveislugildi hennar.

Varðveislugildi hvers húss er metið út frá fimm matsþáttum eða gildum: a) *Byggingarlistarlegu gildi*, b) *menningarsögulegu gildi*, c) *umhverfisgildi*, d) *upprunalegu gildi* og e) *tæknilegu ástandi*. Við skráningu og mat á einstökum þáttum er fylgt sérstökum matslykli og stöðluðum lýsingum, þar sem sjónarmið og gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vega þyngst.<sup>31</sup> Gefin eru töluleg gildi á skalanum 1-9 við röðun húsa í þrjá varðveisluflokka, sem skilgreindir eru þannig:

- *Hátt varðveislugildi*: Friðlýst hús og önnur hús með ótvírætt varðveislugildi.
- *Miðlungs varðveislugildi*: Friðuð hús með lítið eða miðlungs varðveislugildi og önnur hús með miðlungs gildi.
- *Lágt varðveislugildi*: Hús sem ekki falla undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi.

<sup>31</sup> *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana [...]*, s. 19-21; *Húsaskráning, skráningarstaðall. Húsakönnun* (ópr. drög), s. 20.

Helstu viðmið, sem lögð eru til grundvallar einstökum matsþáttum skv. SAVE-aðferðinni, eru þessi:<sup>32</sup>

- Gildi *byggingarlistar* miðast við mat á hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta, samspili forms, efnismeðferðar og notagildis. Lagt er mat á hvort húsið megi teljast gott dæmi um tiltekna húsagerð, byggingarstíl eða höfundarverk hönnuðar. Einnig er metið, hvort húsið er dæmigert eða hafi fágætisgildi.
- Við mat á *menningarsögulegu gildi* er m.a. horft til eftirtalinna þátta: Staðbundinnar byggingarhefðar, húsgerðar og handverks, tiltekinnar stefnu í byggingarlist, tæknilegra nýjunga og efnisvals á byggingartíma, hlutverks og notkunar hússins, svo og tengingar þess við þekktu einstaklinga, sögulega viðburði, sérhæfða starfsemi og atvinnuhætti. Veigamikill þáttur í þessu mati er aldur byggingar, staða hennar í þróun húsagerðar innan byggðar og tenging við önnur hús.
- *Umhverfisgildi* er metið með hliðsjón af nærliggjandi umhverfi og samspili byggingar við önnur hús, staðsetningu hennar og stöðu í landslagi.
- Mat á *upprunalegu gildi* húss tekur mið af því, hvernig upphafleg gerð þess hefur varðveist. Einnig er lagt mat á, hvaða áhrif viðgerðir, viðbyggingar og beytingar hafa haft á gerð og ásýnd hússins og hvort þær veiki eða styrki gildi þess í heild sinni eða ákveðna byggingarhluta.
- Við mat á *tæknilegu ástandi* húss er metið ytra byrði þess og svipmót, þ.e. viðhald og ásigkomulag áberandi byggingarhluta, svo sem útveggja, klæðningar, glugga, þaks og undirstöðu. Tæknilegt ástand hefur þó að jafnaði ekki úrslitaáhrif á varðveislugildi húss.

Ástæða er til að geta þess, að einungis hús með hátt eða miðlungs varðveislugildi eru skilgreind sem byggingar með menningarsögulegt og listrænt gildi og teljast af þeirri ástæðu styrkhæfar úr Húsafriðunarsjóði. Mismunandi verndarstaða friðlýstra, friðaðra og umsagnarskyldra húsa er hins vegar skilgreind í gildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Auk þess er í 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveðið sérstaklega á um vernd einstakra húsa og húsasamstæða með hverfisvernd (sjá nánar 4. kafla).

---

<sup>32</sup> *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana [...]*, s. 20-21; *Húsaskráning, skráningarstaðall. Húsakönnun* (ópr. drög), s. 19-20.


### 3. Húsaskrá

#### 3.1. Bakkakot

##### *Staðhættir og saga*

Bakkakot er þriðja býlið í röð þeirra bæja á Neðribyggð Refasveitar, sem standa með sjónum norður af þéttbýli Blönduósbæjar og vestan Neðribyggðarvegar. Hann var fyrrum þjóðvegurinn út á Skaga og liggur nærri bænum.

Býlið var fyrrum hjáleiga frá Blöndubakka og taldist þriðjungur þeirrar jarðar, eða 3½ hndr. Náði land



þeirra austur að Hólmatvni. Bakkakot stendur á brún langrar og allbratrar brekku, sem liggur nánast um þvert land jarðarinnar, en milli hennar og sjávarbakkans eru ræktuð tún og sléttlendi. Árið 1947 var hálf eyði- og kirkjujörðin Svagrund lögð undir býlið, en hinn hlutinn undir Sölvabakka (sjá kafla 3.18). Víðáttumikið útsýni er frá bæjarstæðinu til allra átta.

*Túnakort Bakkakots 1918. Hannes Jónsson.*

Ábúendur Bakkakots í byrjun 20. aldar (frá 1901) voru hjónin Guðmundur Guðmundsson (d. 1935) og Guðný S. Finnsdóttir (d. 1923), síðar Frímánn Sigurðsson (d. 1924) og Una Inga Benediktsdóttir (d. 1955) og loks Pétur Jónsson (1855-1920), sem bjó þar til æviloka. Var jörðin þá í eigu Vindhælishrepps. Frá árinu 1923, eða í 95 ár, hefur sama ættin í fjóra ættliði búið í Bakkakoti, en það ár fluttust á jörðina Valdimar Ó. Stefánsson (1878-1964) og Anna Á. Guðmannsdóttir (1874-1936). Vorið 1929 hóf þar búskap Guðmann (1906-1988) sonur þeirra og keypti hann síðan jörðina árið 1933.<sup>33</sup> Hann bjó í Bakkakoti til ársins 1972 ásamt eiginkonum sínum, Sigurlaugu Jósefsdóttur (d. 1930) og Laufeyju S. Jónsdóttur (1911-1981). Árið 1969 keypti Valdimar Guðmannsson (f. 1952) Bakkakot og bjó þar til 1996 ásamt konu sinni Ólöfu Pálmadóttur. Næstu ár var jörðin leigð ýmsum, en frá 2000 hafa dóttir þeirra og tengdasonur, Aðalbjörg Valdimarsdóttir og Ragnar H. Sigtryggsson, búið á jörðinni.<sup>34</sup>



*Bæjar- og útihús í Bakkakoti um 1955. Íbúðarhúsið frá Svagrund fyrir miðri mynd. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

<sup>33</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942. BAm/3-2.

<sup>34</sup> Húnavaka 22. árg. 1982, s. 168-169; 29. árg. 1989, s. 195-196; 52. árg. 2012, s. 15-16 og 34.

## Horfin bæjarhús

Fram yfir miðja síðustu öld voru öll bæjar- og útihús í Bakkakoti úr torfi og timbri. Úttektarbækur Engihlíðarhrepps geyma sex lýsingar á þeim, þ.e. frá árunum 1884, 1889, 1908, 1911, 1917 og 1921. Nokkrar breytingar voru gerðar á húsaskipan á þessu árabili og verða þær ekki raktar hér, en látið nægja að staldra við úttektir frá 1884 og 1889. Þá voru bæjarhúsin þessi: *Baðstofa*, 5½ al. á lengd, 4½ al. á breidd og 4½ al. á hæð undir sperrukverk, *búr*, 4¼ al. á lengd og 4 al. á breidd, *eldhús* (áður nefnt *kofi*) að innanverðu við bæjardyr, 3¾ al. á lengd og 3 al. á breidd, *skáli* að norðanverðu við bæjardyr, 6 al. á lengd og 4½ al. á breidd og „framundir húsinu“ hálfþil með fjöggra rúðna glugga, *göng* frá útidyrum til skellidyra, 6½ al. á lengd og 1¾ al. á breidd með standþili við útidyr, *göng* frá skellidyrum til baðstofu, 3 álnir á lengd og rúm alin á breidd, og að síðustu *skot* inn af bæjargöngum milli baðstofu og búrveggja yfir eina kú.<sup>35</sup>

Bærinn sneri tveimur hálfþiljum að hlaði, eins og meðal annars var lýst 1910. Árið 1916 voru bæjarhúsin sögð „fremur lítilfjörleg, byggð úr torfi og timbri, en all vel stæðileg“. Um það leyti lét ábúandi (Pétur Jónsson) innrétta „maskínuhús“ með steinsteyptum reykháfi austan við baðstofuna á sinn kostnað, en 1940 var bæjarhúsum þannig lýst: *Baðstofa*, torfveggir og þak, hálfþimburstafn, skarsúð, alþiljuð, farin að bila. Stærð: 3,8×4×2,2 m = 33 m<sup>3</sup>. *Eldavélarhús* 4×1,8×2 m = 15 m<sup>3</sup>, lítið þiljað, moldargólf. *Búr* með gamalli súð við enda á eldavélarhúsi. Steinveggur á milli 4×2,6×2,1 m = 22 m<sup>3</sup>. *Bæjardyr* og *göng* 19 m<sup>3</sup>. *Skemma* 3,2×3×2,5 m = 24 m<sup>3</sup>, torfhús með hálfþimburstafni. Torfbærinn stóð skammt sunnan við núverandi íbúðarhús og var rifinn skömmu eftir að flutt var úr honum 1959.<sup>36</sup>

## Íbúðarhús

Um 1947 flutti Guðmann Valdimarsson timburíbúðarhúsið í Svagrund á sleða inn að Bakkakoti, rösklega tveggja kílómetra leið. Húsinu var fundinn staður á bæjarhólnum, fast vestan við gömlu baðstofuna. Innangengt var milli húsanna, en timburhúsið þjónaði í senn sem bætt svefnaðstaða heimafólks og verkafólks, sem þar dvaldi á sumrin.



Austurhlíð gamla íbúðarhússins 2016. (Ljósmynd. Stefán J.K. Jeppesen.)

Húsið var byggt í Svagrund um eða skömmu eftir 1930<sup>37</sup> og áfast gamalli torfbaðstofu með timburstafni. Óþekkt er hver byggði húsið, en að byggingu þess stóð sennilega Valdimar Kristjánsson, sem bjó á Svagrund 1933-1944. Húsinu var þannig lýst um 1940: „Timburbaðstofa 5,7×3,8×2,4 m í mitt ris = 52 m<sup>3</sup>. Útveggir: timbur tvöfalt með torfstoppi, járnklætt nema á einn vegg, sem veit að gamalli baðstofu. Þak: járn, lektur, pappi, torf og

súð plægð. Miðstöðvarhitun, 2 ofnar frá eldavél.“ Nánast samhljóða lýsing var gefin á húsinu 5. október 1954, sjö árum eftir að það hafði verið endurbyggt í Bakkakoti.<sup>38</sup>

Húsið er að stofni til einlyft bárujárnklætt timburhús með mænispaki og tvöföldum útveggjum úr timbri, einangruðum með torfi. Það var um 22 m<sup>2</sup> að grunnfleti á steinsteyptum grunni og kjallara-laust. Tveir gluggar voru á vesturhlíð og einn á suðurgafli, en dyr á austurhlíð, þar sem gengið var í

<sup>35</sup> *Hér-A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1877-1889 (7. júní 1884 og 15. maí 1889).

<sup>36</sup> *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 105.

<sup>37</sup> Byggingarár er talið 1930 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018. Húsið er þó trúlega nokkrum árum yngri. Við gerð fasteignamats í Engihlíðarhreppi árið 1930 var var húsið ekki tilgreint og íveruhúsið í Svagrund sagður „torfbær gamall“, sbr. *ÞÍ*. Fasteignamat 1930. 9/1930. BAm/2. Er því líklegt, að húsið hafi verið byggt af Valdimar Kristjánssyni (1891-1974), sem bjó í Svagrund 1933-1944.

<sup>38</sup> *ÞÍ*. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/20 (virðingargjörð pr. 5. okt. 1954).

torfbæinn. Húsið þjónaði sem íveruhús til ársins 1959, er flutt var í nýtt steinhús, sem reist var 1958-1959 skammt fyrir norðan eldra húsið. Í kjölfarið var gamli torfbærinn rifinn og timburhúsinu breytt í fjós með viðbyggingu við norðurgafli. Hún er með sama sniði, gluggalaust og asbestklætt timburhús, tæpir 5 m á lengd, en allt húsið reiknast nú 37,7 m<sup>2</sup> að stærð. Húsið var nýtt sem fjós í allmörg ár, en síðan sem hesthús og fjárhús til 1973. Reykkofi var í hluta hússins til 1975, en eftir það var það nýtt sem geymsla.<sup>39</sup>



Til vinstri sjást norðurgafli og austurhlíð hússins, en til hægri suðurgafli og vesturhlíð. (Ljós. Stefán J.K. Jeppesen.)

Húsið stendur stakt í grösugu túninu, skammt suður af núverandi íbúðarhúsi. Það er mjög illa farið, jafnt að innan sem utan, vegna langrar nýtingar sem gripahús og áratuga vanhírðu. Innréttingar og önnur ummerki innandyrna um upprunalegt hlutverk hússins eru því að miklu leyti horfin. Varðveislugildi þess er því afar lítið.

### Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	Um 1933	
Fyrsti eigandi:	Valdimar Kristjánsson(?)	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Autt og ónotað
Yfirmsiður:	Óþekkt	
Viðbygging:	1968	Húsið var lengt um 5 metra.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur/bárujárn	Óbreytt/asbest	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn, torf	Bárujárn	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	Lengt um 5 m með viðbyggingu 1968.
	Reykháfur	Horfinn	Óþekkt hvenær hann var fjarlægður.
	Stærð	37,7 m <sup>2</sup>	

### Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Fábrotið bárujárnsklætt timburhús í alþýðustíl.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Var nýtt sem íbúðarhús í tæp 30 ár, en síðan sem skepnuhús og geymsla.
Umhverfisgildi:	Lágt	Stendur stakt í heimatúni og er án tengingar við önnur jarðarhús.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Allt tréverk innanhúss er ýmist horfið eða illa farið, svo og gluggar, hurðir og hluti útveggja.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Afar bágborið og verður húsið því tæplega endurgert.
<b>Varðveislugildi:</b>	Lágt	Hefur mjög takmarkað varðveislugildi og er ástand þess afar lélegt.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

<sup>39</sup> Eyðibýli á Íslandi V, s. 105; Stefán Jeppesen (2016); Heim. Valdimar Guðmannsson pr. 18. okt. 2016.

## 3.2 Björnólfsstaðir

### Staðhættir og saga

Björnólfsstaðir standa allhátt og áberandi í bröttu túni nærri fjallsrótum undir Björnólfsstaðahnjúki (555 m) á vesturenda Langadalsfjalls. Jörðin var 12 hndr. að fornu mati, enda sæmilega landrúm og vel gróin. Á svonefndum Tjaldhól niðri við Blöndu, skammt fyrir neðan og utan bæinn, bjuggu eftir



miðja síðustu öld tvær systur í kofa, sem þær nefndu Árbakka. Við ána stóð einnig húsmenskubýlið Jósefs-tóftir, en nú munu þessi mannvirki öll horfin.

*Túnakort Björnólfsstaða 1918. Hannes Jónsson.*

Vorið 1890 hófu búskap á Björnólfsstöðum hjónin Gestur Guðmundsson (1857-1936) og Hólmfríður Bjarnadóttir (1867-1947). Að Gesti látnum í ársbyrjun 1936 tók við jörðinni sonur þeirra, Bjarni Gestsson (1902-1990), sem þá hafði lengi búið félagsbúi með föður sínum og eignast hálfa jörðina 1926 á móti bróður sínum, Birni Leví Gestssyni. Bjarni bjó þar síðan samfleytt til ársins

1974<sup>40</sup> ásamt konu sinni, Ingibjörgu Elimundardóttur (1902-1979), en seldi þá Engihlíðarhreppi jörðina. Hún var síðan í eyði til ársins 2001, en nýtt til hrossabeitar af Hauki Pálssyni, bónda á Röðli í Ásum, sem keypti Björnólfsstaði og Ystagil af hreppnum árið 1974.<sup>41</sup> Jörðin er ennþá í eigu hans, en árið 2001 keyptu Bjarni Guðmundsson og Ingibjörg Thomsen af honum íbúðarhúsið ásamt lóð, sem þau hafa síðan endurbyggt og notað til sumarvalar.<sup>42</sup>



*Horft heim að Björnólfsstöðum um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

### Horfin bæjar- og gripahús

Í úttektarbókum Engihlíðarhrepps eru tvær nánast samhljóða lýsingar á bæjarhúsum á Björnólfsstöðum frá árunum 1883 og 1890, en þá voru húsin þessi: *Baðstofa* 8¼ ál. á lengd, 5¼ á breidd og rúmar 3 álnir á hæð undir sperrukverk með fjórum nýlegum gluggum, *búr* 5¼ ál. á lengd og 4 ál. á breidd með 2 gluggum, *eldhús* 6¼ ál. á lengd og 3¾ ál. á breidd, *bæjardyrögöng* 15 ál. á lengd með

<sup>40</sup> *Tíminn* 74. árg., 144. tbl., 28. júlí 1990, s. 26; *Húnaþing* II, s. 151, og Jón Torfason (2007), s. 117.

<sup>41</sup> *Dagur* 68. árg., 95. tbl., 30. ágúst 1985, s. 8.

<sup>42</sup> *Heim*. Valgarður Hilmarsson 17. maí 2018.

dyrabili að hlaði, skáli 6 ál. á lengd, 4 ál. á breidd og 5 álnir á hæð undir sperrukverk með standpili að hlaði og 6 rúðu glugga, fjós yfir 3 kýr og ranghali til vatns.<sup>43</sup>

Í byrjun síðustu aldar var torfbærinn með þremur heilpilum fram á hlaðið. Meðal bæjarhúsa var baðstofa úr torfi og timbri, 12×7 álnir að stærð með kjallara undir 6 álnum og sögð „sæmileg“ um 1916. Geymslu- og fénaðarhús voru úr sama efni og „vel nothæf“, þ.e. fjós fyrir 4 nautgripi, fjárhús fyrir 16 sauðfjár og hesthús fyrir 16 hross. Þá var nýlega aflögð vatnsmylla, sem Gestur bóndi hafði byggt árið 1900 við bæjarlækinn norðan við bæinn. Í hann var einnig unnt að sækja vatn á vetrum án þess að fara úr húsi, eins og nánar er lýst í þessari frásögn:

Nyrst af bæjarhúsum var fjósið og innangengt í það gegnum eldhús. Frá fjósinu var rangali byggður til lækjarins og þar tekið að vetrinum vatn til notkunar bæði í bæ og fjósi. Í enda rangalans var mylluhús byggt yfir lækinn. Vegna þess hvað lækurinn var vatnslítill, var aldrei malað í myllunni að vetrinum. Ofan við mylluhúsið var byggt uppistöðulón, sem stóð fullt af vatni og notað til vatnsmiðlunar þegar myllan var í gangi og ekki nægilega mikið vatn í læknum. Mylla þessi var eitthvað notuð til heimilisnota fram um 1914.<sup>44</sup>

Árið 1930 var torfbærinn sagður „hrörlegur til rifs“ og var því fljótlega rifinn, enda var þetta sama ár flutt í nýtt og glæsilegt steinhús (sjá síðar). Sömu örlög biðu gömlu gripahúsanna, sem steinsteypt hús leystu af hólmi. Árið 1927 voru byggð fjárhús með járnþaki undir torfi ofan við bæinn. Þau hóstu 160 fjár og voru fyrstu steinsteyptu hús slíkrar gerðar í sýslunni. Um líkt leyti, eða fyrir 1930, var byggð áföst fjárhúshlaða (376 m<sup>3</sup>) með járnþaki og innbyggðri súrheysgryfju, sem þá var nýjung í sveitinni. Sambyggð íbúðarhúsinu voru einnig steinsteypt fjós, heyhlaða (428 m<sup>3</sup>) og votheysgryfja (reist fyrir 1940). Fjósið var með steiptum göflum og járnvörðu skúrþaki og byggt milli hlöðu og íbúðarhúss, svo að innangengt var í fjósið eins og í gamla bænum. Það var 8×3,6×2,5 m að stærð með 6 básum, alþiljuðum gangi og „rúm fyrir meira“.<sup>45</sup> Öll þessi hús stóðu fram yfir síðustu aldamót, en voru að endingu rifin og jöfnuð við jörðu nokkru síðar, svo að nú sjást nánast engin ummerki þeirra.



### Íbúðarhús

Árið 1929<sup>46</sup> var hafin bygging á steinsteyptu íbúðarhúsi á Björnólfsstöðum og flutt í það árið eftir, þótt það væri ekki fullgert. Húsið er 10×8,75 m að grunnfleti,<sup>47</sup> ein hæð, kjallari og portlaust ris með tveimur háum burstum, sem vísa fram á hlaðið og eru tengdar saman með jafnháu mænispaki eða millirisi. Þakið er bárujárnsklætt og á syðri burstinni eru tveir litlir kvistir með skúrþaki, sem vísa mót suðri. Skorsteinn gengur upp úr millirisi og lítill þakgluggi er á sitthvorum þakfleti. Útveggir eru sléttmúraðir að utan og munu hafa verið þannig frágengnir frá upphafi. Eins munu allir gluggar í húsinu

<sup>43</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbækur Engihlíðarhrepps 1877-1889 og 1889-1901 (7. júní 1883 og 17. maí 1890).


<sup>44</sup> Jónas Bjarnason (1991), s. 72-73.

<sup>45</sup> Þf. Fasteignamat 1930 og 1942; *Tíminn* 74. árg., 144. tbl., 28. júlí 1990, s. 26.

<sup>46</sup> Byggingarár hússins er ýmist skráð 1929 ([www.skra.is](http://www.skra.is)) eða 1930 (*Húnaþing II*, s. 151).

<sup>47</sup> Þf. Fasteignamat 1930. Heildarstærð hússins er 265,2 m<sup>2</sup> skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands og 614 m<sup>3</sup> skv. *Húnaþingi II*, s. 151.

hafa verið upphaflega með krosspóstum og fjórum til átta rúðurömmum (sjá mynd). Aðalinngangur í húsið er nánast á miðri vesturhlíð, þar sem gengið er upp steinsteyptar tröppur inn í forstofu og stiga- gang á stofuhæð. Einnig eru útidyr á norðurhlíð kjallara, þar sem fyrrum var innangengt í fjósið norð- an við húsið. Nýleg timburverönd er sunnan og vestan við húsið.<sup>48</sup>



„Tillögu-uppdráttur“ Jóhanns Franklins Kristjánssonar húsameistara frá 1929, sem nýttur var við smíði íbúðarhúsanna á Sveinsstöðum í Þingi og Björnólfsstöðum. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-044 A/5 (nr. 5).)

Í fasteignamat 1942 var húsinu þannig lýst: “Steinhús 10×8,7×[... m]. Tvöfaldir steinveggir með tróðholi. Þak: tvær burstir með millirisi, þvert í sundi, borðasúð, pappi og járn. Loft yfir kjallara steinsteypt með timbri ofan á, nema í einu herbergi. Skilrúm í kjallara og stofuhæð flest steinsteypt, á lofti timbur. Í kjallara eru 6 herbergi og stigagangur og gangur eftir miklu af lengdinni. Á stofuhæð eru 4 herbergi, eldavélarhús, forstofa og salerni. Á lofti eru 5 herbergi, gangur og stigauppganga. Öll eru herbergin á stofuhæð og lofti máluð. Kjallarahæð 2,1 m. Stofuhæð 2,5 m. Rishæð 3,4 m. Rúmmál: Kjallarans 182 m<sup>3</sup>, stofuhæðar 218 m<sup>3</sup> og loftsins 148 m<sup>3</sup>. Vatnsleiðsla, frárennsli, þvottapottur, rafleiðslur, ljósastæði, eldavel og rafofnar.”



Heimilisfólk og gestir á tröppum hússins um 1940. Til hægri má sjá gluggafrágang í kjallara og á stofuhæð. (Ættir Austur-Húnvetninga II, s. 545.)

Húsið var byggt eftir teikningu Jóhanns Franklins Kristjánssonar (1885-1952), húsameistara og forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins.<sup>49</sup> Það er

<sup>48</sup> Stefán Jeppesen (2016); Heim. Bjarni Guðmundsson pr. 18. okt. 2016.

<sup>49</sup> Nánar er fjallað um Jóhann Fr. Kristjánsson í kafla 3.8. Hann sendi teikningu eða „Tillögu-uppdrátt“ til Magnúsar Jónssonar á Sveinsstöðum 2. maí 1929 og var hún einnig nýtt við smíði hússins á Björnólfsstöðum, sbr. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins. Sem byggingarráðu-

í öllum meginatriðum með sama sniði og íbúðarhúsið á Sveinsstöðum í Þingi, jafnt að stærð, formgerð og allri ásýnd. Staðsetning útidyra og forstofuglugga er þó önnur á Björnólfsstöðum, þar sem gerð voru frávik frá teikningu Jóhanns. Að byggingu hússins unnu Ari H. Erlendsson (1879-1934), trésmíðameistari á Móbergi í Langadal, og Björn Leví Gestsson (1889-1973) frá Björnólfsstöðum, sem þá var starfandi húsasmiður í Reykjavík, en áður bóndi á Refsstöðum í Laxárdal. Hann var þá eigandi Björnólfsstaða að hálfu á móti Bjarna bróður sínum, sem einnig vann að byggingu hússins.<sup>50</sup>



Með byggingu fjóss og heyllöðu með háreistum gafli norðan við húsið vissu þrjár reisulegar burstir fram á hlaðið, svo að hlaðsýn á Björnólfsstöðum var nánast spegluð mynd af framhlið bæjarhúsa á Sveinsstöðum í Þingi. Búsetu á Björnólfsstöðum lauk árið 1974. Eftir það stóð húsið autt í hartnær þrjá áratugi „og byrjuðu þá vindar, regn og frost að tálga húsið“<sup>51</sup> uns hafnar voru endurbætur á því af núverandi eigendum um og eftir 2001.

### Íbúðarhús - grunnupplýsingar

Byggingarár:	1929/1930	
Fyrstu eigendur:	Bjarni Gestsson og Ingibjörg Elimundardóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Jóhann Franklín Kristjánsson	Núverandi notkun: Sumarhús
Smiðir:	Ari H. Erlendsson og Björn Leví Gestsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Sléttmúraðir.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	Ýmsar endurbætur gerðar á húsinu frá 2001.
	Kjallari	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kvistir (2)	Óbreytt	Tveir litlir kvistir með einhalla þaki á suðurhlið.
	Stærð	265,2 m <sup>2</sup>	
	Gluggar	Breyttir	Voru upphaflega krosspósta, en hefur nú verið breytt að hluta.
	Reykháfur	Óbreytt	
	Útitröppur	Óbreytt	Steinsteyptar tröppur á vesturhlið.

natur bænda og síðar forstöðumaður Teiknistofu landbúnaðarins (1930-1937) vann Jóhann einkum að hönnun sveitabæja. Hann gerði fleiri húsateikningar af bændaþýlum með líku sniði og á Sveinsstöðum og Björnólfsstöðum, en frá hans hendi eru einnig skólahúsin á Laugum í Reykjadal (1923) og á Hallormsstað (1929), þar sem „gætir áhrifa frá tilraunum með burstabæjarstílinn, sem og í sumum sveitabæjarverka“, sbr. Hörður Ágústsson (2000), s. 366 og 370-371.

<sup>50</sup> Björn Leví Gestsson fluttist til Reykjavíkur frá Refsstöðum 1922 og vann þar um árabíl að húsasmiði, einkum eftir 1935, sbr. *Íslendingaþættir Tímans* 6. árg., 18. tbl., 22. mars 1973, s. 3-4.

<sup>51</sup> Jón Torfason (2007), s. 117.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Reisulegt, sérstætt og vel formað steinsteypuhús í burstabæjarstíl frá 1929/30, teiknað af Jóhanni Fr. Kristjánssyni húsameistara.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er höfundarverk þekkt húsameistara og jafnframt minnisvarði um stórhuga bændur og kunna húsasmiði úr Langadal.
Umhverfisgildi:	Hátt	Stendur hátt í landi og setur sterkan svip á umhverfið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er í meginatriðum óbreytt frá upprunalegu formi.
Tæknilegt ástand:	Gott	Unnið er að endurbótum með það að markmiði að færa húsið sem næst upprunalegu horfi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Hefur mikið varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis gildis og upprunalegs svipmóts.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, en verði auk þess verndað með hverfisvernd í aðal- og/eða deiliskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## Rafstöðvarhús við Ystagilslæk

Áður en flutt var í nýja steinhúsið 1930 hafði Bjarni Gestsson látið reisa sjö kW vatnsaflstöð við Ystagilslæk á merkjum Björnólfsstaða og Ystagils, og leiða þaðan rafmagn í íbúðarhúsið. Rafstöðin var hönnuð af Bjarna Runólfssonar (1891-1938), rafvélasmiði í Hólmi, og var hún að sögn sú fyrsta sinnar tegundar í Húnavatnssýslu.<sup>52</sup> Bróðir hans, Stefán Runólfsson (1903-1961) rafvirki, stjórnaði byggingu rafstöðvarinnar og stóð einnig þetta sumar fyrir byggingu rafstöðva í Hvammi, á Miðgili og Fremstagili í Langadal og á Stóru-Giljá í Þingi.<sup>53</sup> Ystagilslækurinn var stíflaður og vatn leitt í járnörum úr lóninu niður í stöðvarhúsið, um 350 m vegalengd. Fékkst þar um 60 metra fall.<sup>54</sup> Þessi rafstöð dugði vel og lengi, en var að líkindum aflögð um 1970, eða fáum árum áður en Bjarni Gestsson og Ingibjörg Elinmundardóttir fluttu af jörðinni.<sup>55</sup>

Rafstöðvarhúsið stendur í grónu landi, skammt utan við Ystagilslæk, en drjúgan spöl austan og ofan við bæinn á Björnólfsstöðum. Húsið er bersýnilega vel byggt með steinsteyptum veggjum, sem standa um 10 sm upp fyrri þakbrún á göflum, en á húsinu er járnklætt mænispak. Grunnflötur þess er 2,86×2,26 m, mænishæð frá gólfi um 2,55 m og hæð útveggja 1,65 m.<sup>56</sup> Húsið er hið einasta sem eftir stendur af þeim fjórum rafstöðvarhúsum, sem byggð voru í Langadal um 1930.

## Rafstöðvarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1930	Upphafleg notkun:	Rafstöð
Fyrsti eigandi:	Bjarni Gestsson	Núverandi notkun:	Engin
Hönnuður:	Bjarni Runólfsson		
Smiður:	Stefán Runólfsson		
<b>Húsgerð</b>	<b>Upphaflegt</b>	<b>Núverandi</b>	<b>Helstu einkenni/breytingar</b>
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Rafstöðin var aflögð um 1970.
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Stærð:	2,86×2,26 m	Óbreytt	

<sup>52</sup> *Tíminn* 74. árg., 144. tbl., 28. júlí 1990, s. 26.

<sup>53</sup> Árin 1930 og 1931 voru byggðar a.m.k. fimm aðrar rafstöðvar í sveitum Austur-Húnavatnssýslu, þ.e. í Hvammi, á Miðgili og Fremstagili í Langadal, á Stóru-Giljá í Torfalækjarhreppi og Fossum í Svartárdal. Byggingu þessara rafstöðva mun Stefán Runólfsson hafa stjórnað skv. forskrift Bjarna bróður síns. Sjá m.a. *Húnavaká* 15. árg. 1975, s. 13-14; 49. árg. 2009, s. 156; *Húnaþing* II, s. 453-454; Anna Árnadóttir (1992), s. 117; Jónas B. Jónsson, 1982, s. 64-65; Jón Torfason (2007), s. 74. Frá því segir í *Morgunblaðinu* 3. jan. 1932 (s. 6), að settar hafi verið upp rafstöðvar „á 4 stöðum í hjeradinu af Stefáni Runólfssyni raffræðing. Þær eru á Fossum í Svartárdal, Fremstagili og Miðgili í Langadal og á Blönduósi“.

<sup>54</sup> Jón Torfason (2007), s. 118; *Heim*. Þorgils Magnússon pr. 7. júní 2018.

<sup>55</sup> *Heim*. Valgarður Hilmarsson 17. maí 2018.

<sup>56</sup> *Heim*. Þorgils Magnússon pr. 7. júní 2018.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Lítið og látlaust steinsteypuhús með mænispaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er hið einasta sem varðveitt er af þeim fjórum rafstöðvarhúsum, sem byggð voru í Langadal um 1930, skv. forsoðgn Stefáns og Bjarna Runólfssona.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur stakt og fellur vel að grónu og fögru umhverfi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er með öllu óbreytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ásigkomulagi miðað við aldur og aðstæður.
<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi í menningarsögulegu tilliti.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, en auk þess verndað með hverfisvernd í aðalskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Rafstöðvarhúsið og leifarnar af stíflumannvirkjum í Ystagilslæk. (Ljós.: Þorgils Magnússon, 7. júní 2018.)




Horft frá rafstöðvarhúsinu við Ystagilslæk til norðvesturs eftir Langadal og Engihlíðarhreppi í átt til Strandafjalla. Bærinn á Björnólfsstöðum á vinstri hönd, en efst til vinstri djarfar fyrir byggðinni á Blönduósi. (Ljós.: Þorgils Magnússon, 7. júní 2018.)

### 3.3 Blöndubakki

#### Staðhættir og saga

Blöndubakki er syðstur eða innstur svonefndra Bakkabæja á Neðribyggð og stendur nokkurn spöl norðan við Enni. Suðurmörk jarðarinnar við sjóinn eru við Mógil, þar sem mörk Blönduós- og Engihlíðarhreppa voru sett árið 1936 við kaup hins fyrrnefnda á jörðinni Enni. Bærinn stendur á fornum malarhjalla nærri sjávarbakkanum og rétt vestan við Neðribyggðarveg, en sunnan við gamla íbúðarhúsið er alldjúpt dalverpi, Blöndubakkadalur. Frá bænum er útsýni mikið vestur yfir Húnaflóa til Strandafjalla eins og frá öðrum Bakkabæjum.



Túnakort Blöndubakka 1918. Hannes Jónsson.

Framan af síðustu öld var jörðin í eigu Engihlíðarhrepps, sem keypti hana árið 1904 af Einari Jónssyni, er þó bjó þar til 1913. Næstu árin bjuggu þar ýmsir leiguliðar, m.a. hjónin Agnar Bragi Guðmundsson (1875-1953) og Guðrún Sigurðardóttir (1878-1947), sem fluttu þangað frá Fremstagili 1923 og bjuggu þar til 1933.<sup>57</sup> Nokkru fyrr, eða árið 1930, keypti jörðina Guðmundur Pétursson (1897-1987), sem „setti þar upp fjárbú, ræktaði landið, reisti ný peningshús og byggði íbúðarhús úr steini 1935“. Guðmundur var ókvæntur og stundaði jafnan sjó á vetrum, en „hafði bónda með sér á jörðinni, sem hafði nytjar fyrir sig og sitt heimili“ og hirti fé Guðmundar. Við þessi kjör bjuggu hjónin Sveinn Kristófersson (1897-1991) og Teitný Guðmundsdóttir (1904-2000) uns Guðmundur seldi Blöndubakka 1944.<sup>58</sup> Þá tóku við jörðinni Ásgeir K. Blöndal (1908-1968) bifreiðarstjóri og Steinunn G. Blöndal (1908-1996), en síðan dóttir þeirra Jóhanna Rósa Blöndal (f. 1947) og Sigurður Sigurðsson (1934-1999) frá 1967 til 1986 og býr Jóhanna þar enn.<sup>59</sup>



Til vinstri: Steinhúsið á Blöndubakka um 1940. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 548.) Til hægri vestur- og suðurhliðar hússins, sennilega eftir 1950. (Eigandi: Jóhanna Rósa Blöndal.)

#### Horfin bæjar- og gripahús

Fram til ársins 1935, er nýja íbúðarhúsið var byggt, voru öll bæjar- og útihús á Blöndubakka úr torfi og timbri, en úttektarbækur hreppsins geyma fjórar úttektir af þeim frá árunum 1880, 1887, 1905 og 1913. Árið 1880 voru talin þessi bæjarhús: *Baðstofa* í 2 stafgólum, 6½ al. á lengd og 5 álnir á breidd innan veggja, *búr* 8 álnir á lengd og 3½ al. á breidd, *eldhús* 4 álnir á lengd og 3 álnir á breidd, *göng* frá

<sup>57</sup> *Morgunblaðið* 40. árg., 284. tbl., 11. des. 1953, s. 11.

<sup>58</sup> *Húnavaka* 28. árg. 1988, s. 219; 32. árg. 1992, s. 227-228, 41. árg. 2001, s. 167-168.

<sup>59</sup> *Húnavaka* 37. árg. 1997, s. 180-181; 40. árg. 2000, s. 179-180.

búrdyrum til eldhússdyra 7 álnir á lengd og manngeng á hæð og breidd, göng frá eldhúsdryum innanvert til útidyra, 7½ al. á lengd og 2 álnir á breidd og fyrir þeim lítið slagþil, smiðjukofi 3½ al. á lengd og 2¾ al. á breidd, en inngangur var úr smiðjunni í eldhúsið, fjós yfir 4 kýr, ranghali „fram af fjósinu með hurð fyrir útidryum“ og skemma 7 álnir á lengd og 3½ al. á breidd, en fyrir henni var gamalt standþil með vindskeiðum og aurslá.<sup>60</sup>

Í aldarbyrjun var bærinn með heilþili og einu hálfþili, sem sneru að hlaði, en um það leyti var byggð önnur baðstofa, sem nefnd var „aðalbaðstofa“ og þótti gott hús með steiptum reykháfi, 5½ alin á lengd og jöfn að breidd.<sup>61</sup> Eldri baðstofan stóð þó áfram, svo og önnur hús, en árið 1916 var þeim þannig lýst: „Bæjarhús gömul, flest smá og verðlítill, byggð úr torfi og timbri.“ Peningshúsin þóttu hins vegar stæðileg og rúmuðu 3 nautgripi, 70-80 fjár og 6 hross. Yngri baðstofan, sem var norðan við nýja íbúðarhúsið, stóð þó fram yfir 1940 ásamt búri, hlóðældhúsi og gangi, og gripahúsin sennilega fram yfir 1950, er steinsteipt gripahús voru byggð vestan við íbúðarhúsið og Blöndubakkadal. Þau hús voru byggð 1952-1955 og 1975, en standa nú ónotuð, þar sem búrekstur er aflagður á jörðinni.

### Íbúðarhús

Guðmundur Pétursson lét byggja steinsteipt íbúðarhús sunnan við gamla torfbæinn árin 1935-1936.<sup>62</sup> Aðalsmiður við byggingu hússins var Brynjólfur Lýðsson (1875-1970), bóndi og smiður í Ytri-Ey í Vindhælishreppi, kunnur hagleiksmaður á sinni tíð.<sup>63</sup>



Ásýnd Blöndubakka um 1978 og 2016 frá sama sjónarhorni. (Ljómýndasafn A-Hún. / Ljósm. Stefán J.K. Jeppesen.)

Húsinu var þannig lýst í fasteignamati 1942: „Steinhús 9,8×7,7×2,6 m, ein hæð með skúrrisi, lítill kjallari. Útveggir steinsteiptir einfaldir með timbur innan og torfstoppi. Þak: borðasúð, pappi og járn. Slegið neðan á og stoppað með torfi. Í húsinu eru 3 íveruherbergi og eldhús, búr, geymslukompa og forstofa. Herbergin veggfóðruð og máluð. Vatnsleiðsla frá dælu. Miðstöðvarhitun frá katli, frárennsli. Kjallari undir parti 4×2×2,1 m = 17 m<sup>3</sup>. Stofuhæð 2,5 m = 190 m<sup>3</sup>.“ Haustið 1967 var húsinu lýst í virðingargjörð með nokkuð öðrum hætti. Það mældist 9,75×7,75 m að utanmáli, ein hæð með kjallara „á parti“, 5×3 álnir. Öll gólf voru úr timbri nema steinsteipt í eldhúsi og veggir þar múraðir, annars klæddir innan með þiljum. Á stofuhæð voru 6 herbergi með 2,50 m lofthæð.<sup>64</sup>

Húsið heldur í megindráttum upphaflegri gerð og ásýnd. Það er á einni hæð með afar lágreistu mænispaki, 84,6 m<sup>2</sup> og 167 m<sup>3</sup> að stærð. Skömmu eftir byggingu þess var reistur lítill inngangsskúr úr

<sup>60</sup> *Hér. A-Hún.* Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1877-1889 (4. maí 1880).

<sup>61</sup> *Hér. A-Hún.* Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1901-1923 (2. júní 1905 og 23. maí 1913).

<sup>62</sup> Byggingarár hússins er skráð 1936 í *Húnaþingi II*, s. 163, og fasteignaskrá Þjóðskrá Íslands 2018, en 1935 í minningargrein um Guðmund Pétursson í *Húnavöku* 28. árg. 1988, s. 219. Í virðingargjörð dags. 30. sept. 1967 er húsið talið byggt „um 1935-36“, sbr. *ÞÍ.* Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/30.

<sup>63</sup> *Húnavaka* 11. árg. 1971, s. 193.

<sup>64</sup> *ÞÍ.* Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/30.

timbri við útidyr. Í hans stað var reist bárujárnsklædd timburviðbygging með skúrþaki 1977-1978,<sup>65</sup> sem hýsir forstofu og baðherbergi. Árið 1985 var skipt um þakjárn á húsinu og allir gluggar endurnýjaðir ásamt útidyrum.<sup>66</sup> Um það leyti var steinsteyptur reykháfur fjarlægður. Gluggasetningu var þá einnig gjörbreytt, því að áður voru í húsinu krosspósta gluggar, ýmist ein- eða tvíþósta með römmum. Húsið er í góðu ásigkomulagi og umhverfis það er garður með trjágróðri.



### Íbúðarhús - grunnupplýsingar

Byggingarár:	1935	Upphafleg notkun:	Íbúðarhús
Fyrsti eigandi:	Guðmundur Pétursson	Núverandi notkun:	Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt		
Yfirsmiður:	Brynjólfur Lýðsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Lágt mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	1985: Bárujárn var endurnýjað.
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð	84,6 m <sup>2</sup>	
	Reykháfur	Horfinn	Var brotinn niður um 1985.
	Inngangsskúr	Breyttur	1982-1983 var reist ný bárujárnsklædd viðbygging úr tré með skúrþaki fyrir forstofu og baðherbergi.
	Gluggar	Breyttir	Voru upphaflega með tvíþóstum og fögum; allir endurnýjaðir 1985 og eru nú flestir einþósta með opnanlegu fagi.

### Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlung	Einfalt steinsteyptuhús með fábrotnu sniði, sem á sér ekki hliðstæðu í dreifbýli Blönduósþéttbæjar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Húsið er byggt af Brynjólfi Lýðssyni og hefur alltaf þjónað sem íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið sómir sér vel á bæjarstæðinu og er snyrtilega umgengið.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Húsið er í meginatriðum óbreytt frá upprunalegri gerð að gluggum undanskildum.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu ástandi og er því vel við haldið.
<b>Varðveislugildi:</b>	Miðlung	Hefur talsvert varðveislugildi vegna sérstöðu sinnar og umhverfis- og upprunalegs gildis.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.


<sup>65</sup> Heim. Jóhanna R. Blöndal pr. 10. maí 2018.

<sup>66</sup> Stefán Jeppesen (2016); Heim. Jóhanna R. Blöndal pr. 18. okt. 2016.

### 3.4 Breiðavað

#### Staðhættir og saga

Breiðavað er nyrsti bær í Langadal og stendur í brekkurótum, sunnan Breiðavaðslækjar. Bærinn rís hátt í landi og er víðsýni frá honum austur yfir dalinn og vestur á Húnaþing. Á mörkum jarðarinnar og Björnólfsstaða er Hrafnsseyrarvað á Blöndu, sem líklega nefndist fyrrum Breiðavað og bærinn við kenndur. Þar lá þjóðleiðin um aldir og aðalkaupstaðarleiðin framan úr héraðinu út á Skagaströnd uns



brúin kom á Blöndu 1897. Jarðarinnar getur fyrst í bréfi frá 1507, en hún var 50 hundruð að fornu mati og fylgdu henni fyrrum a.m.k. þrjú hjáleigukot, þ.e. Þórdísarkot, Breiðavaðskot og Breiðavaðssel, sem ennþá sjást leifar af. Bænhús eða hálfkirkja var á Breiðavaði á miðöldum og getur guðshúss þar fyrst um 1394, en var löngu aflagt í byrjun 18. aldar. Meint bænhústóft er upp af núverandi íbúðarhúsi.<sup>67</sup>

*Túnakort Breiðavaðs 1918. Hannes Jónsson.*

Ábúendur á Breiðavaði í byrjun síðustu aldar voru hjónin Einar Árnason (1840-1922) og Kristjana Kristófersdóttir (1845-1926), sem bjuggu þar til dauðadags og síðan lengi þrír synir þeirra, allir ókvæntir, þ.e. Árni, Sveinn og Kristófer (d. 1938). Árið 1923 hófu búskap á hluta jarðarinnar Sigríður Kristófersdóttir (1900-1982) og Haraldur Guðbrandsson (1899-1976). Eftir skilnað þeirra um 1930 bjó Sigríður áfram á jörðinni með föður sínum, föðurbræðrum og syni, Einari Haraldssyni (1925-1983), fram um 1945, en hún lét af búskap, en síðan bjó þar Einar ásamt konu sinni Ólínu G. Hjartardóttur til ársins 1949. Þá tóku við jörðinni Sigfús H. Bjarnason (1897-1979) og Jóhanna Erlendsdóttir (1905-1979), sem bjuggu á Breiðavaði til 1963. Þá hófu þar búskap Frímánn Hilmarsson (1939-2009) og Guðrún Á. Blöndal (f. 1941), sem bjuggu þar saman til 1983 og hún síðan með Kristjáni syni þeirra (1967-1999) og tengdadóttur, Stefaníu Egilsdóttur (f. 1967), sem nú býr á Breiðavaði ásamt seinni manni sínum, Þórarni Bjarka Benediktssyni (f. 1974).<sup>68</sup>

#### Horfin bæjarhús

Eins og sjá má á túnakorti frá 1918 stóðu gömlu bæjarhúsin á lágum vallengishól efst í túninu, sunnan Breiðavaðslækjar, „nálega þar sem eldra íbúðarhúsið á Breiðavaði er nú, en náði lengra til norðausturs“. Elsti hluti þessa bæjar, þ.e. baðstofan, var að sögn byggður af Jóhannesi Jónssyni (1757-1841), en yngri húsin af syni hans, Jónasi Jóhannessyni hreppstjóra (1801-1865) um miðja 19. öld. Enn eru sýnilegar nokkrar leifar bæjarins, s.s. við norðausturhorn gamla íbúðarhússins.<sup>69</sup>

Um 1910 var bærinn sagður með þremur heilpiljum og einu hálfpili, en um 1916 voru bæjarhúsin sögð „öll gömul og mörg léleg, byggð úr torfi og timbri“. Ágæt lýsing af bænum er skráð í örnefnalýsingu jarðarinnar og segir þar meðal annars, að tvær skemmur hafi staðið norðast í húsaröðinni með smárétt á milli. Lýsingin er annars svohljóðandi:



<sup>67</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII, s. 409-410; Húnaþing II, s. 152; Fornleifaskráning Blönduósbæjar II, s. 149, 152, 180 og 189; Jón Torfason (2007), s. 116-117; Páll V. G. Kolka (1950), s. 68-69; Húnavaka 8. árg. 1968, s. 64.

<sup>68</sup> Húnavaka 20. árg. 1980, s. 165; 24. árg. 1984, s. 170; 38. árg. 1998, s. 166-167; 40. árg. 2000, s. 160-161; 50. árg. 2010, s. 184-185.

<sup>69</sup> Sjá nánar Fornleifaskráning Blönduósbæjar II, s. 152.

Bæjardyr og skemmurnar voru með tréþiljum móti vestri. Inn af bæjardyrum voru allbreið torfgöng, sem lágu beint að búri og hlóðældhúsi, austast í húsapýrpingunum. Eldhúsið var fyrir enda ganganna, en búrið til hægri handar, þegar inn var gengið. Um mið göngin, til hægri handar, var gengið inn í baðstofuna, upp fjórar lágur tröppur. Baðstofan var þrjú stafgólf, þriggja álna. Hún var alþiljuð og með skar-súð. Gluggi var á henni mót suðri, - hann var í hálfþili; hann var fjöggra rúðna. Tveir smágluggar voru mót norðvestri, neðst við súð. Norðasta stafgólfið var að nokkru afþiljað og var gluggi upp undir súð móti norðvestri. Beint á móti inngangi í baðstofuna var gengið inn í svokallaða gömlu baðstofu, sem var algerlega óþiljuð og sperrureist með röftum og hrístróði.<sup>70</sup>

Í lok þessarar lýsingar segir ennfremur: „Búið var í þessum bæ fram undir 1937.“ Þetta er athyglisvert og kemur heim við aðra frásögn, sem staðfestir að steinsteypta íbúðarhúsið var byggt nokkru fyrir en aðrar heimildir greina. Þar segir, að haustið 1938 hafi verið „flutt í nýtt hús, sem hafði verið í smíðum á Breiðavaði“.<sup>71</sup>



Sigríður Kristófersdóttir stendur við útidyr, en til vinstri sjást leifar gamla bæjarins. Á myndinni til hægri, sem var trúlega tekin um 1950, sést lítill inngangsskúr við norðurhlíð hússins, þar sem síðar var reist véla- og verkfærageymsla. (Ættir Austur-Húnavtinga II, s. 551 og 553.)

## Íbúðarhús

Sigríður Kristófersdóttir bóndi lét byggja nýja íbúðarhúsið, sem flutt var í haustið 1938.<sup>72</sup> Húsið var teiknað af Þóri Baldvinsyni (1901-1986), arkitekt hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en hann teiknaði



einnig íbúðarhúsið í Fagranesi, sem er áþekkrar gerðar. Yfirsmiður var Brynjólfur Lýðsson (1875-1970), bóndi og smiður í Ytri-Ey í Vindhælis-hreppi, sem byggði mörg hús í sýslunni á þessum árum.<sup>73</sup>

*Horft heim að Breiðavaði frá Þjóðvegi um 1978. Þá stóðu enn gömul gripahús fast norðan við íbúðarhúsið. Norðan við bæjarlækinn standa yngri útihús. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

Húsinu var þannig lýst í fasteignamati 1942, en lýsingin miðast við árið 1940: „Íbúðarhús 8,8×7,7 [...]. Steinveggir tvöfaldir með torftróði. Valmaþak: súð, pappi og járn. Timburgólf á stofuhæð að mestu tvöföld, kjallaragólf steipt. Steinskilrúm nema eitt á hvorri hæð. Í kjallara 5 herbergi, gangur langs og stigagangur svo og salerni. Á stofuhæð 5 herbergi, stigagangur og forstofa.

Á stofuhæð 5 herbergi, stigagangur og forstofa.

<sup>70</sup> Fornleifaskráning Blönduósbæjar II, s. 152.

<sup>71</sup> Ingibjörg Karlsdóttir (2006), s. 155. Árið 1938 réðst Ingibjörg vinnukona að Breiðavaði með árgamla dóttur sína og var um haustið „látin vera áfram í gamla bænum með barnið [...] látin taka upp eldinn því að eldhúsið í nýja húsinu var ekki tilbúið“.

<sup>72</sup> Byggingarár þess er þó skráð 1940 sbr. *Húnaþing* II, s. 152, og fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 (www.skra.is), en í skjölum Byggingastofnunar landbúnaðarins eru uppdættir árssettir 1938 (2005 A/39 og 2005-044 BB/9 (nr. 373).

<sup>73</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Stefánía Egilsdóttir pr. 10. nóv. 2016.




Öll máluð og frágengin. Eldhús í kjallara. Miðstöð, vatnsleiðsla, frárennsli og suðu-pottur. Kjallarinn: hæð 2,2 m = 150 m<sup>3</sup>. Stofuhæðin: hæð 2,5 m = 170 m<sup>3</sup>.“

*Suður- og austurhliðar hússins og viðbyggð véla- og verkfærageymsla við norðurhlið. Til vinstri er nýja íbúðarhúsið frá 1981. (Ljósm. Stefán J.K. Jeppesen, 2016.)*

Húsið er nærri ferningslaga steinsteypt hús í funkisstíl á tveimur hæðum með kjallara, lágu bárujárnsklæddu valmaþaki, steypum

þakkanti og reykháfi. Það er 68 m<sup>2</sup> að grunnfleti og heild-arstærð þess 135,5 m<sup>2</sup> og 343 m<sup>3</sup>. Það stendur á gamla bæjarstæðinu, eins og fyrr er lýst. Eldur kom upp í húsinu laugardaginn 16.



nóvember 1963, trúlega út frá eldavél í kjallara. Brann allt sem brunnið gat innan dyra.<sup>74</sup> Hafist var þegar handa við endur-byggingu hússins og var henni að fullu lokið í apríl-byrjun árið eftir.<sup>75</sup>

*Uppdrættir Teiknistofu landbúnaðarins (Þóris Baldvinssonar) að húsinu á Breiðavaði. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-044 BB/9 (nr. 373).)*

Hætt var að búa í húsinu árið 1981,<sup>76</sup> þegar flutt var

í núverandi íbúðarhús, sem byggt var vestur af gamla húsinu og nær þjóðvegi. Húsið er tiltölulega lítið breytt frá upphaflegri gerð. Flestir gluggar hafa þó verið endurnýjaðir og formi þeirra breytt, þar sem fleirpósta gluggum hefur verið skipt út fyrir einpósta glugga. Steinsteyptar útidyratröppur að vestanverðu voru einnig stækkaðar fljótlega eftir byggingu hússins og lítill inngangsskúr við norðurhlið fjarlægður, þegar stór og steinsteypt véla- og verkfærageymsla var reist einhvern tíma á 6. áratugnum, áföst húsinu.



<sup>74</sup> *Tíminn* 47. árg., 245. tbl., 19. nóv. 1963, s. 3; *Dagur* 46. árg., 67. tbl., 20. nóv. 1963, s. 8.

<sup>75</sup> Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/39 (7. apríl 1964).

<sup>76</sup> Skv. *Eyðibýli á Íslandi* V, s. 106, var hætt að búa í húsinu 1983.

## Íbúðarhús - grunnupplýsingar

Byggingarár: 1937-1938  
Fyrsti eigandi: Sigríður Kristófersdóttir  
Hönnuður: Þórir Baldvinsson – Teiknistofa landbúnaðarins  
Yfirsmiður: Brynjólfur Lýðsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús til 1981.

Núverandi notkun: Geymsla

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Valmaþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Kjallari	Óbreytt
	Stærð	135,5 m <sup>2</sup>
	Reykháfur	Óbreytt
	Inngangsskúr	Horfinn
	Útiröppur	Breyttar
	Gluggar	Breyttir

### Helstu einkenni/breytingar

Virðast traustir, en múrhúð mjög sprungin og veðruð, einkum kringum glugga.

Þakið er víða að falli komið, svo að beinlínis stafar hætta af. Bárujárn er lélegt, einkum að norðaustanverðu.

Húsið er 68 m<sup>2</sup> að grunnfleti.

Var upphaflega við norðurhlið, en vék trúlega upp úr 1950 við byggingu véla- og verkfærageymslu.

Upphaflegum tröppum hefur verið breytt.

Voru upphaflega fleirpósta; eru nú flestir með einum lóðréttum pósti og opnanlegu fagi. Karmar, hurðir og þak var málað í dökk-rauðum lit.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Miðlungs

Húsið er í funkisstíl, teiknað af Þóri Baldvinsyni arkitekt og smíðað af Brynjólfi Lýðssyni.

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Húsið á sér aðeins um 40 ára sögu sem íveruhús.

Umhverfisgildi: Hátt

Húsið er reisulegt, sómir sér einkar vel á gamla bæjarstæðinu og setur svip á umhverfið. Með endurgerð þess og snyrtingu nánasta umhverfis yrði húsið staðarprýði.

Upprunalegt gildi: Hátt

Húsið er í meginatriðum óbreytt frá upprunalegu formi.

Tæknilegt ástand: Lélegt

Húsið er í fremur lélegu ástandi, enda er viðhald þess og nánasta umhverfis ekkert. Húsið þarfnast því viðgerðar, eigi það að verða íveruhæft að nýju.

Varðveislugildi: Miðlungs

Ákjósanlegt væri að húsið yrði endurbyggt sem íveruhús eða gistirými fyrir ferðafólk. Yrði þó afar kostnaðarsöm framkvæmd.

Niðurstaða varðveislumats:

Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.



## Véla- og verkfærageymsla

Húsið er að hluta til áfast norðurhlíð íbúðarhússins, 59,4 m<sup>2</sup> og 129 m<sup>3</sup> að stærð. Það er steinsteyppt með skúrþaki, sem hallar til norðurs, en gavlveggir steypdir upp fyrir þakbrún. Húsið er talið byggt árið 1940,<sup>77</sup> en það er augljóslega rangt, enda getur þess ekki í fasteignamati 1942 og var óbyggt um 1950, sbr. ljósmynd hér að ofan. Mun húsið því hafa verið byggt einhvern tíma á 6. áratugnum af Sigfúsi H. Bjarnasyni, en þar sem óvissa er um aldur þess fylgir það með í þessari húsaskráningu.

## Véla- og verkfærageymsla - grunnupplýsingar

Byggingarár:	1950-1960	
Fyrsti eigandi:	Sigfús H. Bjarnason	Upphafleg notkun: Véla- og verkfærageymsla
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Geymsla
Yfirsmiður:	Óþekkt	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypdir	Óbreytt	Gavlveggir steypdir upp fyrir þakbrún.
Þakgerð:	Skúrþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteyppt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Stærð	59,4 m <sup>2</sup>	

## Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefur ekkert listrænt eða byggingarsögulegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekkert menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er illa staðsett með tilliti til íbúðarhússins og spillir ásýnd þess.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist að mestu leyti vera í upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er í slæmu ástandi og litlu eða engu viðhaldi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Lágt	Húsið hefur afar takmarkað varðveislugildi.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað um leið og íbúðarhúsið.

<sup>77</sup> Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 ([www.skra.is](http://www.skra.is)).

### 3.5 Efri-Mýrar

#### Staðhættir og saga

Jörðin Efri-Mýrar er einn þeirra bæja á Efribyggð Refasveitar, sem standa norðan undir Mýrafjalli og norðurenda Langadalsfjalls. Þaðan rennur Mýralækur í Laxá, sem liggur á mörkum Engihlíðar- og Vindhælishreppa, en lækurinn skilur að lönd Efri- og Neðri-Mýra, sem liggja nánast samtýnis. Austan



bæjanna opnast Laxárdalur til suðurs. Efri-Mýrar voru 20 hundraða jörð að fornu mati, en árið 1961 var stofnað nýbýlið Sturluhóll úr landi jarðarinnar. Bæjarstæði Efri-Mýra er ofarlega í flatlendu túni vestan Mýralækjar, en gömul útihús standa suðaustur frá íbúðarhúsinu og nær læknum.

*Túnakort Efri-Mýra 1918. Hannes Jónsson.*

Jörðin var eign Höskuldsstaðakirkju til ársins 1922, er hún var seld ungum hjónum, Bjarna Ó. Frímannssyni (1897-1987) og Ragnhildi Þórarinsdóttur (1900-1976), þá búsettum í Hvammi í Langadal. Þau fluttu á jörðina vorið 1923 og bjuggu þar í 51 ár, eða til vors 1974. Áður var jörðin setin leiguliðum, sem voru hjónin Eggert Jónsson

Levy (1875-1953) og Ögn Guðmannsdóttir Levy (1877-1955) frá 1900 til 1904 og síðar Valdimar Stefánsson (1878-1964) og Anna Guðmannsdóttir (1875-1936) frá 1904 til 1923. Frá 1974 til 1980 bjuggu á jörðinni Björn Gunnarsson (1942-2013) og Klara Gestsdóttir (1942-1993), síðan Gísli Jóhannes Grímsson (f. 1950) og Halla Jökulsdóttir (1952-2016) frá 1980 til 2008 og Þorlákur S. Sveinsson (f. 1972) og Guðrún Rut Hreiðarsdóttir (f. 1974) frá 2008.<sup>78</sup>



*Steinhúsið á Efri-Mýrum, sem brann 15. febrúar 1976, eldri hluti hússins til hægri með reykháfi og útidyraskúr. (Ættir Austur-Húnvetninga II, s. 557 / Ljósmyndasafn A-Hún.)*

#### Horfin bæjarhús

Á árabílinu 1883 til 1904 eru skráðar alls 8 úttektir á bæjarhúsum á Efri-Mýrum í úttektarbækur Engihlíðarhrepps. Þennan tíma hélst húsaskipan nánast óbreytt og voru bæjarhús þessi: *Baðstofa* 10 álnir á lengd, 6 álnir á breidd og hæð undir sperrukverk rúmar 4 álnir, gólfbyggð með 10 stöfum, reisifjöl og fjórum gluggum, *búr* 3½ al. á lengd, 3½ al. á breidd og 3½ al. á hæð með tveimur gluggum, *eldhús* 8¼ al. á lengd, 5¼ al. á breidd og 3¾ al. á hæð með tveimur gluggum, *göng* frá baðstofu til bæjardyra, sem lágu í krók gegnt búrdyrum, 9 álnir á lengd og 2 álnir á breidd með þili og vindskeiðum að hlaði,

<sup>78</sup> *Húnavaka* 28. árg. 1988, s. 199-201; Valgerður Bjarnadóttir (2000), s. 102; *Tíminn* 37. árg., 284. tbl., 13. des. 1953, s. 8; *Tíminn* 41. árg., 59. tbl., 12. mars 1957, s. 8; *Morgunblaðið* 101. árg., 290. tbl., 13. des. 2013, s. 37.

skemma með standþili, aurslá og vindskeiðum, 5 álnir á lengd,  $4\frac{3}{4}$  al. á breidd og  $2\frac{3}{4}$  al. á hæð undir bita og 2 álnir upp í sperrukverk, *smiðja*  $3\frac{3}{4}$  al. á lengd,  $4\frac{1}{4}$  al. á breidd og  $4\frac{1}{2}$  al. á hæð með glugga á þili, fjós yfir 4 kýr og *ranghali* frá fjósi til vatns og heytóftar.<sup>79</sup>

Bærinn var með tveimur heilþiljum fram á hlaðið, sem voru máluð skömmu eftir 1890. Um 1916 voru bæjarhúsin sögð „gömul og farin að veggjum og viðum“, en flest stæðileg. Flest þessara húsa voru rifin eftir 1930, en lengst stóð hlóðældhúsið fram yfir 1940. Árið 1926 fluttu Bjarni og Ragnhildur í steinsteypt íbúðarhús, sem þau byggðu. Skv. fasteignamati 1930 var það einlyft og  $8,80 \times 4,70$  m að stærð með kjallara og lofti með 0,63 m porti. Í kjallara var fjós fyrir 4 kýr.



Árið 1936 var húsið ríflega tvöfaldað að stærð með steinsteyptri viðbyggingu, sem reist var samsíða norðurhlið eldri hlutans, svo að húsið myndaði tvær háreistar burstir. Í fasteignamati 1942 var eldri hluta hússins lýst þannig: „Steinhús  $8,9 \times 4,6 \times 7,3$  m =  $262$  m<sup>3</sup> + anddyri  $13$  m<sup>3</sup> =  $275$  m<sup>3</sup>. Steinsteyptir veggir einfaldir, þiljaðir innan með pappalagi, er myndar tvö holrúm. Þak: borðasúð, pappi og járn. Slegið neðan á sperrur og stoppað milli. Gólf yfir kjallara steinsteypt, dúklagt í einu herbergi. Steyptur stigi í kjallara og stofuhæð, timburstigi á loft. Timburloft tvöfalt yfir stofuhæð. Eitt skilrúm steypt þvert yfir húsið í kjallara og stofuhæð. Önnur skilrúm timbur, flest tvöföld. Í kjallara: búr, þvottahús með innmúruðum potti, fjós fyrir 4 kýr. Á stofuhæð tvö herbergi, eldavélarhús og forstofa. Herbergin veggfóðruð og máluð. Á lofti tvö svefnherbergi, stigagangur og alþiljuð fatageymsla, alþiljaðar geymslur til hliðanna í svefnherbergjunum. Kjallarahæð 2,3 m. Stofuhæð 2,6 m. Port 0,7 m. Rishæð 1,7 m. Anddyri steypt  $13$  m<sup>3</sup>. Kjallari  $94$  m<sup>3</sup> =  $107$  m<sup>3</sup>. Stofuhæð og loft  $168$  m<sup>3</sup>. Alls  $275$  m<sup>3</sup>. Miðstöð frá katli, vatnsleiðsla og frárennsli.“



Íbúðarhúsið á Efri-Mýrum í október 1975, fáum mánuðum áður en það brann til kaldra kola. (Ljós. Ingvar Gýgjar Jónsson / Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/58.)

Viðbyggingin frá 1936 var steinsteypt með einföldum veggjum, skipt um þvert með steinskilrúmi,  $8,9 \times 7 \times 6,4$  m á stærð eða samtals  $403$  m<sup>3</sup>. Í vesturenda, sem var  $157$  m<sup>3</sup>, var stofuhæð, loft og kjallari með steyptu lofti yfir, en einfalt timburloft yfir stofuhæð. Stofuhæðin var óhólfuð með timburlögðu

<sup>79</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbækur Engihlíðarhrepps 1877-1889, 1889-1901 og 1901-1923 (5. maí 1883, 25. maí 1886, 13. júní 1887, 9. apríl 1890, 22. maí 1896, 21. júlí 1899, 31. maí 1900 og 31. maí 1904).

steingólf. Í austurenda var 206 m<sup>3</sup> fjóshlaða með steyptum og púkkuðum botni, svo og 37 m<sup>3</sup> innbyggð votheyslaða. Ekki er kunnugt um hönnuð og smíði hússins, en skömmu eftir að Björn og Klara fluttu að Efri-Mýrum árið 1974 ráðgerðu þau breytingar á því. Teikningar voru unnar af Byggingastofnun landbúnaðarins,<sup>80</sup> en eftir þeim varð aldrei unnið, því að húsið brann til kaldra kola ásamt öllu innbúi á skammri stundu snemma morguns 15. febrúar 1976 eftir að eldur varð laus í miðstöðvarkatli í kjallara hússins.<sup>81</sup> Sama ár var byggt nýtt íbúðarhús, sem enn stendur, og rústir gamla hússins rifnar.

### Heyhlaða og fjárhús

Á Efri-Mýrum stendur háreist steinsteypt fjárhúshlaða með bárujárnsklæddu mænispaki á flötinni kippkorn sunnan við núverandi íbúðar- og útihús. Ofarlega á norðurhlið er einföld gluggaröð eftir allri



hliðinni, alls 6 gluggar, rétt neðan við þakbrún. Neðan við þá sjást glögg ummerki eftir steinsteypt fjárhús, sem var áfast allri norðurhlið hlöðunnar, en var rifið og fjarlæggt árið 2008. Steypt hefur verið upp í öll dyraop, enda hefur hlaðan verið nýtt sem hesthús frá 2010. Einnig hefur verið sett stórt dyraop á vesturstafn og fjarlægð önnur fjárhús, sem áður stóðu við suðurhlið og voru undir það síðasta notuð sem geymsla og hæsnahús. Eftir stendur þó austurendi þessarar byggingar, lágreist og steinsteypt geymsluhús með skúrþaki.<sup>82</sup>

*Efri myndin sýnir steinsteyptu fjárhúshlöðuna um 1975 (að stofni til frá 1934) ásamt sambyggðum húsum, sem flest voru rifin 2008. (Ljósmynd. Stefán J.K. Jeppesen, 2016.)*

Þessi hús eru talin byggð 1934 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, þar sem hlaðan er skráð 143,8 m<sup>2</sup> og fjárhús 82 m<sup>2</sup>. Sú húsasamsteypa, sem þarna stóð til skamms tíma, var þó misaldrá eins og ummerki á langhliðum hlöðunnar sýna greinilega. Elstu húsin voru þó væntanlega byggð umrætt ár, en önnur nokkru síðar. Einhver hluti þeirra peningshúsa, sem lýst var í fasteignamati 1942, mun hafa tilheyrt þeim húsum: „Fjögur fjárhús fyrir 200 fjár, samstæð með skúrþaki, steyptir veggir að mestu, járnþak með torfi yfir nema á einu húsinu torf undir og yfir. Steyptar milligerðir og steypuhella í görðum, baðkar og vatnsleiðsla. Fjárhúshlaða 250 m<sup>3</sup>, steyptur einn veggur að fjárhúsum, hinir veggir grjóthlaðnir [...].“



<sup>80</sup> Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/58 (1975).

<sup>81</sup> *Tíminn* 60. árg., 39. töl., 17. febr. 1976, s. 2; *Húnavaka* 17. árg. 1977, s. 188-189.

<sup>82</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Gísli Jóhannes Grímsson pr. 18. nóv. 2016.

Önnur hús, sem tilheyrðu „sambyggingunni við hlöðuhlið“ voru yngri og byggð árið 1955, þ.e. fjárhús fyrir 80 kindur (7,15×10,05 m), hesthús fyrir 10 hross (7,15×3,20 m), hæsnahús (3,0×1,80 m) og reykhus (4,15×1,80 m), öll með steinsteyptum útveggjum, skilrúmum, gólfum, milligerðum, görðum og jötum, en járnklæddum skúrþökum á lektum. Yfirsniður við byggingu þessara húsa var Georg Hjartarson, húsasniður á Skagaströnd,<sup>83</sup> en þau heyrna nú sögunni til og voru flest rifin 2008.



### Heyhlaða og fjárhús - grunnupplýsingar

Byggingarár:	1934	
Fyrsti eigandi:	Bjarni Óskar Frimannsson	Upphafleg notkun: Heyhlaða og fjárhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Hesthús og geymsla
Yfirsniður:	Óþekkt	

#### Húsgerð      Upphaflegt      Núverandi      Helstu einkenni/breytingar

Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Húsin eru ómúruð.
Þakgerð:	Mænis- og skúrþak	Óbreytt	2008: Fjárhús við norður- og suðurhliðar hlöðunnar, voru að mestu leyti rifin. Frá 2010 er hlaðan nýtt sem hesthús og fjárhúsið sem geymsla.

Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Stærð	143,8 og 82 m <sup>2</sup>

### Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin eru hefðbundin útihús og hafa takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hlaðan er þriðja elsta hús sinnar tegundar, sem varðveitt er í Engihlíðarhreppi, og fjárhúsið sennilega það elsta.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsin standa stök og eru berangursleg eftir að áföst hús voru fjarlægð.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hlaðan er talsvert breytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsin eru í þokkalegu ástandi sem útihús, en þökin léleg.
<b>Varðveislugildi:</b>	Miðlungs	Húsin hafa nokkurt varðveislugildi vegna aldurs.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

<sup>83</sup> Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/58 (virðingargjörð pr. 23. nóv. 1955 og 19. nóv. 1964).

## 3.6 Enni

### Staðhættir og saga

Jörðin Enni er syðst jarða á Refasveit og dregur nafn sitt af breiðri og ávalri hæðarbungu, þar sem bærinn stendur og landið byrjar að halla til suðurs. Bæjarstæðið er sunnanvert í bungunni og þaðan er afar víðsýnt til allra átta nema norðurs. Jörðin var 20 hundruð að fornu og nýju mati og getur hennar fyrst í jarðabréfi frá 1346, er Ormur Hólabiskup keypti jörðina með veiðirétti í Blöndu. Lög-



ferja á ánni var niðri við ósinn og starfrækt af ábúendum Ennis, áður en byggð hófst í verslunarstaðnum innan ár. Rekstur hennar lagðist af eftir byggingu Blöndubrúar 1897, en það sama ár voru byggð fyrstu íbúarhús verðandi þéttbýlis utan ár og í landi Ennis, þ.e. Litla-Enni (Sveinshús) og Grund (Klaufin), af frændunum Sveini Kristóferssyni (d. 1911), bónda í Enni, og Guðmundi Guðmundssyni (d. 1935), síðar í Bakkakoti. Árið eftir reis fyrsta verslunarhús Kaupfélags Húnvetninga utan ár og með lögum nr. 15 frá 1. febrúar 1936 var Blönduóskauptún beggja vegna árinna sameinað í eitt sveitarfélag með því að stór skák úr Ennislandi var tekin eignarnámi og lögð til Blönduóshrepps.<sup>84</sup>



Efri mynd: Túnakort Ennis 1918. Hannes Jónsson. Neðri mynd: Bæjarhús í Enni um 1930. (Ættir Austur-Húnvetninga II, s. 571.)

Jörðin hefur verið í ábúð sömu ættar frá árinu 1844, er Kristófer Sveinsson og Ingibjörg Oddsdóttir settust þar að. Sveinn sonur þeirra tók við búi þeirra í Enni, en byggði síðan Litla-Enni undir Skúlahorni 1897 og bjó þar uns hann drukknaði í Blöndu sumarið 1911. Þar bjuggu síðan Sigurður sonur hans (d. 1924) og Halldóra

S. Ingimundardóttir (1896-1967), sem síðan bjó í Enni til æviloka ásamt seinni manni sínum, Þorsteini Sigurðssyni (1901-1967). Þá keyptu jörðina Ævar sonur þeirra (1937-2013) og Ingibjörg Jósefsdóttir (f. 1944), sem þar býr enn. Blönduósbær keypti jörðina 16. maí 2018.<sup>85</sup>

### Horfin bæjarhús

Gamli bærinn í Enni stóð skammt austan við núverandi íbúðarhús og var búið í honum fram undir 1980, þegar flutt var í nýja húsið. Skv. úttekt, sem gerð var á bæjarhúsum vorið 1897, var íveruhúsið með litlum kjallara undir miðju þess, en vestan við það stóð skemma með standþili og tveimur 2ja rúðu gluggum og langur gangur lá til eldhúskofa eða hlóðaeldhúss. Önnur hús við bæinn voru smiðjukofi með timburþili og 2ja rúðu glugga, fjós fyrir 4 kýr og 90 hesta heyhlaða, en utan og vestan við bæinn voru tvö fjárhús með hlöðu, önnur tvö fjárhús með hlöðu uppi á túni og tvö hesthús með hlöðu „uppi á velli“. Bæjarhúsum var annars þannig lýst:

<sup>84</sup> *Húnaþing II*, s. 164; Pétur Sæmundsen (1975), s. 427-431; Jón Arason (2007), s. 31; *Fornleifaskráning Blönduósbæjar II*, s. 8-9.

<sup>85</sup> *Morgunblaðið* 101. árg., 300. tbl., 27. des. 2013, s. 29; *Heim*. Valgarður Hilmarsson 17. maí 2018.

Íveruhús 8 ál. breitt og 10 ál. langt, portbyggt í 5 stafgólum með skarsúð, lopt er í öllu húsinu. Eitt bindingsverk uppá lopti með tilheyrandi skilrúmsþili og skrálæstri hurð. 3 rúms umgjarðir, alt þiljað uppi. Inn með vesturhlið hússins er gangur, þiljaður 1½ álna breiður. Eptir miðju húsinu er afþiljað kames 2 ál. á breidd, 6 ál. á lengd, með skrálæstri hurð fyrir. Undir austurhlið er afþiljuð stofa 6 ál. löng og 4 ál. breið með skrálæstri hurð. Við innri stafn hússins, en þvert yfir er *maskínuhús*, 2 álnir á breidd á tvo kanta, en maskínuhúsið óþiljað, en að öðru leyti er húsið alþiljað. Standþil er fyrir suðurstafrni hússins með 1½ gluggafagi uppi og 1 glugga á austurhlið, 1½ gluggafagi niðri og 1 gluggafag á austurenda maskínuhússins, tvöfaldur gluggi, og uppi fylgja tvöfaldir gluggar á suðurstafrni. Undir gólfi í miðju húsinu er kjallari, er tekur rúmar 7 tunnur með fríum gangi. Fyrir útidyrum hússins er skrálæst hurð og skúr fram af, hérumbil 2 ál. á hvern kant, með snerlaðri hurð fyrir. Húsið er sterkvíðað og ósnarað og yfirhöfuð ógallað það séð verður [...]. *Skemma* vestan undir húsinu 11 ál. löng [og] 6 ál. breið innan veggja, 5 sperrur með tilheyrandi bitum og stoðum, þver- og langrept yfir með gömlum en brúklegum við. Standþil er fyrir húsinu, nýlegt, með 2 rúðu glugga hvorumegin. [...] Langur *gangur* til *eldhúskofa*, sem er að stærð faðmur á breidd, rúmir 2 faðmar á lengd, hvortveggja rept á veggj með gömlum en brúklegum við, veggir gamlir, en sýnast stæðilegar, þak lélegt. [...] *Smiðjukofi* 4 ál. á breidd, rúmar 4 ál. á lengd með fallsperrum. Þar yfir þverrept og tréstrompur. Þil er fyrir húsinu með hurð á járnum, 2 rúðu gluggi er á þilinu [...].<sup>86</sup>

Lítilsháttar breytingar voru gerðar á bænum á næstu árum og m.a. reistur skúr við útidyr,<sup>87</sup> en árið 1910 var bærinn sagður með tveimur heilþiljum fram á hlaðið og mun hann að mestu hafa haldið þeirri ásýnd síðan. Um 1916 voru bæjarhúsin sem fyrr sögð portbyggð með alþiljaðri baðstofu og stofu og eldavélarhúsi undir. Húsið var 10×8 álnir að stærð með timburstafrni, en aðrir veggir og þak úr torfi. Önnur hús voru skemma, hlóðældhús, fjós, fjárhús, hesthús og þrjár heyhliður. Í fasteignamati 1942 var eldri hluta bæjarins þannig lýst: „Torf og timburbær, 9,8×4,8 m, vegg hæð 2,9 m. Ris 1,8 m. Torfveggir á tvo vegu, timburstafrnar og timbur fyrir risi á hinum stafrni. Timbursúð og torfþak, gólf og loft úr timbri, einföld. Á gólfhæð



stofa (veggfóðruð og máluð), eldavélarhús, búr og bæjardyr.“ Einnig fylgdi bænum gamalt og torfbyggt hlóðældhús.

*Enni um 1940. Gömlu bæjarhúsin með áfastri viðbyggingu til hægri, en til vinstri er steinsteypt heyhlaða með áföstu geymsluhúsi austan við. Sunnan við hlóðustafrninn er gamalt torfbyggt fjós fyrir 16 kýr og hlóðahús úr torfi austan við hlóðuna. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 564.)*

Áföst vesturhlið bæjarins var viðbygging frá 1939, 9,2×4,2 m að stærð og 3 m meðalhæð. Hún var með skúrrisi og

járnklæddum útveggjum úr timbri, einangruðum með torfstoppi. Í húsinu voru tvö herbergi og eldhús með gólum og skilrúmunum úr timbri, en undir var steinsteyptur kjallari, 4,8 m á lengd og 2,2 m að hæð undir loft.

## Heyhlaða

Rétt vestan við gamla bæinn byggði Þorsteinn Sigurðsson bóndi steinsteypta heyhliðu árið 1929 með aðstoð nágranna síns, Bjarna Gestssonar á Björnólfsstöðum, sem þá stóð sjálfur í ströngu við byggingu íbúðarhúss á eigin bújörð. Hliðunnar og áfasts geymsluhúss var getið í fasteignamati 1942 með þessum orðum: „Þurrheyshlaða steinsteypt með jónþaki, 425 m<sup>2</sup>. [...] Geymsluskúr við hliðuhlið 10,4×3,6 m, meðalhæð 1,2 m. Útveggir jón á grind, að nokkru timbur. Þak: jón á rimlum. Eitt skilrúm.“ Fast sunnan við gaf hliðunnar stóð þá torfbyggt fjós fyrir um 16 gripi með tveimur básaröðum

<sup>86</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbækur Engihlíðarhrepps 1901-1923 (17. maí 1897).

<sup>87</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbækur Engihlíðarhrepps 1901-1923 (1. júní 1904 og 24. maí 1910).

og flórum, tröð og fóðurgangi öðru megin. Önnur útihús á jörðinni voru þá tvær minni hlöður, þrjú fjárhús, hesthús og steinsteypt votheyshlaða, haughús, þvaggryfja og safnþró.



Enni um 1975. Lengst til vinstri er steinsteypta heyhlaðan frá 1929 og gamli torf- og timburbærinn fyrir miðju ásamt viðbyggingu frá 1939, en til hægri eru steinsteypt heyhlaða og fjárhús frá 1954 og 1955. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Öll þessi hús eru nú horfin nema steinsteypta heyhlaðan. Hún er háreist bygging, 79,3 m<sup>2</sup> að stærð, með bárujárnsklæddu mænispaki og háum steypum gaflveggjum, sem ná upp fyrir þakbrún. Dyr eru fyrir miðjum suðurgafli, þar sem gengið var inn í hlöðuna úr fjósi, sem stóð þar fyrrum og enn sjást glögg ummerki um á ómúruðum gaflveggnum. Beint upp af dyrum er gluggi í stafnkverk með einum lóðréttum pósti, en auk þess eru tveir gluggar, sinn hvorum megin við dyr, sem var komið þar fyrir af Ævari Þorsteinsyni bónda, trúlega um 1976.

Að öðru leyti heldur hlaðan upprunalegu útliti. Tveir litlir gluggar eru á hliðarveggjum og fjögur op eða gáttir á norðurgafli, þar sem tekið var inn vothey og þurrhey. Innan dyra hafa verið gerðar þær breytingar, að 1976 var sett milliloft í syðri hluta hlöðunnar og innréttað fjós þar undir, og síðan hesthús innar í húsinu með lofti yfir árið 1985. Í norðurenda er innbyggð súrheysgryfja fyrir miðju húsi og hefur trúlega verið þar óbreytt frá byggingu hússins. Fast vestan við hlöðuna stendur íbúðarhúsið frá 1980, þar sem áður stóðu fjárhús og hesthús. Á hæðinni norður af hlöðunni eru steinsteypt fjárhús og hlaða frá 1954 og 1955.<sup>88</sup>



<sup>88</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Ingibjörg Józefsdóttir pr. 18. okt. 2016; *Fornleifaskráning Blönduósþéttar II*, s. 12-13.



## Heyhlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1929  
 Fyrsti eigandi: Þorsteinn Sigurðsson  
 Hönnuður: Óþekkt  
 Smiðir: Þorsteinn Sigurðsson / Bjarni Gestsson

Upphafleg notkun: Heyhlaða  
 Núverandi notkun: Óbreytt

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Stærð Eitt rými	79,3 m <sup>2</sup> Hólfað

**Helstu einkenni/breytingar**  
 Útveggir eru ómúraðir.

Upphaflega var hlaðan eitt óhólfað rými með votheysgryfju í norðurenda. Árið 1976 var sett milliloft í suðurhluta hússins og innréttað fjós þar undir með tveimur gluggum á suðurgafli. Árið 1985 var loftið framlengt til norðurs og komið fyrir hesthúsi þar undir, en allt loftið var nýtt fyrir þurrhey.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Miðlungs  
 Menningar sögulegt gildi: Hátt

Umhverfisgildi: Miðlungs  
 Upprunalegt gildi: Hátt  
 Tæknilegt ástand: Miðlungs

**Varðveislugildi:** Hátt

**Niðurstaða varðveislumats:**

Góð samsvörun er í hlutföllum hússins. Hlaðan er önnur elsta bygging sinnar tegundar, sem varðveitt er í dreifbýli Blönduósþéttbæjar. Húsið er reisulegt og setur sterkan svip á bæjarstæðið. Húsið er lítið breytt að utan og virðist heillegt miðað við aldur. Útveggir eru í þokkalegu standi, en þak og gluggar lélegir. Öll ofangreind gildi mæla með varðveislu hússins. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, en jafnframt hugað að möguleikum á varðveislu þess til frambúðar.

## 3.7 Fagranes

### Staðhættir og saga

Jörðin er nýbýli, sem byggt var úr landi Holtastaða og formlega stofnað árið 1936<sup>89</sup> af hjónunum Óskari Þ. Jóhannessyni (1897-1988) frá Móbergi og Guðrúnu M. Magnúsdóttur (1913-1993). Jörðin er landlítill og fullræktuð, en að henni halda Hvammsfjall að austan og Blanda að vestanverðu. Bærinn stendur skammt neðan Þjóðveggar á smáhæð í Holtastaðanesi, en austan vegar eru peningshúsin, gegnt íbúðarhúsi. Vöxtulegur og snotur trjálundur er neðan við bæinn og sunnan við heimreiðina, milli íbúðarhúss og Þjóðveggar, sem liggur í gegnum bæjarhlaðið. Frá bænum er gott útsýni norður og



suður eftir Langadal og vestur yfir Blöndu. Nokkru frammar við bæjarstæðið heitir Mjósund á ánni, þar sem fyrr á tíð var lögferja, sem sinnt var af Holtastaðabönda, en reiðgötturnar þræddu árbakkann neðan við bæjarhúsin.<sup>90</sup>

*Íbúðar- og útihús í Fagranesi um 1960. (Ættir Austur-Húnvetninga II, s. 572.)*

Óskar og Guðrún hófu húsbyggingar og ræktun á nýbýlinu árið 1936 og fluttu þangað árið eftir í nýbyggt steinhús. Þau bjuggu í Fagranesi til ársins 1963, en seldu jörðina árið eftir Halldóri B. Einarssyni (1944-) og Bylgju Angantýsdóttur (1944-). Þau hófu þar búskap 1970 og bjuggu á jörðinni til ársins 1983, er þau fluttu að Móbergi. Býlið var setið leigjendum í fáein ár, en frá 1990 hafa búið þar Jakobína Björg Halldórsdóttir (1971-) og Jón Ingi Guðmundsson (1957-), sem fyrst keyptu íbúðarhúsið og síðan jörðina.



*Íbúðarhúsið í Fagranesi með upphaflegu sniði 1970 og um 1975. (Ljósmynd. Ingvar Gýgjar Jónsson / Ljósmyndasafn A-Hún.)*

### Íbúðarhús

Húsið var byggt í dæmigerðum funksistíl árið 1936<sup>91</sup> með styrk frá Nýbýlasjóði. Það var teiknað af Þóri Baldvínssyni (1901-1986), arkitekt hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en hann teiknaði einnig íbúðar-

<sup>89</sup> Skv. virðingargjörð dags. 7. okt. 1964 var nýbýlið stofnað 1936, sbr. *ÞÍ*. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/70, en árið 1937 skv. *Húnaþingi II*, s. 145.

<sup>90</sup> *Húnaþingi II*, s. 145; Jón Torfason (2007), s. 121.

<sup>91</sup> Heimildum ber ekki saman um byggingarár hússins. Skv. *Húnaþingi II*, s. 145, var húsið byggt 1936, árin 1934-1935 skv. búrekstrarskýrslu ábúanda frá 14. sept. 1973, árin 1936-1937 skv. virðingargjörð dags. 7. okt. 1964 og árið 1937 skv. skýrslu Ingvars G. Jónssonar byggingarfulltrúa, dags. 16. sept. 1970. *ÞÍ*. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/70.

húsið á Breiðavaði, sem er áþekkrar gerðar og var byggt 1937-1938.<sup>92</sup> Yfirmsiður var Jón Jóhannesson (1906-1972), trésmiður frá Móbergi (bróðir Óskars).<sup>93</sup> Árið 1940 var húsinu þannig lýst: „Steinhús, 8,3x7,2x vegg hæð 4,7 m, 284 m<sup>3</sup>. Tvöfaldir steinveggir með torfstoppi. Valmapak, borðasúð, pappi og járn. Kjallari: 2,1 m á hæð, skilrúm steipt en ekki gólf, 3 herbergi. Stofuhæð: 2,6 m, gólf einfalt, 4 herbergi og forstofa, tvö skilrúm af timbri. Hæðin öll máluð. Miðstöðvarhitun frá katli. Þvottapottur. Ekki vatn eða frárennsli. Valminn 1,2 m á hæð. Kjallarinn 126 m<sup>3</sup>. Hæðin 158 m<sup>3</sup>.“<sup>94</sup>



Sem fyrr segir er húsið að stofni til steinsteipt á einni hæð með kjallara og bárujárnsklæddu valmapaki, 61 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Árið 1964 voru vistarverur þessar: Á stofuhæð 3 herbergi, eldhús og forstofa, en í kjallara voru geymslur í þrennu lagi. „Ekki dúkar á gólfum og ekki steipt gólf í kjallara, ekki klósett né bað.“<sup>95</sup> Húsið stóð þá autt, en nýir ábúendur fluttu í það 1970 og hófu endurbætur sama ár. Gluggar voru endurnýjaðir, gerð þeirra breytt og póstum fækkað, auk ýmissa endurbóta á húsinu að innanverðu. Árið 2000 var reist viðbygging úr timbri með lágu mænispaki norðan við húsið, svo að heildarstærð íbúðarhússins er nú 220,7 m<sup>2</sup>. Jafnframt var skipt um þak og glugga á eldra húsinu, úti-dyrum á vesturhlíð breytt í glugga og steinsteiptar tröppur fjarlægðar. Húsið var síðan einangrað og klætt að utan með láréttri timburklæðningu af sömu gerð og viðbyggingin.



<sup>92</sup> Ekki hefur þó tekist að finna uppdrátt að íbúðarhúsinu í Fagranesi í teikningasafni Byggingastofnunar landbúnaðarins, en ýmsa áþekka frá hendi Þóris Baldvinssonar. Þar eru varðveittir uppdrættir frá Teiknistofu byggingar- og landnámsjóðs, Teiknistofu Nýbýlastjórnar, Teiknistofu Búnaðarbankans og Teiknistofu landbúnaðarins.

<sup>93</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Jakobína Halldórsdóttir pr. 18. okt. 2016. Einnig hefur verið talið, að Ari H. Erlendsson, trésmíðameistari á Móbergi, hafi unnið að smíði hússins. Hafi svo verið, hófst bygging hússins 1933, því að Ari lést 8. febrúar 1934.

<sup>94</sup> Þf. Fasteignamat 1942. BAm/3-2.

<sup>95</sup> Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/70 (7. okt. 1964)

## Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1936	
Fyrstu eigendur:	Óskar P. Jóhannesson og Guðrún M. Magnúsdóttir	Upphafleg notkun: íbúðarhús
Hönnuður:	Pórir Baldvinsson	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Jón Jóhannesson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	2000: Einangraðir og klæddir utan með láréttri borðaklæðningu.
Þakgerð:	Valmaþak	Óbreytt	2000: Endurnýjað þak.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	2000: Reist viðbygging norðan við húsið.
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð	61 m <sup>2</sup> - 220,7 m <sup>2</sup> (með viðbyggingu)	
	Reykháfur	Horfinn	2000: Reykháfur brotinn niður.
	Útidyratröppur	Horfnar	2000: Útidyrum á vesturhlið breytt í glugga og steinsteyptar útidyratröppur fjarlægðar.
	Gluggar	Breyttir	1970/2000: Gluggar endurnýjaðir og upprunalegri gerð breytt.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er afbrigði af funkisstíl og teiknað af Þóri Baldvinsyni arkitekt, en klæðning hefur rýrt upprunalegt svipmót þess.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið á sér rúmlega 80 ára sögu sem íveruhús.
Umhverfislífi:	Hátt	Húsið sómir sér vel ásamt viðbyggingu í snotru umhverfi.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er breytt frá upprunalegu svipmóti og hefur að nokkru leyti glatað upphaflegum einkennum og ásýnd.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í ágætu standi og er því vel við haldið.
Varðveislugildi:	Lágt	Miklar breytingar á húsinu takmarka varðveislugildi þess.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.



## Heyhlaða

Útihús jarðarinnar standa ofan (austan) við þjóðveginn undir Hvammsfjalli og mynda þekkilega heild, enda vel við haldið. Húsin eru tvö samstæð fjárhús með tengibyggingu (frá 1994 og 1995) og tvær sambyggðar heyhlöður að baki þeirra, sem snúa stöfnum saman. Sú nyrðri var byggð 1987, en sú syðri árið 1937, en árið 1936 skv. fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands. Hún er 49 m<sup>2</sup> og 140 m<sup>3</sup> að stærð.<sup>96</sup> Húsið er steinsteypt með háum og múrhúðuðum veggjum, bárujárnsklæddu mænisþaki með strompi, þremur litlum gluggum á suðurgafli og vindauga (hlöðuopi) á austurhlið, sem stækkað var

<sup>96</sup> www.skra.is; Húnaþing II, s. 145. Í búrekstrarskýrslu Halldórs Einarssonar, dags. 14. sept. 1973, segir eftirfarandi um hlöðu og fjárhús jarðarinnar: „Fjárhús byggt 1934-5, steinhús með hlöðu, tekur 110 kindur. Nýtt þak, eða síðan 1972. Fjárhús úr timbri, járnklætt, byggt 1971.“ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/70.

2011. Skv. fasteignamati 1942 (tekið 1940) var hlaðan sögð 225 m<sup>3</sup> að stærð og „nýbyggð“ með „innbyggðri“ og steinsteyptri votheyshlöðu (14 m<sup>3</sup>). Framan við hlöðuna var þá fjárhús fyrir 90 kindur með steiptum veggjum, járnklæddu þaki og skúrrisi. Ekkert fjós var þá á bænum, en „kýr hafðar ýmist í kjallara [íbúðarhúss] eða fjárhúsi“.

Árið 1964 voru útihús jarðarinnar þessi, öll sambyggð, steinsteypt og reist árið 1937: Fjós fyrir 7 nautgripi með járnþaki undir torfi, fjárhús fyrir 44 kindur og hlaða með járnþaki, 10×4,60 m að grunnfleti, 4,30 m að hæð með 1,5 m risi.<sup>97</sup> Það er sú hlaða, sem enn stendur.



## Heyhlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1937 (1936)  
 Fyrsti eigandi: Óskar Þ. Jóhannesson  
 Hönnuður: Óþekkt  
 Yfirsmiður: Óþekkt

Upphafleg notkun: Heyhlaða  
 Núverandi notkun: Heyhlaða

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Stærð	225 m <sup>3</sup>
	Gluggar	3 á gaffli
	Heygáttir	Breytt

**Helstu einkenni/breytingar**  
 Múrhúðaðir

Heygáttir (hlöðuop) voru stækkaðar 2010.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Miðlung  
 Menningarsögulegt gildi: Miðlung

Umhverfsgildi: Hátt  
 Upprunalegt gildi: Hátt  
 Tæknilegt ástand: Gott  
**Varðveislugildi:** Hátt

**Niðurstaða varðveislumats:**


Góð samsvörun er í hlutföllum hússins. Hlaðan er ein af þeim 6 heyhlöðum, sem byggðar voru í Engi-hlíðarhreppi 1927-1940 og eru enn varðveittar. Húsið sómir sér vel meðal annarra útihúsa jarðarinnar. Húsið heldur nánast upphaflegu formi og sviptomóti. Húsið er í ágætu standi og er því vel við haldið. Varðveisla hússins virðist tryggð meðan það gegnir hlutverki sínu. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

<sup>97</sup> Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/70 (7. okt. 1964).

## 3.8 Fremstagil

### Staðhættir og saga

Jörðin var 20 hundruð að fornu mati og getur hennar fyrst í jarðakaupabréfi frá 1405. Þá og allt fram á 18. öld var hún nefnd Syðsta-Gil, en síðan Fremstagil eins og samnefnt lækjargil, skammt norðan við



bæinn. Bæjarstæðið er ofarlega í allbröttu túni, en við Fremstagil breikkar undirlendið, svo að ræktunarskilyrði eru þar rýmri en á bæjunum utar í dalnum. Sunnan við Fremstagil hefur orðið mikið framhlaup úr Illveðurs-hnjúki í Langadalsfjalli og myndað svonefnt Buðlunganes við Blöndu, þar sem samnefnt fornbýli var endur fyrir löngu í landi Geitaskarðs. Á utanverðu nesinu var áningarstaður frá fornu fari og þingmannaleiðir miðaðar við það.<sup>98</sup> Fyrir allmörgum árum var eyðijörðin Glaumbær sameinuð Fremstagili.

Túnakort Fremstagils 1918. Hannes Jónsson.

Í byrjun síðustu aldar voru ábúendur á Fremstagili Sigríður Þorkeldsdóttir (1848-1938) og Erlendur Einarsson (1852-1908), sem bjuggu þar óslitið frá vori 1881. Árið 1909 tóku við jörðinni Agnar Bragi Guðmundsson (1875-1953) og Guðrún Sigurðardóttir (1878-1947). Þau keyptu býlið stuttu síðar og bjuggu þar til 1923, er þau fluttu að Blöndubakka<sup>99</sup> (sjá þar). Þá keyptu Fremstagil hjónin Sigurður Helgi Sigurðsson (1873-1948) og Margrét Pétursdóttir (1883-1932) frá Gunnsteinsstöðum, en áður hafði Sigurður starfað um tíma við verslun tengdaföður síns á Blönduósi (Péturs Péturssonar).<sup>100</sup> Árið 1929 seldu þau jörðina Pétri Þ. Einarssyni (1906-1941) og Valdísi E. Valdimarsdóttur (1908-1939), sem bjuggu þar til 1933, er Hilmar A. Frímannsson (1899-1980) fluttist þangað frá Hvammi með foreldrum sínum. Hann bjó á Fremstagili til 1971 ásamt konu sinni, Birnu Helgadóttur (1911-1990).<sup>101</sup> Tóku þá Valgarður sonur þeirra og Vilborg Pétursdóttir kennari við jörðinni. Þau létu af búskap 2002 og fluttu á Blönduós, en síðan hafa ýmsir búið á Fremstagili. Skráður eigandi jarðarinnar er nú félagið Fremstagil ehf., en núverandi ábúendur eru Sigurður Einar Stefánsson og Ágústa Hrönn Óskarsdóttir.

### Horfin bæjarhús

Þegar Erlendur Einarsson og Sigríður Þorkeldsdóttir tóku við jörðinni vorið 1881, höfðu öll hús jarðarinnar verið endurbyggð í breyttu formi af fráfarandi ábúendum, en bæjarhúsin voru þá þessi og stóðu austan við núverandi íbúðarhús: 1) *Baðstofa* 9×6 álnir að stærð „innan stafa“, en fyrir vestuenda hennar var tvöfalt þil niður fyrir glugga með 6 rúðna glugga með pósti í miðju. 2) *Búrhús* 5½×4½ alin að stærð innan veggja. 3) *Eldhús* 5½×4½ alin að stærð. 4) *Göng* til *bæjardyra* 8×1½ alin að stærð. 5) *Skáli* „þiljaður af bæjardyr“, 6×7 álnir að stærð, portbyggt hús með 6 stoðum og þremur loftbitum, standþili með vindskeiðum, einum 6 rúðu glugga með pósti í miðju, tveimur tveggja rúðu gluggum uppi og einum þriggja rúðu glugga yfir bæjardyrum. 6) *Fjós* yfir 6 kúr. 7) *Smiðja* 5×3 álnir að stærð með 6 stoðum.<sup>102</sup>

<sup>98</sup> *Húnaþing* II, s. 148; Jón Torfason (2006); Jón Torfason (2007), s. 118-119; Páll V. G. Kolka (1950), s. 72; *Fornleifaskráning Blönduósbæjar III*, s. 7.

<sup>99</sup> *Morgunblaðið* 40. árg., 284. tbl., 11. des. 1953, s. 11.

<sup>100</sup> *Vísir* 38. árg., 74. tbl., 2. apríl 1948, s. 2.

<sup>101</sup> *Húnavaka* 21. árg. 1981, s. 148-149; 31. árg. 1991, s. 191-192; *Tíminn* 74. árg., 249. tbl., 28. des. 1990, s. 16.

<sup>102</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhepps 1877-1889 (2. júlí 1881).

Skv. úttekt frá 13. maí 1909 voru bæjarhúsin að mestu leyti óbreytt. Göngum hafði þó verið „að



mestu breytt í eldavélarhús“, fjósið sunnan við bæinn sömuleiðis endurbyggt með 6 básum, gangi (ranghala) til heytóftar og flatreftu brunnhúsi, þar sem bæjarlækurinn rann í gegnum, og smiðjan „eyðilögð“. <sup>103</sup> Að hlaði vissu tvö heilpil og eitt hálfpil úr timbri. Ekki er kunnugt um að geymst hafi ljósmynd af bænum, enda mun mestur hluti hans hafa verið rifinn fljótlega eftir að flutt var í nýja íbúðarhúsið 1913 eða 1914.

*Fremstagil um 1940. (Eigandi Valgarður Hilmarrson.)*

## Íbúðarhús

Hafin var bygging á steinsteyptu íbúðarhúsi á Fremstagili vorið 1913 og flutt í það í síðla árs eða árið eftir. <sup>104</sup> Fyrir byggingu þess stóðu hjónin Agnar Bragi Guðmundsson og Guðrún Sigurðardóttir, eins og Árni Blandon frá Fremstagili lýsti í minningargrein um Agnar árið 1953:

Það var vorið 1913 að Agnar ræðst í það stórvirki að byggja varanlegt íbúðarhús að Fremstagili. Til þess þurfti stórt átak og þótti ekki á þeim tímum heiglum hent. Mér þótti ánægjulegt að leggja hönd að því verki. Ég hafði elskað bæði jörðina og fólkið sem þar hafði búið, og gerði það enn. Þá er gaman að vinna. Húsið var reist með myndarbrag, eitt af fáum sem þá sáust þar um slóðir, byggt úr steinsteypu, var ekkert til byggingarinnar sparað. Það mun standa lengi sem óbrotgjarn minnisvarði þeirra hjóna Agnars og Guðrúnar. Má nærri geta að erfitt hefur verið að standa straum af þeim kostnaði, sem byggingunni var samfara. <sup>105</sup>

Þegar hér var komið sögu vorið 1913, höfðu nokkur steinsteyppuhús verið byggð í sýslunni eða voru þá í byggingu. Á árabílinu 1905-1912 voru byggð 6 íbúðarhús á Blönduósi, auk þess sem utan ár risu verslunarhús Kaupfélags Húnavetninga (1909-1912) og Kvennaskólinn (1911-1912). Til viðbótar voru byggð á þessum árum (1910-1914) steinsteypt íbúðarhús á Geitaskarði, Flögu og Hvammi í Vatnsdal,



Auðkúlu, Hjaltabakka, Beinakeldu, Holtastöðum og Eyjólfstöðum í Vatnsdal, svo að Austur-Húnavetningar bjuggu þá þegar að talsverðri þekkingu á þessari nýlundu í byggingartækni.

*Bæjar- og útihús á Fremstagili um 1950. Til vinstri er íbúðarhúsið frá 1913/14 og næst því torfbyggð skemma, en lengra til hægri peningshúsin. (Eigandi Valgarður Hilmarrson.)*

Bændur á Fremstagili og Holtastöðum hófust handa við byggingu nýrra íbúðarhúsa vorið 1913 <sup>106</sup> og leituðu báðir ráða hjá Jóhanni Franklín Kristjánssyni (1885-1952) byggingarmeistara. Hann lauk sveinsprófi í trésmíði á Akureyri 1905 og stundaði síðan nám í Noregi frá 1908 í 4½ ár, í fyrstu við

<sup>103</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1901-1923 (13. maí 1909).

<sup>104</sup> Byggingarár hússins er skráð 1914 í *Húnaþingi II*, s. 148, Hörður Ágústsson (2000), s. 366, og fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Húsið er einnig talið byggt 1912-1913, sbr. Jón Torfason (2007), s. 118.

<sup>105</sup> *Morgunblaðið* 40. árg., 284. tbl., 11. des. 1953, s. 11-12.

<sup>106</sup> Í Hörður Ágústsson (2000), s. 366, segir reyndar að Jóhann hafi byggt húsið á Holtastöðum 1913 og hafi það verið „elsta verk“ hans, og húsið á Fremstagili hafi hann byggt árið eftir. Þetta stangast á við aðrar heimildir.

Lýðháskóla og síðan í byggingarfræði við Den Kongelige norske Kunst- og Håndværks-skole 1910-1912. Eftir það helgaði hann sig húsbyggingum hér á landi. Að tillögu Húnavetningsins, Guðmundar Hannessonar, læknis og prófessors, var Jóhann ráðinn byggingarráðunautur bænda árið 1914<sup>107</sup> og veitti síðar forstöðu Teiknistofu landbúnaðarins (1930-1937). Á þessum árum teiknaði hann fjölda sveitabæja úr steinsteypu og var m.a. eini húsameistarinn, sem setti torfþök á steinsteypuhús, og fann árið 1913 upp aðferð til að gera steinsteypta húsveggi tvöfalda og einangra með mómylsnu í „veggjarholið“.<sup>108</sup> Er þó nær að telja Guðmund Hannesson upphafsmann þeirrar aðferðar, sbr. húsið á Geitaskarði, sem hann teiknaði<sup>109</sup> (sjá kafla 3.9 og 3.11).

Meðal elstu verka Jóhanns á þessu sviði voru íbúðarhúsin á Hjaltabakka í Torfalækjarhreppi og á



Holtastöðum og Fremstagili, sem öll voru með torfþaki, og hin síðast-nefndu auk þess með tvöföldum steinsteyptum veggjum og móstoppi í „tóma holinu“ eða „tróðholinu“. Húsin báru mjög svipmót kaupstaðarhúsa þess tíma. Jóhann mun hafa byrjað byggingu íbúðarhússins á Hjaltabakka fljótlega eftir komuna frá Noregi árið 1912, en byggingu þess lauk þó ekki fyrr en 1914 eða síðar. Það var einlyft hús með kjallara og pappa- og torfklæddu þaki, en einföldum steinsteyptum útveggjum, sem voru þiljaðir innan og „fyllt í milli með 4 þuml. þykku lagi af mómylsnu“.<sup>110</sup> Árið 1913 leiðbeindi Jóhann einnig við byggingu stein-hússins á Beinakeldu.<sup>111</sup>



*Fremstagil um 1975. (Ljós. Ingvar Gýgjar Jónsson / Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-/A81. / Ljósmyndasafn A-Hún.)*

Í skýrslu sinni um „verkleg störf“ árið 1914 sem byggingarráðunautur bænda upplýsti Jóhann, að á því ári hefði hann unnið um 10 vikur við að steypa húsið á Holtastöðum og 4

vikur við húsið á Hjaltabakka, en „[j]afnframt því, sem eg vann við þessa tvo bæi, hafði eg umsjón með húsinu, sem bygt var á Fremstagili“. Gerð hússins lýsti hann þannig:

<sup>107</sup> Um störf Jóhanns árin 1914-1917 sagði m.a. í dagblaðsfrétt undir árslok 1917, að hann væri nú sestur að í Reykjavík og veitti „eins og að undanförunu leiðbeiningar við húsagerð í sveitum“. Hann hefði undanfarin sumur verið „í Norðurlandi, Dalasýslu og Mýrasýslu“ og „við byggingu þriggja húsa í Húnavatnssýslu sumarið 1914, á Holtastöðum, Fremstagili og Hjaltabakka“. *Norðurland* 17. árg., 46. tbl., 31. des. 1917, s. 182; *Landið* 2. árg., 49. tbl., 7. nóv. 1917, s. 196.

<sup>108</sup> Hörður Ágústsson, 2000 I, s. 366; *Hver er maðurinn?* I, s. 335; *Morgunblaðið* 24. júlí 1952, s. 5; *Norðurland* 17. árg., 46. tbl., 31. des. 1917, s. 182; *Landið* 2. árg., 49. tbl., 7. nóv. 1917, s. 196.

<sup>109</sup> Sjá jafnframt ritgerð Guðmundar Hannessonar prófessors um þetta efni í *Búnaðarriti* 27. árg., 1. tbl. 1913, s. 1-26.

<sup>110</sup> *Skv. Húnaþingi* II, s. 282, var húsið á Hjaltabakka byggt 1912, svo að líklega hófst bygging þess það ár. Víst er þó, að frágangi þess var ólokið sumarið 1914, því að þá vann Jóhann við húsið í 4 vikur, sbr. Jóhann Fr. Kristjánsson (1915), s. 148-149. Sjá einnig Jónas B. Jónsson, 1982, s. 53; *Fasteignamat 1916-1918*: <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat>.

<sup>111</sup> Jónas B. Jónsson, 1982, s. 53-54 og 63. Húsið á Beinakeldu, sem að mestu var hannað af Sigurði Erlendssyni bónda, var einnig með tvöföldum steinsteypuveggjum og einangrað með heyrtróði eða torfi á milli.

Það er að stærð 12×12 al., einlyft með kjallara, toppreist þak með pappa og torfi og timburpakskeggi. Veggþykkt á kjallara 15 þuml., á hæðinni 6", og innri veggir 3 þuml. (hlaðnir). Tróðholið 4 þuml. (mómlylsna). Steypuhlutföll í ytri veggjum 1 : 3 : 5, og um 15% kalk móti steinlími (mældu). Steypan reyndist vatnspétt. Að öðru leyti er farið með veggina eins og á Holtastöðum. Við þetta hús vann eg í nærfelt 3 vikur, meðal annars til þess að koma þar fyrir upphitunareldavél með tveimur „radiatorum“ (vatnsöfnunum). Síðar verða þeir 3, og hita þá upp alt húsið. Vél þessi er nokkurskonar miðstöðvarhitari, en jafnframt fullkomin eldavél. Í sveitum, þar sem eldað er meiri hluta dagsins, verður þannig löguð upphitun afar ódýr. Vél þessi er óþekt hér á landi, en hefir fengið mikla útbreiðslu í Svíþjóð á skömmum tíma.<sup>112</sup>

Einnig gat Jóhann þess, að í húsunum á Hjaltabakka, Holtastöðum og Fremstagili væru „járnhent steingólf í eldhúsunum, og í baðstofunni í einu þeirra, Fremstagilshúsinu. Kemur því brátt í ljós, hvort mönnum líkar betur – steingólf eða trégólf“.<sup>113</sup> Var hér átt við milligólfíð yfir kjallaranum, sem einungis var steyp á Fremstagili í einskona tilraunaskyni. Árið 1916 var húsinu á Fremstagili lýst með þessum orðum: „Á jörðunni er nýbyggt íbúðarhús, steinsteyp, 12×13 álnir, einlyft með kjallara. Þak timbur, pappi og torf yst. Toppreist að múrpípu. Veggir ofan kjallara tvöfaldir, fyllt mómlylsnu á milli.



Hiti leiddur frá eldavél um húsið í pípu-um með þremur öfnum.“ Árið 1930 mældist húsið 7,50×7,50 m og var sagt ein hæð með kjallara, lágu lofti til geymslu og torfbaki, auk þess sem húsið var raflýst.

*Horft úr norðvestri heim að Fremstagili frá þjóðvegi 2016. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Stefán J.K. Jeppesen.)*

Svohljóðandi lýsing var gefin á húsinu 1940: „Íbúðarhús úr steinsteypu, tvöfaldir steinveggir með móstoppi. Þak: borðasúð, pappi og torf. Ein hæð með

kjallara og litlu risi (valmaþak). Skilrúm steyp, gólf í kjallara steyp og á stofuhæð í dagstofu og forstofu, að öðru leyti úr timbri. Loft yfir stofuhæð timbur. Á stofuhæð 3 herbergi og forstofa. Í kjallara 3 herbergi (eldhús, þvottahús og búr). Loft ekki til verulegra nota. Stofuhæð öll veggfóðruð og máluð. Stærð hússins 7,7×7,7 m. Veggahæð frá kjallara 2,5 m, veggahæð í kjallara 2,2 m, grunnhæð 1 m = 280 m<sup>3</sup>. Steypur skúr við útidyr, 2,5×2,2 ×2,5 m = 14 m<sup>3</sup>.“ Í húsið lá rafleiðsla frá einkastöð. Önnur bæjarhús voru þá skemma úr torfi með þilstafni (56 m<sup>3</sup>) og smiðja með líku sniði (25 m<sup>3</sup>). Annarra útihúsa er lýst hér á eftir.

Skv. þessum lýsingum og ljósmyndum var upprunaleg gerð íbúðarhússins í meginráttum þessi: Húsið var ferningslaga og 7,7×7,7 m að gólfleti, einlyft með hálfniðurgröfnum kjallara, torfklæddu valmaþaki og reykháfi upp úr því miðju, svo og tvöföldum steinsteypum úrveggjum (sá innri hlaðinn), sem einangraðir voru með torfi. Skilrúm og gólf í kjallara voru steyp og í forstofu og dagstofu á stofuhæð, en að öðru leyti úr timbri. Í kjallara voru eldhús, þvottahús og búr, en á stofuhæð 3 herbergi auk forstofu. Við útidyr á vesturhlið voru steinsteypar tröppur, þar sem nokkru eftir byggingu hússins var reistur lítill steinsteypur inngangsskúr með mænispaki. Gluggar voru margþosta með litlum rúðum.

Árið 1955 létu Hilmar og Birna byggja ofan á húsið portlausa rishæð með mænispaki og kvisti mót vestri, auk þess sem gluggum var þá breytt. Nú er gleymt nafn þess, sem teiknaði þessar breytingar á húsinu, en yfirmiður var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari hjá Stíganda á Blönduósi. Að öðru leyti hélt húsið upprunalegu útliti uns Valgarður og Vilborg létu reisa áfasta viðbyggingu

<sup>112</sup> Jóhann Fr. Kristjánsson (1915), s. 149.

<sup>113</sup> Jóhann Fr. Kristjánsson (1915), s. 150.

sunnan við það árið 1972, jafnframt því að klæða allt húsið utan með áklæðningu árið 1985. Viðbyggingin er á einni hæð með lágu mænispaki og kjallara, sem rís allur úr jörðu og hýsir íbúðarherbergi og bifreiðageymslu með stórum dyrum á suðurgafli. Í húsinu eru að öðru leyti 5 svefnherbergi, stofur og eldhús. Gengið er á efri hæð upp háar steinsteyptar tröppur á vesturhlið. Húsið er hannað af Teiknistofu landbúnaðarins, en yfirsmiður þess var Guðni Daníelsson (1920-1992), byggingameistari frá Bergsstöðum.<sup>114</sup> Grunnflötur eldri hluta hússins er 57,76 m<sup>2</sup>, en samanlagt húsið nú 149,6 m<sup>2</sup> að grunnmáli.



### Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1913-1914	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Fyrstu eigendur:	Agnar Bragi Guðmundsson og Guðrún Sigurðardóttir	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Upphafl. hönnun:	Jóhann Franklín Kristjánsson	
Yfirsmiður:	Jóhann Franklín Kristjánsson	
Yfirsmiður (1955):	Kristján Gunnarsson	
Hönnun viðbygg.:	Teiknistofa landbúnaðarins	
Yfirsmiður (1972):	Guðni Daníelsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt/álkl.	1985: Húsið var klætt utan með áklæðningu.
Þakgerð:	Valmaþak	Mænispak	1955: Byggð rishæð með kvisti og mænispaki ofan á húsið og fjarlægt torflagt valmaþak. 1955: Þakið klætt bárujárni.
Þakklæðning:	Pappi/torf	Bárujárn	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Portlaust ris	1955: Byggð portlaus rishæð með mænispaki ofan á húsið.
	Reykháfur	Óbreytt	1955: Settur kvistur á vesturhlið.
	Útitröppur	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Óbreytt	
	Gluggar	Einpósta	1955/72: Margpósta gluggum skipt út fyrir lóðréttu pósta.
	Viðbygging		1972: Byggð sunnan við húsið og áföst því.
	Stærð	57,76 m <sup>2</sup> - 149,6 m <sup>2</sup>	

<sup>114</sup> Heim. Valgarður Hilmarsson pr. 10. nóv. 2016 og 17. maí 2018.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Upphafleg gerð hússins var einskonar afbrigði Funkisstíls, en var síðar breytt í hefðbundið hús með mænispaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið hefur mikið menningarsögulegt gildi vegna aldurs (2. eða 3. elsta húsið í Engihlíðarhreppi) og sem eitt af fyrstu verkum Jóhanns Fr. Kristjánssonar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið sómir sér vel á bæjarstæðinu ásamt öðrum húsum.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Ummerki hins upprunalega hluta hússins eru nánast horfin.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsinu er prýðilega við haldið og ástand þess gott.
<b>Varðveislugildi:</b>	Miðlungs	Byggingar- og menningarsöguleg gildi hússins eru stórlega skert vegna þeirra miklu breytinga, sem gerðar hafa verið á því og rýrt varðveislugildi hússins.

**Niðurstaða varðveislumats:** Húsið er meðal elstu steinsteypuhúsa í Húnavatnssýslum og friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012. Húsið er, ásamt íbúðarhúsinu á Holtastöðum, eitt elsta verk Jóhanns F. Kristjánssonar byggingameistara, og upphaflega byggt með torfpaki og tvöföldum útveggjum, einangruðum með mómylsnu. Af þeim sökum hefur húsið hátt byggingar- og menningarsögulegt gildi. Eiginlegt varðveislugildi þess verður hins vegar naumast metið hærra en í meðallagi, þar sem húsið er nú gjörbreytt frá upprunalegu formi vegna viðbygginga frá árunum 1955 og 1971. Lagt er til að eldri hluti hússins verði mældur upp og teiknaður.

## Fjós, mjólkurhús og vélageymsla

Skv. fasteignamati 1942 voru auk íbúðarhúss og rafstöðvar þessi steinsteyptu útihús á Fremstagili: Einn veggur í *haughúsi*, sem reiknaðist 15 m<sup>3</sup> að stærð, steyptir veggir „að mestu“ í *fjárhúsi* með járnþaki, steinsteypt *þurrheyslaða* með járnþaki, 346 m<sup>3</sup> að stærð, og steinsteypt *vottheyslaða* með járnþaki, 57,9 m<sup>3</sup>. Öll þessi hús stóðu væntanlega sunnan við bæinn, eins og sjá má á eldri ljósmyndum hér að ofan, en hafa nú verið rifin og munu sum þeirra hafa fokið.<sup>115</sup>



Árið 1947 lét Hilmar Frímansson byggja þrjú steinsteypt útihús fast norðan við íbúðarhúsið sem enn standa, þ.e. *fjós* með áburðarkjallara (108,9 m<sup>2</sup>), *mjólkurhús* með fóðurgeymslu (19,6 m<sup>2</sup>) og *véla- og verkfærageymslu* (56,5 m<sup>2</sup>). Síðastnefnda húsið er á einni hæð með bárujárnsklæddu valmaþaki og er byggt norður úr íbúðarhúsinu og áfast því. Tveir gluggar eru á austurhlið (bakhlið) með einum þver-

<sup>115</sup> Sjá nánar *Fornleifaskráning Blönduósbæjar III*, s. 10-11, varðandi staðsetningu gamalla útihúsa á jörðinni.

pósti, en á vesturhlið er einn margpósta gluggi, einfaldar dyr og aðrar vélengar fyrir miðju. Fast norðan við vélageymsluna og samtengd því eru fjós og mjólkurhús með fóðurgeymslu. Húsin eru með bárujárnsklæddum mænispökum og undir fjósinu er vélengur áburðarkjallari. Gluggar eru á vesturgafli og suðurhlið með einum lóðréttum pósti.

### Fjós, mjólkurhús og vélageymsla – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1947		
Fyrsti eigandi:	Hilmar A. Frímannsson	Upphafleg notkun:	Fjós, mjólkurhús og vélageymsla
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun:	Sama og upphaflega.
Yfirsmiður:	Óþekkt		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænis- og valmaþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Bárujárn hefur verið endurnýjað að hluta.
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Stærðir	Fjósið	108,9 m <sup>2</sup>	
	Mjólkurhús	19,6 m <sup>2</sup>	
	Vélageymsla	56,5 m <sup>2</sup>	

### Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin eru dæmigerð útihús og hafa lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Eiga sér enga sérstaka sögu umfram hlutverk sitt.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin mynda samstæða heild með íbúðarhúsi og styrkja áskýnd bæjar og umhverfis.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin eru nánast óbreytt frá upphaflegu formi.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Útveggir víða sprungnir, múrhúðun og gluggar í lélegu standi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Miðlungs	Varðveisla húsa virðist tryggð meðan þau þjóna hlutverki sínu.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Mælt er með varðveislu og að húsin verði mæld upp og teiknuð.

### Rafstöðvarhús

Í fasteignamati 1930 er þess getið, að *rafstöð* sé „á bænum“ og árið 1940 var henni þannig lýst: „*Rafstöðvarhús* steinsteypt með járnþaki, stærð 8,5 m<sup>2</sup>.“ Þetta mannvirki var byggt við vatnsmikinn læk á Fremstagili, svonefndan Stóralæk, fast norðan við túnið árið 1930, en er nú nær alveg horfið nema veggstubbur.<sup>116</sup> Rafstöðin var byggð samkvæmt hönnun Bjarna Runólfssonar, rafvélasmiðs í Hólmi, en smíði hennar stjórnaði bróðir hans, Stefán Runólfsson (1903-1961) rafvirki,<sup>117</sup> sem þetta sama sumar byggði rafstöð í Hvammi, á Miðgili og við Ystagilslæk á merkjum Björnólfsstaða og Ystagils (sjá kafla 3.2 og 3.13).


<sup>116</sup> Heim. Valgarður Hilmarsson pr. 17. maí og 1. júní 2018.

<sup>117</sup> Morgunblaðið 19. ág., 1. tbl., 3. jan. 1932, s. 6, en þar segir, að settar hafi verið upp rafstöðvar „á 4 stöðum í hjeradnu af Stefáni Runólfssyni raffræðing. Þær eru á Fossum í Svartárdal, Fremstagili og Miðgili í Langadal og á Blönduósi“.

### 3.9 Geitaskarð

#### Staðhættir og saga

Geitaskarð er fornt höfuðból og kostajörð, sem metin var óskipt til 80 hundruða, en á fjórðungi hennar og nyrst í úthögum byggðist snemma hjáleigan Þorbrandsstaðir. Hún fór í eyði 1913 og var land hennar þá að nýju lagt undir Geitaskarð. Önnur hjáleiga og fornbylí þar nærri var Buðlunganes, framarlega á samnefndu nesi niðri við Blöndu. Bæjarins er fyrst getið árið 1405 og hélst þar byggð fram yfir 1600. Á báðum þessum býlum sér enn til umtalsverðra tófta, garðalaga og annarra búsetuminja.<sup>118</sup>



Túnakort Geitaskarðs 1918. Hannes Jónsson.

Um aldamótin 1000 bjuggu á Geitaskarði Grís auðgi Semingsson, fyrrum hirðmaður Miklagarðskeisara, og Kolfinna Ávaldadóttir, sem Hallfreður vandræðaskáld felldi hug til, eins og frá segir í Hallfreðar sögu. Þá þegar var jörðin stórbýli og höfðingjasetur og hefur verið æ síðan. Þar var hálfkirkja „frá gamalli tíð“ eða frá því fyrir 1318. Í byrjun 18. aldar voru tíðir enn veittar „þá heimamenn eru til altaris“. Álitid er, að kirkjan hafi staðið skammt norðan við núverandi íbúðarhús, þar sem nú stendur steinsteypt smiðja.<sup>119</sup>



Gamli bærinn á Geitaskarði nærri aldamótum 1900. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Talið er að ekki færri en 12 sýslumenn og lögsagnarar hafi búið á Geitaskarði í aldanna rás. Meðal þeirra var Egill Grímsson, sem keypti jörðina 1468, og sátu þar síðan auðugir niðjar hans (Geitaskarðsætt eldri) fram um 1700. Síðastur í röð sýslumanna á Geitaskarði var Bjarni Magnússon (d. 1876), en ekkja hans, Hildur Bjarnadóttir, bjó á jörðinni til 1886. Síðan hafa búið þar atorkusamir bændur og hefur sama ættin setið jörðina frá því ári.<sup>120</sup> Frá 1886-1926 bjuggu þar hjónin Árni Á. Þorkelsson (1852-1940) og Hildur S. Sveinsdóttir (1874-1931), sem keyptu jörðina 1886, en Árni hafði þá verið ráðsmaður á Geitaskarði frá 1873.<sup>121</sup> Árið 1925 hófu þar búskap Sigríður dóttir þeirra (1893-1967) og Þorbjörn Björnsson (1886-1970) og keyptu jörðina árið eftir. Þau létu af búskap 1946 og við tóku Sigurður sonur þeirra (1916-2002) og Valgerður Ágústsdóttir (1923-), sem bjuggu á Geitaskarði til 1976.<sup>122</sup> Ábúendur og eigendur jarðarinnar frá þeim tíma eru Ágúst Sigurðsson (1945-) og Ásgerður Pálsdóttir (1946-), en þau hafa rekið ferðaþjónustu og bændagistingu í gamla íbúðarhúsinu allt frá árinu 1984.

<sup>118</sup> Fornleifaskráning Blönduósbæjar III, s. 31-37 og 82.

<sup>119</sup> Jón Torfason (2006); Jón Torfason (2007), s. 119-120; Páll V. G. Kolka (1950), s. 74; Húnavaka 8. árg. 1968, s. 64; Fornleifaskráning Blönduósbæjar III, s. 19-22.


<sup>120</sup> Jón Torfason (2007), s. 119-120; Páll V. G. Kolka (1950), s. 74-76; Húnaþing II, s. 147; Óðinn 12. árg. 1916-1917, 1. tbl., s. 5.

<sup>121</sup> Óðinn 13. árg. 1917-1918, 5. tbl., s. 37.

<sup>122</sup> Húnavaka 43. árg. 2003, s. 152.


## Horfin bæjarhús

Bæjarstæðið rís hátt í landi vestur undan mynni Skarðsskarðs í Langadalsfjalli, þar sem gamli reið- og hreppavegurinn til Laxárdals lá um hlaðið á Geitaskarði. Í byrjun síðustu aldar stóð þar stór og reisu- legur torfbær, sem rifinn var nokkrum árum eftir byggingu nýja íbúðarhússins 1910. Hluti hans var byggður í tíð Ísleifs Einarssonar sýslumanns 1792-1800, en greinargóð lýsing á húsaskipan ásamt grunnmynd og útlitsteikningu birtist í *Húnavöku* 1990.<sup>123</sup> Í sóknarlýsingu frá 1839 var bærinn á Geitaskarði talinn „reisulegasti bærinn“ í sókninni og stóð þá enn „bygging etatsráðs Ísleifs“ Einarssonar.



Bærinn stóð ofan (austan) við núverandi íbúðarhús og örlítið sunnar.<sup>124</sup>

Útlitsteikning Sigurðar Þorbjarnarsonar af gamla bænum, gerð 1990. Timburþil á baðstofu og suðurhúsi (t.h.) og stofu og kontór snúa mót suðri, en langhliðar framhúsa bæjarins ásamt bæjardyra- og skemmuburstum fram á hlaðið. (*Húnavaka* 30. árg. 1990, s. 157.)



Grunnteikning Páls H. Árnasonar af Geitaskarðsbænum. Skýringar: 1. Bæjardyr með dyralofti. 2. Spískamers. 3. Göng. 4. Kontór. 5. Stofa. 6. Miðbæjarstofa. 7. Suðurhús. 8. Norðurhús. 9. Maskínuhús. 10. Búr. 11. Hlóðaeldhús. 12. Gamla eldhús, skinnageymsla. 13. Gamla búr. 14. Skemma. 15. Skemma, síðar folaldahús. 16. Smíðja. 17. Bænahús, síðar eldiviðargeymsla. 18. Eldiviðarhlaðastæði. 19. Safnþró með kamri. (*Húnavaka* 30. árg. 1990, s. 158.)

## Íbúðarhús

Árið 1910 réðst Árni Þorkelsson í byggingu steinsteypuhúss, sem enn rís tignarlega á bæjarstæðinu. Þetta framtak sætti tíðindum og var þess m.a. getið í blaðinu *Norðra* þá um sumarið með þessum orðum: „Árni bóndi á Geitaskarði í Langadal byggir stórt steinsteypuhús á jörð sinni í sumar.“<sup>125</sup> Og í



manntali, sem tekið var 1. desember, sagði ennfremur að þá væri þar „steinhús í smíðum, 20×14 álnir“. Meðal heimilisfólks á bænum var þá skráður „aðkomandi“ Páll Friðriksson (1876-1935) steinsmiður ásamt eiginkonu og dóttur, sem áttu annars heimilisfesti í Skagafirði.<sup>126</sup> Líklega hafði Páll þá dvalið á Geitaskarði frá því að bygging hússins hófst um sumarið.

Eldsta mynd sem geymst hefur af íbúðarhúsinu. Til hægri grillir í gamla torfbæinn. (Ljósmynd. Óþekktur. / Eigendur: Ágúst Sigurðsson og Ásgerður Pálsdóttir.)

<sup>123</sup> Sigurður Þorbjarnarson (1990), s. 156-159.

<sup>124</sup> *Fornleifaskráning Blönduósarbæjar III*, s. 19 og 21.

<sup>125</sup> *Norðri* 5. árg., 31. tbl., 20. ágúst 1910, s. 123.

<sup>126</sup> Páll lærði steinsmíði og múrverk á Akureyri og stundaði þá iðn, mótaupplátt og húsbyggingar frá 1908 til æviloka. Hann var fyrsti steinsmiðurinn, sem settist að á Sauðárkróki og byggði fyrsta húsið (Ljósmyndarahúsið eða Steinhúsið), sem þar var reist úr steiptum hleðslusteini árið 1908. Árið 1909 vann hann m.a. að því að steypa íbúðarhús á Skíðastöðum í Skagafirði, sbr. *Sunnudagsblað Tímans* 5. árg., 11. tbl., 20. mars 1966, s. 254. Meðal annarra húsa, sem Páll vann að byggingu á í Húnaþingi, var íbúðarhúsið á Holtastöðum 1913-1914 og Undirfellskirkja árið 1915. *Múraratal og steinsmíða II*, s. 603; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 230; *Skagfirskar æviskrár. Tímabilið 1910-1950 III*, s. 238-240.

Húsið var teiknað af Guðmundi Hannessyni (1866-1946), lækni og síðar prófessor. Um það upplýsti hann bróður sinn, Pál Hannesson, með þessum orðum í bréfi dagsettu 23. febrúar 1910: „Í kvöld hef ég setið við að teikna hús fyrir Árna á Skarði, sem langar að byggja í vor.“ Hinn 20. september sama ár skrifar Guðmundur: „Veslings Árni á Skarði getur líklega ekki fengið hús sitt undir þak í vetur vegna



viðarleysis. Margsvikinn var hann.“ Ennfremur er getið um smíð hússins í bréfum Páls til bróður síns þetta sama haust (30. október): „Séra Stefán á Kúlu [þ.e. Stefán M. Jónsson á Auðkúlu] ætlar að láta Pál, sem byggði húsið á Skarði byggja annað fyrir sig að sumri.“<sup>127</sup>

*Frá Geitaskarði, skömmu eftir byggingu nýja íbúðarhússins. Til vinstri sér í suðurgafli þess og áfastan inn-gangsskúr handan við hornið. Hluti gamla torfbæjarins er í bakgrunni. (Ljós. óþekktur / Eigandi: Ágúst Sigurðsson og Ásgerður Pálsdóttir.)*

Ljóst er af þessu og öðrum heimildum, að Páll Friðriksson stjórnaði verkum við uppsteypun hússins, vann að múrverki og jafnvel innansmiði að einhverju marki, því að hann var heimilisfastur á Geitaskarði til 1912, en síðan á Holtastöðum 1913-1914, þar sem hann vann að byggingu nýs íbúðarhúss.<sup>128</sup> Sumarið 1910 var unnið að byggingu tveggja annarra steinsteypuhúsa í sýslunni, þ.e. í Flögu og Hvammi í Vatnsdal, og sumarið 1912 var frá því greint í blaðinu *Norðurlandi*, að þá væru aðeins þessi þrjú steinsteypu íbúðarhús „fullger“ í sýsl-



unni, en verið væri að efna til hins fjórða á Eyjólfstöðum í Vatnsdal og „byggja upp kvennaskólann á Blönduósi úr steinsteypu“.<sup>129</sup> Við þessa tölu má bæta prestsbústaðnum á Auðkúlu, sem byggður var 1911 eins og áður segir.

*Geitaskarð 1923. Ofan við íbúðarhúsið stóðu ennþá nokkrar leifar gamla torfbæjarins og jafnframt er steinsteypa Geymsluhúsið í byggingu eða nýbyggt. Sunnan við bæjarlækinn eru torfbyggð gripahús. (Ljós. Matthías Þórðarson. Þjms. Mp/1923-6.)*

Húsið á Geitaskarði taldist á þessum tíma með þeim stærstu á íslensku

bóndabýli.<sup>130</sup> Svohljóðandi lýsing var gefin á því í fasteignamati 1916/18, en á bæjarstæðinu voru þá ennþá „leifar af gömlum torfbæ, fornfálegt og skemma“: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 20×14 álnir með kjallara jafnstórum og undir honum annar kjallari 7½×4 álnir, allur steinsteypdur. Aðalkjallara skipt í 6 herbergi með steinskilrúmum og steypum gólfum. Veggir tvöfaldir fyrir ofan kjallara. Á stofuhæð steinskilrúm eins og í kjallaranum. Loft með 2 álna porti og kvisti. Þak: borðasúð, pappaklætt og járn yfir, 2 reykháfar. Vatnsleiðsla og skolpleiðsla í 2 steypur þrær.“

Árið 1930 var húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 12,55×8,80 m, ein hæð með kjallara og lofti og porti 1,25 m. Kvistur. Þak járnvarið.“ Ítarlegust lýsing var síðan gefin í fasteignamati árið 1940: „Steinhús, 13×9,3 m, hæð frá kjallara 4 m. Vegg hæð í kjallara 2,5 m. Rishæð 3,4 m. Kjallari í jörðu 15

<sup>127</sup> Heim. Ágúst Sigurðsson og Ásgerður Pálsdóttir pr. 10. maí 2018, skv. bréfum í þeirra fórum.

<sup>128</sup> Skagfirskar æviskrár. Tímabilið 1910-1950 III, s. 238-239.

<sup>129</sup> Norðurland 12. árg., 24. tbl., 1. júní 1912, s. 89.

<sup>130</sup> Kirkjur Íslands VIII, s. 230.

m<sup>3</sup>, alsteyptur. Kvistur 4,4×4,4 m. *Einfaldir steinveggir með holrúmum*, innþiljaðir á stofuhæð og mestu leyti á lofti. Óþiljað í kjallara. Þak: borðasúð, pappi og járn. Gólf úr timbri, þreföld milli kjallara og hæðar, hin tvöföld. Skilrúm steypt í kjallara og meirihluti á stofuhæð. Á lofti timbur. Í kjallara:



Eldavélarhús, 2 búr, þvottahús, 2 forstofur og 2 geymslur. Á stofuhæð: 6 herbergi og forstofa. Á lofti: Kvistherbergi, 2 svefnherbergi, geymsla og stigagangur. Hanabitaloft óhólfað til geymslu. Öll íveruherbergi á stofuhæð og lofti veggfóðruð og máluð. Upphitun kolaofnar, vatnsleiðsla og skolpleiðsla.”

*Geitaskarð um 1946 (efst), árið 1953 (miðmynd) og um 1975. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 580. / Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/87. / Ljósmyndasafn A-Hún.)*



Athyglisvert við þessar úttektir er meðal annars það, að útveggir hússins voru ýmist sagðir „tvöfaldir fyrir ofan kjallara“ eða einfaldir „með holrúum“, enda var húsið einangrað með reiðingi eða mómylsnu frá upphafi. Kann því að vera, að Guðmundur Hannesson hafi verið upphafsmaður þessarar byggingaraðferðar hér á landi, en uppsteypa tvöfalda útveggja var þróuð frekar af Jóhanni F. Kristjánssyni húsameistara á næstu árum (sjá nánar kafla 3.8 og 3.11).



Íbúðarhúsið var endurbætt verulega árið 1967 og síðan hafa verið gerðar ýmsar endurbætur og lagfæringar á því.<sup>131</sup> Hefur þess jafnan verið gætt, að húsið haldi sem best upprunalegri gerð og svipmóti. Árið 1987 var rishæðin innréttuð, m.a. með baðherbergi og nýju svefnherbergi vegna ferðapjónustunnar, sem rekin hefur verið í húsinu frá 1984. Þar er nú gisting fyrir 10 manns í 4 herbergjum auk setustofu og baðherbergis. Baðherbergi á stofuhæð var endurnýjað 2005 og eldhús í kjallara einnig 2007.<sup>132</sup>

Eins og fyrr segir er húsið einlyft með kjallara, sem er að hálfu í jörðu, krossreistu mænispaki með útstæðu þakskeggi og portbyggðu risi, kvisti á vesturhlið og tveimur steinsteyptum reyk háfum, sinn hvorum megin húsmiðju. Má raunar segja, að húsið sé á fjórum hæðum og fimm gólfum, því að undir hinum eiginlega kjallara er annar lítill, sem áður fyrr var notaður til geymslu matvæla, og yfir rishæð

<sup>131</sup> *Húnaþing II*, s. 147; *Heim*. Ágúst Sigurðsson og Ásgerður Pálsdóttir pr. 10. maí 2018.

<sup>132</sup> *Heim*. Ágúst Sigurðsson og Ásgerður Pálsdóttir pr. 10. maí 2018.

er lítið geymsluloft, sem nú er lítið nýtt. Aðalinngangur í húsið er á vesturhlið, nærri norðurgafli, en aðrar útidyr eru á austurhlið, nærri suðurgafli. Þar er gengið um lítinn steinsteyptan inngangsskúr með skúrpaki (1,50×2,75 m), sem fylgt hefur húsinu frá upphafi. Allir gluggar hafa verið endurnýjaðir, en þeir eru einkum af tveimur stærðum og gerðum; þeir minni með einum þverpósti og hinir stærri víðast krosspósta nema á austurhlið, þar sem þeir eru með einum þverpósti og opnanlegu fagi. Upphaflega voru gluggar margpósta. Á norðurgafli er skjöldur með áletrun, þ.e. byggingarári hússins (1910) og fangamarki húsbyggjenda, Árna A. Þorkelssonar (ÁAP) og Hildar S. Sveinsdóttur (HSS).



Húsið var mælt upp af Þorgrími G. Pálmasyni sumarið 1991. Skv. þeim mælingum er húsið 12,70×8,9 m að grunnmáli, en rishæðin 6,8 m á breidd með útbyggðum kvisti, 1,05×4,7 m að gólfleti. Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár er heildargólfliötur hússins 321,5 m<sup>2</sup>.<sup>133</sup> Austan og sunnan við húsið er vöxtulegur trjálundur og að húsabaki standa *Geymsluhús* og *Járnsmiðaverkstæði*.



<sup>133</sup> Stefán Jeppesen (2016).

## Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1910	
Fyrstu eigendur:	Árni A. Þorkelsson og Hildur S. Sveinsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Guðmundur Hannesson	Núverandi notkun: Gistirými fyrir ferðafólk
Yfirsmiður:	Páll Friðriksson	

Húsgæði	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypdir	Óbreytt	Tvöfaldir útveggir með holrúmi fyrir reiðing eða mómylsnu.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Þakjárn hefur verið endurnýjað tvívegis.
Undirstaða:	Steinsteypd	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	1967, 1987, 2005-2007: Miklar endurbætur gerðar á húsinu.
	Portbyggt ris	Óbreytt	
	Geymsluloft	Óbreytt	Yfir rishæð er lítið geymsluloft, nú lítið nýtt.
	Kjallari	Óbreytt	
	Geymslukjallari	Óbreytt	Ekki lengur nýttur.
	Stærð	321,5 m <sup>2</sup>	
	Kvistur	Óbreytt	Tveir nýlegir þakluggar eru að austanverðu.
	Reykháfar (2)	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Óbreytt	Var byggður um leið og húsið.
	Gluggar	Breyttir	Voru upphaflega margpósta, en eru nú ýmist með krosspósti eða einum þverpósti og opnanlegu fagi.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er íslensk steinsteypuklassík og fagurlega formað.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er elsta steinsteypa íbúðarhúsið í Engihlíðarhreppi og meðal elstu húsa í Húnavatnssýslum. Það var teiknað af Guðmundi Hannessyni og byggt af Páli Friðrikssyni, sem báðir voru frumkvöðlar í sögu steinsteypuhúsa. Hefur auk þess verið bústaður fjögurra kynslóða sömu ættar í rös 100 ár.
Umhverfislífi:	Hátt	Húsið sómir sér einkar vel á fögru og svipmiklu bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt að utan frá upphaflegri gerð og svipmóti.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í mjög góðu standi og því er vel við haldið.
<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Öll gildi styðja að mikilvægi þess, að húsið verði varðveitt til frambúðar.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Húsið er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Það er fyrsta steinsteypuhúsið, sem byggt var í Engihlíðarhreppi og meðal þriggja elstu steinsteypuhúsa í sveitum A-Húnavatnssýslu, sem byggð voru 1910. Mikilvægt er að húsið verði mælt upp og teiknað og byggingarsaga þess skráð nákvæmlega.



Húsakostur á Geitaskarði um 1946. Lengst til vinstri er smiðja með áföstum þurrkhjalli, þá íbúðarhúsið og sunnan við það tvö geymsluhús, byggð 1926 og 1930. Upp af þeim er torfbyggt fjárhús í fjallsrótum og annað fjárhús ásamt hlöðu sunnan við bæjarlækinn. Neðst til hægri er steinsteypd hlaða frá 1946 og vestan við hana þyrping peningshúsa úr torfi, þ.e. fjós, fjárhús og hesthús.

## Geymsluhús

Árið 1916 voru öll útihús og peningshús á jörðinni úr torfi og timbri með járnvörðum þökum. Suðaustan við bæjarlækinn, þar sem nú standa fjós og heyhlaða, voru þá fjós fyrir 10 nautgripi, fjárhús fyrir 320 sauðfjár og hesthús fyrir 36 hesta. Ennfremur voru hlöður yfir 90 hestburði.

Nokkur breyting hafði orðið á húsakosti árið 1930, því að árið 1923 lét Árni Þorkelsson byggja steinsteypt *Geymsluhús*, 7,50×4,40 m að stærð, en auk þess steinsteypta *safnfor* eða *safnþró* (25 m<sup>3</sup>) við fjósið. Hún er væntanlega löngu horfin, en geymsluhúsið stendur hins vegar enn, rétt sunnan við íbúðarhúsið ásamt viðbyggðri *Geymslu* við norðurgafli, sem reist var 1926 af Þorbirni Björnssyni. Hún var nefnd „Verkfæraskúr“ í fasteignamati 1942, en er nú alltaf kölluð *bílskúr*. Þá var húsunum þannig lýst: „*Geymsluhús*, steinsteyptir veggir, járnþak. Vegghæð 2,8 m, 8×4,9 m. Rishæð 2 m = 150 m<sup>3</sup>.



*Verkfæraskúr* við gafli á geymslu, steypdir tveir veggir, timbur fram. Skúrþak, járn á rimlum, 5,8×4,2×2,2 m = 54 m<sup>3</sup>.“ Skv. mælingum frá 1991 og fasteignamati 2018 er eldri geymslan 4,7×8,20 m (38,5 m<sup>2</sup>) að stærð og sú yngri (nyrðri) 4,10×6,3 m (25,8 m<sup>2</sup>) að stærð. Hún er með skúrþaki og bæði húsin með stóru dyraopi, enda hýsa þau heynnuvélar. Upphaflega voru þó einfaldar dyr og tveir gluggar á vesturhlíð eldri geymslunnar.

*Loftmynd af bæjarstæðinu á Geitaskarði. 1. Íbúðarhús frá 1910. 2. Járnsmíðaverkstæði frá 1930 og þurrkhjallur. 3. Geymsluhús frá 1926 og 1930. 4. Rafstöðvarhús frá 1945. 5. Hlaða og votheysgryfja frá 1946. 6. Fjós frá 1949. 7. Haughús frá 1950. 8. Mjólkurhús og fódurgeymsla frá 1950.*

*Beint upp (austur) af íbúðarhúsinu standa samstæð fjárhús frá 1956 og austan við þau eru leifar af hlöðu og votheysturni frá sama ári. (Loftmyndir ehf.)*



*Geymsluhús suðaustan við íbúðarhúsið. Eldra húsið frá 1926 er til hægri, en yngra húsið með skúrþaki var byggt 1930. (Ljós. Stefán J.K. Jeppesen, 2016.)*

## Smiðja – þurrkhjallur

Fast norðaustan við íbúðarhúsið stóðu *smiðja* og *hjallur* um 1940, en var þó ekki lýst nánar í fasteignamati. Smiðjan, sem nú er kölluð *Járnsmíðaverkstæði*, stendur á líkum stað og helst er talið að hálfkirkja eða bænhús hafi staðið fyrrum. Smiðjan er lítið steinsteypt hús með bárujárnsklæddu



mænisþaki og talin byggð árið 1930, 3,4×3,6 (12,2 m<sup>2</sup>) að stærð. Á húsinu er steinsteyptur reykþáfur og um 1950 var húsið einnig notað sem reykþús. Norðan við smiðjuna er áfastur *þurrkhjallur* úr timbri, 3,4×4,9 m að grunnfleti, einnig með járnklæddu mænisþaki. Óvíst er um aldur hans, en var þó með vissu byggður fyrir 1940.

*Smiðja (t.v.) og þurrkhjallur nærri norðausturhorni íbúðarhússins. (Ljósmynd. Stefán J.K. Jeppesen, 2016.)*

## Rafstöðvarhús

Árið 1945 stóðu þeir bræður, Sigurður og Brynjólfur Þorbjarnarsynir, sameiginlega að því að virkja bæjarlækinn til heimilisnota. Gerð var steinsteypt stífla og vatnið leitt í járnþápu niður í stöðvarhúsið, sem byggt var á lækjarbakkanum, fast austan við peningshúsin sunnan við lækinn. Húsið er steinsteypt með járnklæddu mænisþaki, 1,96×2,85 m að stærð, en lítil útbygging (0,66×1,20 m) er við austurhlíð og heildarstærð hússins því 6,4 m<sup>2</sup>. Rafstöðin er enn í notkun, þótt nú sé rafmagn fengið frá almenningsveitu.



*Rafstöðvarhúsið stendur austan við heyllöðuna. (Ljósmynd. Stefán J.K. Jeppesen, 2016.)*

Norður af gamla fjósinu var fyrrum vatnsmýlla, sem komið var fyrir norðast í breiðum og rúmgóðum gangi, sem lá frá því. Vatn til rennslis myllunnar var tekið úr bæjarlæknum rétt ofan við fjósið. Síðast var malað í henni 1925, en hún stóð þó áfram um nokkur ár.<sup>134</sup>



<sup>134</sup> Jakob Bjarnason (1991), s. 72.

### *Fjós – mjólkurhús – haughús – hlaða – votheysgryfja*

Um 1940 voru nánast engin peningshús steinsteypt á Geitaskarði. Í fjósi var þó steypur flór og einn hliðveggur í fjárhúsi (Hólshúsi). Önnur steinsteypt hús voru: *Haughús* (58,5 m<sup>3</sup>), *tvær þvaggrýfur* (18,7 og 9,0 m<sup>3</sup>), *safnþró* (25,0 m<sup>3</sup>) og *vottheyshlaða* (38,6 m<sup>3</sup>).

Á árabílinu 1946-1950 lét Sigurður Þorbjarnarson reisa þyrpingu útihúsa sunnan við bæjarlækinn og leystu þau af hólmi eldri hús, sem þar stóðu. Húsin mun Sigurður hafa hannað sjálfur, en flest þeirra voru byggð af Kristjáni Gunnarssyni (1903-1986), húsasmíðameistara á Blönduósi eða fyrirtæki hans, Trésmiðjunni Stíganda hf., sem stofnuð var 1947. Fyrst var byggð *heyhlaða* með mænispaki og *votheysgryfju* í norðurenda árið 1946, en hlaðan var síðan stækkuð í tveimur til þremur áföngum á næstu árum. Heildarlengd hennar er 39,7 m, breiddin 4,0 m (158,8 m<sup>2</sup>), vegg hæð 4,3 m og gafflhæð 5,7 m frá sökkli í mæni. Einhverjum árum síðar var byggður sívalingslaga votheysturn við suðausturhorn hlöðunnar.



Árið 1949 var byggt steinsteypt *fjós* fyrir 32 nautgripi í tveimur samstæðum húsum vestan við hlöðuna. Húsin eru með mænispökum og jafnstór, þ.e. 10,8 m á lengd og 8,6 m á breidd (185,8 m<sup>2</sup>).

Árið 1950 var byggt *mjólkurhús* og *fóðurgeymsla* með mænisþaki, samsíða syðra húsinu og áfast því, 10,8 m á lengd og 3,1 m á breidd (33,5 m<sup>2</sup>). Sama ár voru byggð tvö samstæð og jafnstór *haughús* með mænisþökum framundan fjósinu. Hvort hús um sig er 8,0×8,6 m að stærð, eða samanlagt 137,6 m<sup>2</sup>. – Ekkert framangreindra útihúsa gegnir lengur upphaflegu hlutverki sínu, enda lagðist hefðbundinn búskapur með kýr og kindur af á jörðinni fyrir allmörgum árum. Gamla fjósið, ásamt sambyggðri hrossarétt, er þó notað sem geymsla og járníngastaður hrossa.<sup>135</sup>

## Útihús – grunnupplýsingar

### Geymsluhús

Byggingarár:	1926 og 1930			
Fyrsti eigandi:	Þorbjörn Árnason		Upphafleg notkun:	Geymsla
Hönnuður:	Óþekkt		Núverandi notkun:	Geymsla
Yfirsmiður:	Óþekkt			
<b>Húsgerð</b>	<b>Upphaflegt</b>	<b>Núverandi</b>	<b>Helstu einkenni/breytingar</b>	
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt		
Þakgerð:	Mænis-/ skúrþak	Óbreytt		
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt		
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt		
Byggingarlag/útlit:	Einlyft með risi Stærð	Óbreytt 38,5 og 28,8 m <sup>2</sup>	Útidyrum og gluggagerð á eldri geymslunni hefur verið breytt.	

### Smiðja – þurrkhjallur

Byggingarár:	1930			
Fyrsti eigandi:	Þorbjörn Árnason		Upphafleg notkun:	Smiðja / þurrkhjallur
Hönnuður:	Óþekkt		Núverandi notkun:	Geymsla / þurrkhjallur
Yfirsmiður:	Óþekkt			
<b>Húsgerð</b>	<b>Upphaflegt</b>	<b>Núverandi</b>	<b>Helstu einkenni/breytingar</b>	
Útveggir:	Steinsteypa/timbur	Óbreytt		
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt		
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt		
Reykháfur:	Steinsteyptur	Óbreytt		
Undirstaða:	Grjóthlaðin	Óbreytt		
Byggingarlag/útlit:	Einlyft Stærð	Óbreytt 12,2 og 16,7 m <sup>2</sup>		

### Rafstöðvarhús

Byggingarár:	1945			
Fyrsti eigandi:	Sigurður Þorbjarnarson		Upphafleg notkun:	Rafstöð
Hönnuðir/smiðir:	Sigurður og Brynjólfur Þorbjarnarsynir		Núverandi notkun:	Rafstöð
<b>Húsgerð</b>	<b>Upphaflegt</b>	<b>Núverandi</b>	<b>Helstu einkenni/breytingar</b>	
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt		
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt		
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt		
Byggingarlag/útlit:	Einlyft með risi Stærð	Óbreytt 6,2 m <sup>2</sup>		

<sup>135</sup> Heim. Ágúst Sigurðsson og Ásgerður Pálsdóttir pr. 10. maí 2018.

### Fjós – mjólkurhús – haughús – hlaða – votheysgryfja

Byggingarár:	1946, 1949 og 1950	
Fyrsti eigandi:	Sigurður Þorbjarnarson	Upphafleg notkun: Þjónuðu sínum hlutverkum.
Hönnuður:	Sigurður Þorbjarnarson	Núverandi notkun: Standa ýmist auð eða eru nýtt sem geymslur.
Yfirsmiður:	Kristján Gunnarsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft Stærð	Óbreytt 185,8 – 33,5 – 137,6 – 158,8 m <sup>2</sup>	

### Varðveislumat (öll húsin)

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Einföld steinsteypuhús án listræns gildis.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsin eru fjölbreytt safn áhugaverðra útihúsa frá miðri síðustu öld og þjónuðu hefðbundnum búrekstri á góðbýli.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin mynda samstæða heild og sóma sér vel á fögru og svipmiklu bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin eru lítið breytt frá upphaflegri gerð og svipmóti.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru í misjafnlega góðu ástandi, en flestum er þó vel við haldið.
<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Æskilegt væri að húsin stæðu til frambúðar og prýddu staðinn.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að öll húsin verði mæld upp og teiknuð. Auk þess er sérstaklega lagt til, að rafstöðin ásamt stöðvarhúsi verði vernduð með hverfisvernd í aðal- og/eða deiliskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### 3.10 Hnjúkahlíð

#### Staðhættir og saga

Jörðin er nýbýli úr Hnjúkalandi, sem fyrrum tilheyrði Torfalækjarhreppi (sjá s. 6-7). Það var stofnað árið 1942 af hjónunum Skafta Kristóferssyni (1913-2001) og Helgu Maríu Ólafsdóttur (1915-1982).



Pau byggðu þar íbúðarhús og fjárhús af nýju og brutu land til ræktunar á árunum 1942-1944, en fluttu síðan í nýbyggt íbúðarhús árið 1944. Bærinn stendur upp með Svínvetningabraut og vestan undir Hnjúkum (204 m). Suðurmerki jarðarinnar eru gegnt Röðli í Torfalækjarhreppi og mynda jafnframt merki Blönduósbæjar og Torfalækjarhrepps (nú Húnavatnshrepps).<sup>136</sup>

*Hnjúkahlíð um 1975 og 2016. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Stefán J.K. Jeppesen.)*



Eftir lát Helgu Maríu 1982 bjó Skafti áfram í Hnjúkahlíð til 1984, er hann seldi Blönduóshreppi jörðina. Vorið 1985 keyptu hana hjónin Þorsteinn H. Gunnarsson og Inga Þórunn Halldórsdóttir á Syðri-Löngumýri, að undanskildu landi neðan Svínvetningabrautar. Þau endurbýggðu íbúðarhúsið og reistu 30 kúa

nýtísku lausagöngufjós með áburðarkjallara, mjaltabás og kaffistofu á fjóslofti (335 m<sup>2</sup>), rétt norðaustan við bæinn. Þau settust þó aldrei á jörðina og luku ekki byggingu fjóssins, því að árið eftir var jörðin svipt framleiðslurétti til mjólkurframleiðslu. Niðurstaðan varð sú, að Jarðasjóður ríkisins keypti jörðina 1987.<sup>137</sup> Skömmu síðar tók Hjörtur Karl Einarsson íþróttakennari jörðina á leigu, breytti fjósinu í hestabúgarð og rak þar tamningastöð og hestatengda ferðaþjónustu frá 1992 til 2012.<sup>138</sup> Frá þeim tíma hefur jörðin verið í eyði, en núverandi eigendur eru Bjarni Kristinsson og Brynja Birgisdóttir.<sup>139</sup> Í Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 er ráðgerð frístundahúsabyggð á jörðinni og var fyrirhugað svæði deiliskipulagt í því skyni 2006.<sup>140</sup>

#### Íbúðarhús

Húsið var byggt af Skafta Kristóferssyni árið 1943 og flutt í það árið eftir. Ókunnugt er um hönnuð þess, en líklega var fylgt teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins. Húsið er einlyft og kjallaralaust með bárujárnsklæddu valmaþaki, en norðurendi þess er nokkru breiðari en sá syðri. Heildarflatarmál hússins er 107 m<sup>2</sup>. Það er hlaðið úr steiptum hleðslusteini, en þakkantur steiptur í mót. Upphaflega

<sup>136</sup> Kristinn Pálsson (1976), s. 20; *Húnaþing* II, s. 285; *Húnavaka* 23. árg. 1983, s. 176-177; 42. árg. 2002, s. 171-172; *Íslendingaþættir Tímans* 15. árg., 40. tbl., 13. okt. 1982, s. 7; *Morgunblaðið* 89. árg., 151. tbl., 6. júlí 2001, s. 38.

<sup>137</sup> *Vikublaðið* 3. árg. 1994, 4. tbl., s. 16; *Heim*. Þorsteinn H. Gunnarsson pr. 6. maí 2018.

<sup>138</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Feykir* 13. árg., 13. tbl. 1993, s. 5; 26. árg., 15. tbl. 2006, s. 4; 27. árg., 38. tbl. 2007, s. 7; *Húnavaka* 33. árg. 1993, s. 225.

<sup>139</sup> *Heim*. Valgarður Hilmarsson pr. 17. maí 2018; *Lögbýlaskrá* 2017.

<sup>140</sup> *Blönduósbær. Aðalskipulag 2010-2030*, s. 26.

voru tvennar útidyr á vesturhlið hússins, en múrað hefur verið upp í dyrnar á norðurenda. Aðrar útidyr eru á suðurhluta austurhliðar og snúa að útihúsum, sem standa kippkorn austan við íbúðarhúsið.



Austurhlið (t.v.) og vesturhlið íbúðarhússins. (Ljósmynd. Páll J. Lindal, 2015.)

Gluggar eru einkum af tveimur stærðum og allir með einum lóðréttum pósti. Enginn gluggi er á suðurgafli og aðeins einn á norðurgafli. Minni gluggarnir eru með upphaflegu sniði, þ.e. einum miðju-settum lóðpósti, en stærri gluggum hefur hins vegar verið breytt. Skv. ljósmynd frá um 1975 virðist sem þeir hafi upphaflega verið sex rúðna með tveimur lóðréttum póstum, einum þverpósti og opnanlegu fagi. Breyting á gluggasetningu var gerð nokkru síðar. Tveir steinsteyptir reykháfar, sem upphaflega voru á húsinu, hafa einnig verið fjarlægðir. Að öðru leyti mun húsið vera óbreytt að ytri gerð og virðist ástand þess gott. Þakkantur er þó farinn að gefa sig á nokkrum stöðum. Við endurbætur Þorsteins og Ingu Þórunnar á húsinu árið 1985 voru gólf í eldhúsi og víðar grafinn upp, allar vatns-, skólpu- og raflagnir endurnýjaðar ásamt eldhúsinnréttingum.<sup>141</sup> – Húsið er fremur berangurslegt í gamalgrónu túni, vestan við útihúsin, en umhverfis það er ekki annar gróður en vöxtulegt reynitré, skammt suðvestan við húsið.



### Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1943	Upphafleg notkun:	Íbúðarhús
Fyrstu eigendur:	Skafti Kristófersson og Helga María Ólafsdóttir	Núverandi notkun:	Í eyði
Hönnuður:	Óþekkt		
Smiður:	Skafti Kristófersson		

<sup>141</sup> Heim. Þorsteinn H. Gunnarsson 6. maí 2018.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steyptur hleðslusteinn	Óbreytt	
Þakgerð:	Valmabak	Óbreytt	Steyptur þakkantur.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Hefur augljóslega verið endurnýjað.
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Reykháfar (2)	Horfnir	
	Útidyr (3)	Tvennar	Upphaflega 3 dyr, hefur verið múrað upp í dyr á vesturhlíð.
	Gluggar	Breytt	Voru ein- og margpósta, en gerð stærri glugga hefur verið breytt.
	Stærð	107 m <sup>2</sup>	Óbreytt frá upphafi

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er erfitt að stílgreina, en gæti verið byggt eftir staðlaðri teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið á sér ekki aðra sögu en að hafa þjónað sem íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er mikilvægur hluti húsamstæðunnar, en ólíklega verða útihúsin endurbyggð og varðveitt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er tiltölulega lítið breytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið virðist vera í góðu ásigkomulagi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Lágt	Æskilegt væri að húsið stæði áfram og þjónaði hlutverki sínu.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

## Fjárhús

Tvö gömul og steinsteypt útihús standa á jörðinni, austan við íbúðarhúsið, þ.e. *fjárhús* fyrir 275 fjár með áburðarkjallara, byggt 1943, og *heyhlaða* frá 1951. Búið er að rífa *fjós* og *kálfahús*, sem voru áföst hlöðunni að vestanverðu. Fast norðan við hlöðuna eru *véla-* og *verkfærageymsla* frá 1959 og *heyhlaða* frá 1968, en allnokkru norðar er *hesthús* frá 1993.<sup>142</sup>



<sup>142</sup> *Húnaþing II*, s. 285; Stefán Jeppesen (2016); [www.skra.is](http://www.skra.is).

Heyhlaðan frá 1951 stendur austan við íbúðarhúsið og snýr stöfnum í norður-suður. Áföst vesturhlið hennar voru fjós og kálfahús, sem nú hafa verið rifin, en á ómáluðum veggfleti hlöðunnar standa eftir dyraop og önnur ummerki um gerð húsanna. Hlaðan er steinsteypt með bárujárnsþaki og ásigkomulag hennar hrörlegt; glugga- og dyraop standa flest opin og er húsið því óvarið fyrir ágangi veðra og vinda. Austan við hlöðuna og áfastar henni eru leifar fjárhússins frá 1943. Steinsteyptir útveggir standa ennþá, en lágreist bárujárnsþakið hefur verið fjarlægð. Á suðurhlið er lítill gluggi, næst hlöðu, tvískiptur með lóðréttum pósti. Á norðurhlið er fjölpósta gluggi og á vesturgafli eru tveir samskonar gluggar og fernar dyr.



## Fjárhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1943	Upphafleg notkun:	Fjárhús
Fyrstu eigendur:	Skafti Kristófersson	Núverandi notkun:	Stendur autt - ónothæft
Hönnuður:	Óþekkt		
Smiður:	Skafti Kristófersson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Útveggir múrhúðaðir.
Þakgerð:	Lágt mænispak	Óbreytt	Eftir standa aðeins sperrur.
Þakklæðning:	Bárujárn	Horfið	Þakjárn hefur verið fjarlægð.
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Útidyr (4)	Óbreytt	Dyraop eru flest hurðalaus.
	Gluggar	Óbreytt	Ein- og fjölpósta, en rúður vantar í flesta glugga.
	Stærð	Óbreytt	Húsið hefur ekki verið mælt upp.


## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefur ekkert listrænt eða byggingarsögulegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefðbundið og sögulaust gripahús.
Umhverfisgildi:	Lágt	Vegna lélegs ástands hefur húsið ekkert umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Það sem eftir stendur af húsinu heldur upphaflegu svipmóti.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Útveggir eru í slæmu ásigkomulagi, gluggar, þak og annað tréverk ónýtt.
<b>Varðveislugildi:</b>	Lágt	Vegna mikils kostnaðar er ólíklegt að húsið og nálæg útihús verði nokkru sinni endurbyggð.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað sem fyrst.

### 3.11 Holtastaðir


#### Staðhættir og saga

Holtastaðir eru landnámsjörð og bjó þar fyrstur Holti Ísröðarson, sem nam Langadal ofan frá Móbergi og sennilega til sjávar og allt að Laxá í Refasveit. Jörðin er fornfrægt höfuðból og vildarjörð, metin til



90 hundruða að fornu mati. Henni tilheyrðu þrjár hjáleigur, sem nú eru í eyði, þ.e. Hjalta-  
staðakot (í eyði 1946), er stóð um 300 m norðvestur af heimabænum, Sneis (í eyði 1936) og Eyrarland (í eyði 1887) á Laxárdal. Einnig eiga Holtastaðir væna landspildu í Svínvatnshreppi, vestan Blöndu, er nefnist Holtastaðareitur, og var þar áður smábýli. Nýbýlið Fagranes var enn fremur byggt úr Holtastaðalandi árið 1936<sup>143</sup> (sjá kafla 3.7). Bændakirkja hefur staðið á Holtastöðum frá ómunatíð. Hún varð snemma mjög auðug og fylgdu henni talsverðar jarðeignir. Segir nánar af henni í kafla 3.12 hér á eftir.

*Túnakort Holtastaða 1918. Hannes Jónsson.*



*Loftmynd frá 2018. Neðst til vinstri er Holtastaðakirkja (gulur depill), en sunnar fjárhús og heyhlaða ásamt geymslu frá 1927. Ofar er íbúðarhúsið ásamt gróskumiklum trjálundi, en efst þyrping útihúsa, þau elstu frá 1948. (www.skra.is / Loftmyndir ehf.)*

Á 16. öld komust Holtastaðir í eigu Jóns Arasonar Hólabiskups og sátu niðjar hans jörðina allt til loka 18. aldar, sumir auðsælir valdamenn. Allengi á 19. öld var þar margbýli og jörðin þá með köflum í niðurníðslu.<sup>144</sup> Árið 1863 keypti Jón Guðmundsson söðlasmiður (1818-1877) Holtastaði og hefur jörðin verið í eigu og ábúð niðja hans til þessa dags. Frá 1883 bjuggu þar dóttir hans, Kristín Jónsdóttir (1848-1931) og Jósafat Jónatansson (1844-1905) alþingismaður. Vorið 1906 tók við búinu sonur þeirra, Jónatan Jósafatsson Líndal

(1879-1971), sem bjó í fyrstu með móður sinni og síðar eiginkonum, Guðríði S. Líndal (1878-1932) skólástýru og Soffíu P. Líndal (1901-1990) hjúkrunkonu. Jónatan og Soffía létu af búskap 1963 og við jörðinni tóku sonur þeirra og tengdadóttir, Haraldur *Holti* J. Líndal (1939-2013) og Kristín Jónsdóttir (1943-), sem nú býr á Holtastöðum ásamt Jónatan syni þeirra.<sup>145</sup>

<sup>143</sup> *Húnaþing* II, s. 146; Páll V. G. Kolka (1950), s. 77-82; Jón Torfason (2006); Jón Torfason (2007), s. 120-121; *Fornleifaskráning Blönduós-bæjar* III, s. 50-51 og 61.

<sup>144</sup> Páll V. G. Kolka (1950), s. 78-80; Jón Torfason (2006).

<sup>145</sup> *Óðinn* 3. árg., 10. tbl. 1907-1908, s. 83-84; *Húnavaka* 12. árg. 1972, s. 122-127; 31. árg. 1991, s. 164-165; *Morgunblaðið* 58. árg., 258. tbl., 13. nóv. 1971, s. 22; 101. árg., 126. tbl., 1. júní 2013, s. 48; Þorsteinn Matthíasson (1963), s. 5-12.

## Horfin bæjarhús

Bæjarstæðið er austan þjóðveggar við rætur Langadalsfjalls og ofarlega í túni, sem hallar vestur að Blöndu. Gömlu bæjarhúsin stóðu nær fjalli og ofan við núverandi íbúðarhús. Skv. manntali 1910 var



torfbærinn með 5 heilþiljum og einu hálfþili. Miðað við úttektir frá árunum 1881, 1883 og 1906<sup>146</sup> virðist sem bærinn hafi haldið að mestu óbreyttu formi og útliti á því árabili, enda líkur á að hann hafi að verulegu leyti verið byggður í tíð Jóns söðla Guðmundssonar á árunum 1863-1873.

*Gömlu bæjarhúsin á Holtastöðum um aldamótin 1900. Lengst til hægri er stofa, næst bæjardyr og skáli og síðan skemma. Að baki þessum húsum eru baðstofan, búr, maskínuhús og hlóðældhús, en milli skemmu og smiðju, sem er lengst til hægri, er rétt með grindverki að hlaði. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 590.)*

Bæjarhúsin voru eftirtalin skv. úttekt, sem gerð var 14. júní 1906: 1) *Baðstofa* 13¼ al. á lengd, 6 álnir á breidd og 4 álnir undir mæni, gólfbyggð með stiga og þremur tröppum upp í húsið, alþiljuð með plægðri reisifjöl og skilrúmsþili, 7 rúmstæðum og þar af einni lokrekkju. Á suðurstafni var sex rúðna gluggi, á vesturhlið þrjú fjöggra rúðna gluggar og á austurhlið einn gluggi sömu gerðar. 2) *Stofa* var sunnan megin við bæjardyr, um 6½ alin á lengd og 5½ alin á breidd, máluð blá og bleik með lokrekkju og stigahúsi til uppgöngu á loft við austurstafn og bakþil, sem aðskildi maskínuhús og stigahúsið. Framstafn stofunnar var tvöfalt standþil með listum og vindskeiðum og tveimur sex rúðna gluggafögum. Frá stofunni lá alþiljaður gangur til bæjardyra. 3) *Skáli* var norðan við *bæjardyr* og undir sama risi. Allt húsið var röskar 5 álnir á lengd og 7 álnir á breidd, en bæjardyrnar voru 2 álnir af breidd þess, þiljaðar að sunnanverðu. Skálinn var alþiljaður með þilgólfi og afþiljuðu stigahúsi og stiga með 6 tröppum upp á loftið, sem var yfir öllu húsinu. Á því öllu var listað útiþil með vindskeiðum, tveimur 6 rúðna gluggafögum og einum 8 rúðna glugga fyrir ofan bita. Árið 1881 voru stofu- og skálabilin máluð, en „máling að mestu affarin“. 4) *Búr* og *maskínuhús* voru austur af stofunni og undir sama risi með innangi úr göngum sunnan megin, en maskínuhúsið var líklega byggt um eða skömmu fyrir aldamótin 1900. Allt húsið var 11 álnir að lengd og 4¾ á breidd. 5) *Eldhús* (þ.e. hlóðældhús) var 9 álnir að lengd og 4¾ alin á breidd. 6) *Göng* láu frá bæjardyrum til baðstofu, 15 ½ alin á lengd. 7) *Skemma* var norðan við bæjardyr og skála, 7 álnir að lengd og 4 álnir á breidd með listuðu útiþili með vindskeiðum og einum glugga fyrir ofan bita. 8) Nyrst var *smiðja*, 5 álnir að lengd og 3½ al. á breidd með standþili, en milli skemmu og smiðju var um 192 ferálna *rétt*, grjóthlaðin að austan en með grindum af tré fram á hlaðið.<sup>147</sup>

Heima við bæ voru einnig *hesthús* fyrir 6 hesta og *fjós* yfir 11 nautgripi, mestanpart hlaðið úr grjóti, ásamt *fjóshlöðu* fyrir um 200 hesta. Fram af fjósinu var *brunnhús* „með grjótveggjum til beggja hliða“ og einum tveggja rúðna glugga að sunnanverðu. „Fellur bæjarlækurinn gegnum það“, og „frá fjósdyrum til vatns og útidyra“ var þver- og langreftur *ranghali*. Norðan undir bænum var að síðustu *kamar* með safnfor (hlandfor), standþili og listaðri hurð á járnum.<sup>148</sup>

Önnur útihús stóðu fjær bæjarhúsum, þ.e. 5 fjárhús, hesthús, hrútakofi og þrjár heyllöður, en auk þess nýlegt *mylnuhús* með grjóthlöðnum veggjum og 6 álna löngum vatnsstokki „út í gegnum vegginn“. Fast sunnan við bæinn var ennfremur hringlaga kirkjugarður, þar sem hluti gömlu torfkirkj-

<sup>146</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbækur Engihlíðarhrepps 1877-1889 (28. maí 1881 og 4. maí 1883) og 1901-1923 (14. júní 1906).

<sup>147</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1901-1923 (14. júní 1906).

<sup>148</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1901-1923 (14. júní 1906).

unnar, sem látinn var standa eftir niðurrif hennar 1892, þjónaði sem geymsluhús uns það var rífið 1915<sup>149</sup> (sjá síðar). Flest bæjarhúsin voru rifin um 1914-1915 eftir byggingu nýja íbúðarhússins.<sup>150</sup> Skv. fasteignamati 1916-1918 voru þó ennþá uppstandandi skemma og smiðja, og um 1940 stóðu enn þessi hús: „Skemma með þilstafni, annar hliðveggur steypdur, aðrir veggir úr torfi, torfþak. Smiðja með þilstafni, torfveggjum og þaki. Eldhús (hlóðahús) torfveggir og þak, 45 m<sup>3</sup>.“

## Íbúðarhús

Jónatan J. Líndal tók við búi á Holtastöðum vorið 1906 og endurreisti á næstu áratugum öll hús jarðarinnar. Hann dvaldi við nám og störf í Noregi 1903-1905<sup>151</sup> og kynntist þá ýmsum nýjungum í húsa-gerð, sem jafnvel urðu að einhverju marki fyrirmyndir að því íbúðarhúsi, sem hann byggði á Holta-



stöðum 1913-1914.<sup>152</sup> Hönnun hússins lýsti Jónatan þó ekki í frásögn sinni af byggingu þess hálfri öld síðar, en gat þess eins, að allt timbur hefði hann flutt inn frá Noregi og aflað sér upplýsinga um sementsnotkun af bókum, sem hann fékk sendar frá Ameríku „um ýmislegt efni varðandi byggingar“ (sjá síðar).

*Holtastaðir á árabílinu 1927-1935. (Ljósmynd. Gestur Oddleifsson. Þjms. GO-37.)*



*Holtastaðir um 1975 eða skömmu áður en byggt var við fjósið. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

Skv. öðrum heimildum var Jóhann Franklín Kristjánsson (1885-1952) byggingameistari hönnuður hússins, eða gerði a.m.k. uppdrátt að því og efalítið í samvinnu við Jónatan bónda. Í ferðalýsingu frá sumrinu 1924, sem birtist í *Tímanum* 1932, sagði meðal annars: „Holtastaðabúið er fyrsti sveitabærinn, sem byggður var hér á landi með tvöföldum steinveggjum, eftir fyrirsögn Jóhanns Kristjánssonar.“<sup>153</sup> Þess má þó

geta, að árið 1910 var steinhúsið á Geitaskarði byggt með tvöföldum steinveggjum og tróðholi skv. fyrirsögn Guðmundar Hannessonar læknis, sem teiknaði húsið. Samkvæmt rannsóknum Harðar Ágústssonar var húsið á Holtastöðum hins vegar „elsta verk“ Jóhanns og bar ásamt húsinu á Fremstagili „mjög svipmót kaupstaðahúsanna á þeim tíma“.<sup>154</sup> Að hönnun og byggingu þessara húsa vann

<sup>149</sup> Jónatan J. Líndal (1957), s. 221.

<sup>150</sup> *Fornleifaskráning Blönduósþéttar III*, s. 52.

<sup>151</sup> Þorsteinn Matthíasson (1963), s. 7-8.

<sup>152</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Kristín Jónsdóttir pr. 18. okt. 2016. Skv. frásögn hennar hannaði Jónatan húsið eða lét byggja það að norski fyrirmynd eftir bókum sem hann aflaði sér.

<sup>153</sup> *Tíminn* 16. árg., 36. tbl., 20. ágúst 1932, s. 136. Þar segir ennfremur: „Ég man sérstaklega eftir einni sveit, sem við fórum um þá, Langadal í Austur-Húnavatnssýslu. Þá voru íbúðarhús úr torfi á öllum bæjum nema tveimur, Geitaskarði og Holtastöðum. [...] Nú mun láta nærri, að í þessari sveit sé steinhús á öðrum hverjum bæ. Öll hafa þau verið byggð á 2-3 síðustu árum.“

<sup>154</sup> Hörður Ágústsson (2000), s. 366. Hörður áleit hins vegar, að húsið á Holtastöðum hefði verið byggt 1913 og væri því ári eldra en húsið á Fremstagili.

hann á árunum 1913-1914, svo og að steinsteyptu íbúðarhúsi á Hjaltabakka, eins og áður er lýst (sjá kafla 3.8).



*Holtastaðir um 1950. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

Um hálfri öld eftir byggingu Holtastaðahússins rifjaði Jónatan Líndal upp þá sögu í viðtali, sem birtist í *Húnavöku* 1963. Sagðist honum svo frá:

Eiginlega er mér minnstæðast þegar ég byggði þetta hús 1913-1914. Það var erfitt. Allan við í móta-uppslátt mátti ég sækja norður á Sauðárkrók. Við vorum tveir saman og höfðum með okkur snúninga-dreng. Ellefu hesta höfðum við undir drögur - og voru þær lengstu 8 álna langar. Við fórum Kamba. Það er leiðin: Strúgsskarð—Litlavatnsskarð—Víðidalur—Kambar. í Kömbum er einstigi norðan við Kattar-hrygginn, þar sem við þurftum að halda undir drögurnar. Til þess að koma timbrinu óskemmdu urðum við að negla á þær, svo borðin drægjust ekki niður. Allt annað timbur, sem ég notaði í bygginguna, ásamt gluggum, pantaði ég frá Noregi. Vegurinn frá Blönduósi fram Langadal að Geitaskarði, var lagður 1905, svo ég gat flutt timbur og sement á fjórhjóluðum vagni, sem ég fékk að utan. Sement það, sem ég fékk til að byrja með, reyndist ónothæft, en því gat ég prófað notagildi þess, að vinur minn einn, skólabróðir frá Möðruvöllum - sátum saman, Indriði Benediktsson frá Skörðugili í Skagafirði, búsettur í Ameríku, hafði sent mér margar bækur um ýmislegt efni varðandi byggingar. Eftir fyrirsögn þessara bóka prófaði ég sementið, og fékk svo skipt á því og öðru betra. Á ég Indriða mikið upp að unna. Húsið var mjög vandað. Steinhús með tvöföldum veggjum. Stoppað með möluðum mó 8" þykkum. Móinn malaði ég í taðkvörn. Gólfín yfirleitt þreföld og stoppuð, enda húsið mjög hlýtt. 6" og 7" tré eru í bitum og 4x6" í sperrum. Þetta var eitt af fyrstu húsum, sem byggð voru í héraðinu. Árni á Geitaskarði mun hafa byggt 1910.<sup>155</sup>


Helst verður ráðið af skýrslu Jóhanns Fr. Kristjánssonar um „verkleg störf“ hans árið 1914, að á því ári hafi húsið verið steipt upp og lokið ytra frágangi þess. Þá vann Jóhann „lengst á Holtastöðum í Langadal, um 10 vikur“ og aðrar fjórar á Hjaltabakka, en hafði jafnframt „umsjón með húsinu, sem bygt var á Fremstagili“ (sjá nánar kafla 3.8). Um byggingu hússins skrifaði Guðmundur Hannesson hins vegar í sendibréfi haustið 1913: „Nú byggir Jónatan á Holtastöðum hús eptir minni uppástungu í Búnaðarritinu með tvöföldum veggjum og mold á milli.“<sup>156</sup> Má því ætla, að byrjað hafi verið á húsinu sumarið 1913 og steiptur að minnsta kosti kjallarinn, sennilega með tilsjón Jóhanns, en ástæða hinnar löngu dvalar hans á Holtastöðum sumarið eftir var sú, að „tíðin [var] stirð og verkamenn allir óvanir steypu-gerð“. Framkvæmdum og húsgerð lýsti Jóhann þannig:

<sup>155</sup> Þorsteinn Matthíasson (1963), s. 8-9.

<sup>156</sup> Hér vísar Guðmundur til ritgerðar sinnar um þetta efni í *Búnaðarriti* 27. árg., 1. tbl. 1913, s. 1-26.

Húsið þar er 14×16½ al., einlyft með 2 álna porti og kjallara, og súlna-svölum. Torfbak er á því með pappa undir á plægðri súð, og timbur þakskegg hefir það mikið. Gólfín í eldhúsi og forstofu eru úr járn-bentri steinsteypu, einnig stigar og stigapallar. Veggirnir eru tvöfaldir, *steyptir hvor í sínu lagi*, og eru steypu-hlutföllin 1 : 4 : 6, og um 15% móti steinlími var notað af smiðjumó til þéttingar. Steypuefnið var gott og verkið vandað. Enda varð ekki annað séð í þeim miklu bleytum, sem gengu í sumar, en veggirnir væru vatnsþéttir. Til tryggingar eru þó ytri veggirnir asfaltaðir að innanverðu. Þykt kjallaraveggja er 20 þml., sömu steypuhlutföll í þeim án smiðjumós, en eins mikið og hægt var, var notað af stóru grjóti. Þykt ytri veggja (yfir kjallara) er 8¾ þuml., þykt innri veggja 3½ þuml., og millibilið 6 þuml., sem alt verður fyllt með mómýlsnu og að nokkru leyti með torfi og mold. Ytri og innri veggir eru samanbundnir með l-myndu-uðum járnteinum á stiku millibili, úr ¼" × ½" bakkatein. Eins má þó hafa sívalt járn. Veggirnir hafa því góðan stuðning hvor af öðrum, án þess að leiða verulegan hita og kulda hvor til annars.<sup>157</sup>

Húsin á Holtastöðum, Fremstagili og Hjaltabakka voru misstór og ólíkrar gerðar, en ýmislegt áttu þau sameiginlegt og einkenndi þau sérstaklega: Þökin voru klædd torfi á pappalagða borðasúð. Flestöll gólf voru úr timbri nema í eldhúsum úr járnbentri steinsteypu. Var það reyndar skoðun Jóhanns, „að öll gólfín ættu að vera steypt, og jafnvel þökin líka, með pappa og torfi yfir“. Öll húsin voru einangruð með mómýlsnu, en á mismunandi hátt. Á Hjaltabakka var þiljað innan á einfalda steinveggi með 4" tróðholi á milli. Á Fremstagili var jafnbreitt tróðhol milli útveggjar og steinhlaðins innri veggjar, en á Holtastöðum voru útveggir tvöfaldir með 6" tróðholi, „steyptir hvor í sínu lagi“ og bundnir saman með járnteinum. Áleit Jóhann, að myndu steinhús með tvöföldum veggjum reynast „hlý og að öðru



leyti góð, þá er enginn vafi á því, að það er aðferð, sem okkur ber að taka alment upp til sveita“. Að síðustu sagðist Jóhann hafa fylgt þeirri reglu við byggingu húsanna „að steypa ytri veggina svo þétta og áferðar-fallega, að eigi hefir gerst þörf að slétta þá á eftir, heldur að eins fjalfara þá (draga yfir þá þunna sandhræru með fjöl) eða rjóða þá steinlímsvatni“.<sup>158</sup>



Meðal þeirra manna, sem unnu að byggingu hússins, voru Jónatan J. Línadal bóndi, Ari Hermann Erlendsson (1879-1934), tré-smiðameistari á Móbergi, og Páll Friðriks-son (1876-1935), steinsmiður úr Skagafirði. Árin 1910-1912 var hann heimilisfastur á Geitaskarði (sjá kafla 3.9) og vann við byggingu hins nýja íbúðarhúss þar, en dvaldi síðan á Holtastöðum 1913-1914.<sup>159</sup>

*Holtastaðir um 1965 og 2016 (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ljós. Stefán J.K. Jeppesen.)*

Árið 1916 var húsinu á Holtastöðum þannig lýst: „Íbúðarhús steinsteypt 16½×12½ alin með jafnstórum kjallara. Port 2 ál-nir. Borðasúð, tvöfaldur pappi yfir og torfbak yst. Veggir tvöfaldir fyrir ofan jörð og stoppað á milli með mómold. Virðist vand- að að veggjum og innréttingu.“ Skv. fasteignamati 1930 mældist húsið 10,35×8,80 m að grunnfleti (innanmál) og portið 1,25 m á hæð, en nákvæm lýsing var gefin á húsinu í fasteignamati 1942:

<sup>157</sup> Jóhann Fr. Kristjánsson (1915), s. 148.

<sup>158</sup> Jóhann Fr. Kristjánsson (1915), s. 148-150.

<sup>159</sup> *Skagfirskar æviskrár. Tímabilið 1910-1950 III*, s. 238-239; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 230.

Íbúðarhús úr steinsteypu, útveggir tvöfaldir, stoppaðir með mó. Þak: borðasúð, pappi og torf, stærð 10,7×9,3 m [utanmál], vegg hæð frá kjallara 4 m. Rishæð 2,5 m. Hæð í kjallara 2,2 m. Skilrúm á stofuhæð og í kjallara að mestu úr steinsteypu. Á lofti úr timbri, gólf og loft úr timbri, tvöföld og þreföld, nema í kjallara og eldhúsi, steipt gólf. Við útidyr er steiptur stigapallur með þaki yfir á steiptum súlum. Á stofuhæð 3 herbergi, eldhúsi og 2 forstofur. Á lofti 5 herbergi og gangur. Í kjallara 5 herbergi og gangur, eitt af þeim til íbúðar, hin til geymslu. Öll íbúðarherbergi veggfóðruð og máluð. Í húsinu er ein múrþípa, eldavél, miðstöð, vatnsleiðsla, bað og vatnssalerni.

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 er heildarstærð hússins 289,1 m<sup>2</sup> og skráð byggingarár þess 1914. Húsið heldur í stórum dráttum upprunalegu svipmóti. Það er eins og fyrr segir talið byggt skv. norskri fyrirmynd. Húsið er einlyft með kjallara og háu portbyggðu risi og bárujárnsklæddu mænispaki með útstæðu þakskeggi, sem var torflagt frá upphafi og fram til ársins 1962. Aðalinngangur í húsið er á vesturhlið um steinsteyptar tröppur og dyrapall. Yfir honum er forskyggni með steiptu grindverki á þrjá vegu og lágreistu mænispaki, sem hvílir á fimm steinsteyptum og ferhyrntum súlum. Á fjalir í þakkverkinni er lettrað: *1914 Holtastaðir*.



Fyrir miðri austurhlið hússins er áföst, steinsteypt viðbygging með lágu mænispaki, þar sem bakinn-gangur er í húsið. Þessi viðbót var byggð 1968, þegar miklar endurbætur voru gerðar á húsinu. Upphaflegri gluggasetningu var þá breytt til núverandi horfs, þar sem flestir gluggar eru tvískiptir með einum lóðréttum þósti og nokkrir með þver- og krossþóstum. Útveggir eru málaðir í gulum lit nema kjallaraveggir, sem eru í dumbbláum lit ásamt skyggnissúlum, en þakið rauðmálað. Steinsteyptur og upphaflegur reykþáfur stendur enn. Sunnan og vestan við húsið er vöxtulegur trjálundur, sem um miðja síðustu öld var talinn sá stærsti í sýslunni, og sunnan við húsið er gamli kirkjugarðurinn. Þar stóðu leifar gömlu torfkirkjunnar til ársins 1915 og enn sjást þar grafir og legsteinar. Þar var síðast jarðsett árið 1971 (Jónatan J. Línal).<sup>160</sup>



<sup>160</sup> www.skra.is; Húnaping II, s. 146; Stefán Jeppesen (2016); Fornleifaskráning Blönduósbæjar III, s. 52.

## Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1914	
Fyrstu eigendur:	Jónatan J. Líndal og Guðríður S. Líndal	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuðir:	Jóhann Fr. Kristjánsson og Jónatan J. Líndal	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Jóhann Fr. Kristjánsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Torf/pappi	Bárujárni	1962: Þakið var klætt bárujárni og torfið fjarlægð.
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portbyggt ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Reykháfur	Óbreytt	
	Útidyr (2)	Óbreytt	Aðalinngangur er á vesturhlið, en bakdyr á viðbyggingu við austurhlið.
	Forskyggni	Óbreytt	Yfir tröppum við vesturhlið.
	Viðbygging	Steinsteypt	1968: Viðbygging byggð við austurhlið.
	Gluggar	Breyttir	Voru líklega krosspósta, en flestum breytt í einpósta 1968.
	Stærð	289,1 m <sup>2</sup>	

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er talið byggt skv. norskri fyrirmynd, en ber þó öll einkenni íslenskrar steinsteyptuklassíkur frá fyrri hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er eitt elsta verk Jóhanns Fr. Kristjánssonar byggingarmeistara og fyrsta húsið, sem hann lét steypa með tvöföldum útveggjum, tróðholi og mómylsnu til einangrunar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið nýtur sín vel á fögru bæjarstæði, í snyrtilegu umhverfi og vel hirtri þyrpingu útihúsa.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Að ytri ásýnd er húsið nánast óbreytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu ásigkomulagi, en þarfnast nokkurs viðhalds.
<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Öll ofangreind gildi mæla með því að húsið verði varðveitt til frambúðar.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Húsið er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Það er ásamt íbúðarhúsinu á Fremstagili næstelst þeirra steinsteypuhúsa, sem byggð voru í Engihlíðarhreppi. Mikilvægt er að húsið verði mælt upp og teiknað og byggingarsaga þess skráð nákvæmlega.

## Hlaða og geymsla

Í túninu, um 90 metra suðvestur af bænum, eru steinsteypt útihús, þ.e. *hlaða* og *fjánhús* ásamt *geymsluhúsi* úr bárujárni. Á fyrri hluta síðustu aldar stóðu þar torfbyggð fjánhús ásamt heyhliðu, svonefnd Syðsta- og Ytra-fjánhús, sem hýstu a.m.k. 90 fjár. Grjóthlaðnir garðar þessara húsa standa enn og þjóna sínu hlutverki í nýrri og stærri fjárhúsum (220,6 m<sup>2</sup>), sem byggð voru úr steinsteypu og bárujárni á grunni hinna eldri árið 1954.<sup>161</sup>



Gömlu grjóthlöðnu garðarnir þjóna enn sínu hlutverki. (Fornleifaskráning Blönduósbæjar III, s. 56.)

Gamla torfhlaðan var rifin 1927 og byggð í hennar stað steinsteypt þurrheyshlaða með háreistu og bárujárns-

<sup>161</sup> Þf. Fasteignamat 1930. 9/1930. BAm/2; www.skra.is; Fornleifaskráning Blönduósbæjar III, s. 56.

klæddu mænisþaki, 118,2 m<sup>2</sup> og 538 m<sup>3</sup> að stærð. Hún er 22,1 m að lengd og 5,35 m á breidd, en vegg hæð er 4,65 m. Á suðurgafli eru stórar og nýlegar véltækar dyr, sem sneitt hafa í sundur tvo litla sex rúðu glugga til beggja handa. Tveir hliðstæðir og upprunalegir gluggar (bogamyndaðir að ofan)



eru á norðurgafli ásamt vindauga (heygátt), og á austurhlið eru tvö minni vindauga eða gluggaop.<sup>162</sup>

Útihúsin um 1950. Fremst eru torfbyggð fjárhús og geymsluhúsið sunnan við þau, en steinsteypta hlaðan að baki. (Ljósmyndasafn A-Hún., myndhluti.)

Árið 1927 byggði Jónatan Líndal einnig geymsluhús vestur úr suðurenda hlöðunnar, áfast henni og sam-síða norðurhlið fjárhúsanna. Húsið er járnklædd

timburgrind með skúrþaki, 3×11,55 m að grunnmáli eða 34,6 m<sup>2</sup>. Það var nefnt *verkfæraskúr* í fasteignamati 1942 með vegg „á tvo vegu og þaki úr jární“. Á vesturgafli er stórt dyraop með vængjahurð og yfir því lítill krossþosta gluggi, en á suðurhlið eru einfaldar dyr og lítill gluggi.



### Hlaða og geymsla – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1927  
Fyrsti eigandi: Jónatan J. Líndal  
Hönnuður: Óþekkt  
Yfirsmiður: Ari H. Erlendsson(?)

Upphafleg notkun: Þurrheyshlaða og verkfæraskúr.  
Núverandi notkun: Hlaða og geymsluhús.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steypa/bárujárn	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak/skúrþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

<sup>162</sup> Stefán Jeppesen (2016). Skv. fasteignamati 1942 var hlaðan með innbyggðri og steinsteyptri votheyslöhöðu (26,5 m<sup>3</sup>).

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin hafa lítið byggingarlistarlegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsin hafa þjónað hefðbundnum búrekstri. Menningarsögulegt gildi felst í aldri þeirra, en hlaðan er <i>elsta hús sinnar tegundar</i> sem nú er uppistandandi í dreifbýli Blönduósbæjar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin mynda samstæða heild og falla vel að nánasta umhverfi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin halda að verulegu leyti upprunalegu svipmóti að undanskildum þeim breytingum sem gerðar hafa verið á hlöðunni.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru í þokkalegu standi miðað við aldur, einkum hlaðan.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Æskilegt væri að húsin stæðu til frambúðar og prýddu staðinn ásamt viðbyggðum fjárhúsum. Sérstaklega ber að huga að hinum grjóthlöðnu görðum.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að öll húsin verði mæld upp og teiknuð.

## Fjós – mjólkurhús – kálfahús

Á bæjarhlaðinu norðan við íbúðarhúsið er þyrping steinsteyptra útihúsa, þar sem framán af síðustu öld stóð m.a. torffbyggt fjós fyrir 10-11 nautgripi ásamt 200 hestburða fjóshlöðu. Fram af fjósinu var þá brunnhús með grjóthlöðnum hliðveggjum. Í gegnum það rann bæjarlækurinn, sem kom þar niður hlíðina ofan af Lágahjalla. Nokkrum metrum neðar við lækinn var mylluhús úr torfi, en vatnsmyllan var lítið eða ekkert notuð eftir 1910.



Norðan við íbúðarhúsið eru sambyggð útihús. Syðst stendur véla- og verkfærageymsla, áföst mjólkurhúsi, en efst er heyhlaðan frá 1997. (Ljós. Stefán J.K. Jeppesen, 2016.)

Gamla torffjósið var rífið árið 1948 og í stað þess voru byggð þetta sama ár steinsteypt fjós með áburðarkjallara, kálfahúsi og mjólkurhús/fóðurgeymsla. Húsin mynda elsta hluta þess steinsteypta útihúsaklasa, sem stendur norðan við íbúðarhúsið. Syðst í þyrpingunni og næst íbúðarhúsi er véla- og verkfærageymsla (73,5 m<sup>2</sup>), sem byggð var 1956 og er áföst suðurgafli mjólkurhússins. Efst í þyrpingunni er stór heyhlaða (320 m<sup>2</sup>), sem snýr göflum í suður-norður. Hún var byggð árið 1997 og leysti af hólmi eldri steinsteypta hlöðu, sem byggð var 1949. Öll húsin eru með bárujárnsklæddum þökum.

Mjólkurhúsið (einnig nýtt sem fóðurgeymsla) stendur á milli vélageymslunnar og eldri hluta fjóssins. Húsið er einlyft með kjallara og lágu mænispaki og snýr stöfnum í norður-suður, 50,2 m<sup>2</sup> að stærð. Á vesturhlið eru tvennar dyr og milli þeirra fjórir margpósta gluggar. Austur úr norðurhluta hússins og áfast því gengur kálfahúsið, samsíða eldri hluta fjóssins. Það er 3,7×6,8 m eða 25,2 m<sup>2</sup> að stærð og með skúrþaki, sem hallar til suðurs. Á suðurhlið hússins eru dyr og tveir margpósta gluggar. Nokkrar breytingar voru gerðar á húsunum 1976 samhliða stækkun fjóssins.



Á myndinni til vinstri sést suðurhlið fjóssins (t.v.), mjólkurhúsið og vesturgafli vélageymslunnar. Til hægri er horft úr norðvestri heim að bænum, þar sem fjósið er fyrir miðju, en hlaða og íbúðarhúsið til sitt hvorrar handar. (Ljós. Stefán J.K. Jeppesen, 2016.)



Til vinstri sést austurhlið mjólkurhúss og suðurhlið kálfahússins, sem er samsíða eldri hluta fjóssins að baki því. (Ljós. Stefán J.K. Jeppesen, 2016.)

Norðan við kálfahúsið og mjólkurhúsið og áfast þeim er eldri hluti fjóssins frá 1948. Undir því öllu er steinsteyptur áburðarkjallari, en húsið er 9,8×13,4 m að grunnfleti eða 131,3 m<sup>2</sup>. Húsið er með lágreistu mænisþaki eins og öll önnur hús en kálfahúsið. Fast austan við fjósið er heyhlaðan, eins og fyrir er lýst. Árið 1975 var byggt við vesturgafli fjóssins og það lengt um 18,05 m eða 176,9 m<sup>2</sup>, svo að eftirleiðis hýsti allt fjósið um 50 nautgripi. Nýrri hlutinn er einnig með áburðar-

kjallara, en á norðurhlið, vesturgafli og hluta suðurhliðar fjóssins er samfelld röð glugga, sem ýmist eru margpósta eða póstalausir.

### Fjós, mjólkurhús og kálfahús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1948	
Fyrsti eigandi:	Jónatan J. Líndal	Upphafleg notkun: Fjós, mjólkurhús, fódurgeymsla og kálfahús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Óbreytt
Yfirsniður:	Óþekkt	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænis- og skúrþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð	131,3 – 50,2 – 25,2 m <sup>2</sup>	

### Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin hafa lítið listrænt og byggingarsögulegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin hafa þjónað hefðbundnum búrekstri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin eru hluti úthúsabýrpingar og mynda áhugaverða og samstæða heild á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Takmarkað upprunalegt gildi vegna breytinga og viðbygginga.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast vera í þokkalegu standi miðað við aldur.
<b>Varðveislugildi:</b>	Miðlungs	Sem hluti húsasamstæðunnar hafa húsin talsvert varðveislugildi.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

## Rafstöðvarhús

Árið 1942 lét Jónatan J. Líndal virkja bæjarlækinn og reisa lítið rafstöðvarhús norðaustan við bæinn. Húsið er steinsteypt með járnklæddu skúrþaki, 2,9 m að lengd, 2,2 m á breidd og framhlið þess 2,2 m á hæð.<sup>163</sup> Rafstöðin var í notkun og framleiddi rafmagn til heimilisparfa fram yfir 1970. Húsið er ennþá í bærilegu ástandi og næstýngst þeirra sex rafstöðvarhúsa, sem byggð voru í Langadal á árabílinu 1930-1945, en af þeim eru nú aðeins þrjú uppistandandi (sjá kafla 3.2, 3.8, 3.9 og 3.13).



Rafstöðvarhúsið á Holtastöðum. (Ljósmynd: Þorgils Magnússon, 7. júní 2018.)

## Rafstöðvarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1942	Upphafleg notkun:	Rafstöðvarhús
Fyrsti eigandi:	Jónatan J. Líndal	Núverandi notkun:	Engin
Hönnuður:	Óþekkt		
Yfirsmiður:	Óþekkt		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Rafstöðin var aflögð um 1970.
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Lítið og látlaust steinsteyptuhús með skúrþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er eitt af þremur varðveittum rafstöðvarhúsum, sem byggð voru í Langadal á tímabilinu 1930-1945.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur á lækjarbakka og fer vel í landi í fögru umhverfi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nánast óbreytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er ennþá í bærilegu standi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi sem minnisvarði um merkan kafla í sögu rafvæðingar til sveita.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, en auk þess verndað með hverfisvernd í aðalskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

<sup>163</sup> Heim. Þorgils Magnússon pr. 7. júní 2018.

### 3.12 Holtastaðakirkja

Kirkja hefur verið á Holtastöðum frá fornu fari, jafnvel allt frá 11. öld, en hennar getur þó fyrst í rekaskrá Þingeyraklausturs 1285 og máldaga Auðunar rauða Hólabiskups frá um 1318. Kirkjan var helguð



heilögum Nikulási og varð snemma auðug að jarðeignum og ýmsum ítökum. Hún naut auk þess tekna af sóknarbæjum og þjónustu við nálægar hálfkirkjur og bænhús, þ.e. á Geitaskarði, Gunnsteinsstöðum, Móbergi, Engi-hlíð, Breiðavaði og Sneis. Holtastaðakirkja var því prestskyld alkirkja á miðöldum og fram um miðja 18. öld, sem tveir prestar skyldu þjóna á kaþólskri tíð, en síðar lengst af annexía, sem fyrst var þjónað frá Blöndudalshólum og síðar Hjaltabakka, Höskuldsstöðum og Bergstöðum.<sup>164</sup>

*Efri mynd: Holtastaðakirkja 1925-1928 meðan hún var ennþá pappklædd að utan. (Ljósms. Isobel Wylie Hutchison. National Geographic Magazine, apríl 1928 / Þjms. Lpr/2002-21-35.)*

*Neðri mynd: Holtastaðakirkja um 1950. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*



Fyrrum, og jafnvel allt frá öndverðu, var kirkjustæðið í hringlaga kirkjugarði sunnan við gamla torfbæinn, sem var ofan við núverandi íbúðarhús.<sup>165</sup> Síðasta torfkirkjan sem þar stóð var byggð árið 1833 og var yfirsmiður hennar Klemens Klemensson (1795-1883), bóndi og kirkjusmiður í Bólstaðarhlíð. Að útliti var hún ekki ósvipuð Víðimýrarkirkju í Skagafirði, nema „miklu hærrí og veglegri“. Sú kirkja var reyndar byggð ári síðar af Jóni Samsonarsyni í Keldudal, sem vann með Klemens að byggingu Holtastaðakirkju. Þegar nýja kirkjan var risin

var þriðjungur torfkirkjunnar rifinn, en það sem eftir stóð var notað sem geymsluhús til ársins 1915, er það var endanlega rífið.<sup>166</sup> Í gamla kirkjugarðinum, sem nú er hluti trjálundarins sunnan við íbúðarhúsið, sjást ennþá grafir og legsteinar, en síðast var jarðað þar árið 1971, er Jónatan J. Líndal óðalsbóndi var jarðsettur.

### Bygging kirkjunnar

Hálfri öld eftir byggingu torfkirkjunnar var hún sögð „í slöku ástandi“ og árið 1888 var hún orðin „[ó]brúklegr að veggjum og þaki“ og viðir hennar fúnir. Var því ákveðið að reisa nýja kirkju og henni valinn staður neðarlega í heimatúninu, á svokölluðum Sveinafleti, drjúgan spöl vestur af bæjarhúsum.

<sup>164</sup> Kirkjur Íslands VIII, s. 163-164; Jónatan J. Líndal (1957), s. 217-220; Fornleifaskráning Blönduósbæjar III, s. 50-51; Sveinn Níelsson (1950), s. 229-236.

<sup>165</sup> Ofan við þennan garð var reyndar annar garður og ef til vill eldra kirkjustæði, sbr. Jónatan J. Líndal (1957), s. 221-222.

<sup>166</sup> Jónatan J. Líndal (1957), s. 221; Kirkjur Íslands VIII, s. 166, en þar er að finna nánari lýsingar á torfkirkjunni.



Þar sem kirkjan var bændaeygn, kom það í hlut jarðeigenda, Jósafats Jónatanssonar og Stefáns Jónssonar á Kagaðarhóli, að standa straum af byggingu hennar.<sup>167</sup> Leitað var til Þorsteins Sigurðssonar (1859-1921), trésmíðameistara á Sauðárkróki, um smíði kirkjunnar. Hann var einn afkastasasti kirkjusmíður landsins og smíðaði alls 14 kirkjur og þar af sex í Húnaþingi, þ.e. á Bergstöðum (1883), í Bólstaðarhlíð (1888), á Holtastöðum og Undirfelli (1893) og á Auðkúlu og Blönduósi (1894).<sup>168</sup>

*Efri mynd: Holtastaðakirkja um 1990. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*



*Neðri mynd: Horft af bæjarhlaði vestur að kirkjunni 2016. (Ljóm. Stefán J.K. Jeppesen.)*

Hafist var handa við kirkjusmíðina 23. maí 1892, fyrst við að hlaða grunnmúr hennar og síðan við sjálfa smíðina. Tókst að setja hana undir þak fyrir veturinn, en lokið var við innansmíði hennar vorið eftir, svo að kirkjan var vígð 5. sunnudag eftir páska 1893 af séra Stefáni M. Jónssyni á Auðkúlu í forföllum prófests. Auk Þorsteins unnu eftirtaldir menn að smíðinni: Guðjón Guðlaugsson í Vatnskoti í Hegranesi, Stefán Jónsson, snikkari og málari á Kagaðarhóli,

Friðrik Magnússon frá Ásbjarnarstöðum, Guðmundur Björnsson á Brandsstöðum, Hjálmar Lárusson á Blönduósi, Björn Andrésson og Jón Hróbjartsson frá Gunnfríðarstöðum. Árið 1897 málaði síðan Stefán á Kagaðarhóli kirkjuna að innan.<sup>169</sup>

## Lýsing kirkjunnar

Holtastaðakirkja er timburhús á steinsteyptum sökkli, sem byggður var um 1976 í staðinn fyrir grjóthlaðinn og steinlímdan grunnmúr, sem hún hvíldi á upphaflega. Kirkjan skiptist í forkirkju í stöpli, framkirkju og sérbyggðan kór undir minna formi. Framkirkjan er 8,28×7,01 m að grunnmáli, kórin 2,67×2,62 m og stöpullinn 2,54×2,62 m og 10 metra hár. Þök kórs og kirkju eru krossreist, en á stöpli er lágreist áttstrent þak og upp af því rís burstsettur turn með lágu þaki, hvortveggja með áttstrendu formi. Þök stöpuls og turns voru klædd zinkblikki í öndverðu, en útveggir og þök framkirkju og kórs klædd pappa, en um 1905 voru þökin bárujárnsklædd og kirkjuveggir 1929.


Kirkjudyr með spjaldsettum vængjahurðum eru á framhlið stöpuls og yfir þeim oddbogaður níu rúðna trégluggi. Uppi yfir dyrum eru tveir gluggar undir oddboga, sá neðri níu rúðna og sá efri með þremur rúðum undir þakskeggi. Á fjórum turnhliðum eru oddbogadregin hljómpop. Veggir og þök turnsins eru klædd sléttjárnri, en upp af turnþaki gengur tréspíra með hnöttum. Á hvorum hliðarvegg

<sup>167</sup> Jónatan J. Línal (1957), s. 222; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 165.

<sup>168</sup> *Kirkjur Íslands VIII*, s. 46-47, 82-83, 166 og 226-230.


<sup>169</sup> *Kirkjur Íslands VIII*, s. 166-169.

kirkjunnar eru þrjár oddbogalagaðir gluggar úr steypujárni með 11 rúðum og einn hliðstæður gluggi á hvorri hlið kórs. Framan við kirkjudyr eru steinsteyptar tröppur með þremur þrepum.<sup>170</sup>



*Grunnteikning kirkjunnar frá 2002 (mkv. 1:100), gerð af arkitektanemum og Poul Nedergaard Jensen. (Kirkjur Íslands VIII, s. 167.)*

bogadregnar dyr af stöpulofti, en upp á það liggur stigi úr forkirkju. Veggir og hvelfingar í kór og framkirkju eru klæddir strikuðum panelborðum. Pré-dikunarstóll frá 1792 er sunnan megin kórðyra í framkirkju. Þeim megin eru níu aftursætir bekkir með bríkum og bakslám og sjö bekkir norðan megin, en að auki er einn bekkur innst við útvegg.<sup>171</sup>



*Langsnið af kirkjunni frá 2002 (mkv. 1:100), gerð af arkitektanemum og Poul Nedergaard Jensen. (Kirkjur Íslands VIII, s. 168.)*



Í meginatriðum heldur kirkjan upprunalegri gerð og útliti, að undanskildum bárujárnsklæddum útveggjum og steinsteyptum sökkli, eins og fyrr er lýst. Gagngerar endurbætur voru gerðar á kirkjunni 1976-1981 og var þá m.a. rifinn steinsteyptur reykháfur,

sem komið var fyrir um 1920. Árið 1978 var kirkjan einnig skraut-máluð að innan af Jóni V. W. Jörgensen málarameistara. Kirkjan er ein sex kirkna sömu gerðar, sem Þorsteinn Sigurðsson kirkjusmiður byggði nærri aldamótum 1900 og enn standa. Áhrifa gotnesks byggingarstíls gætir m.a. í turnbyggingu og oddbogum yfir gluggum, en hvelfingar og grunnform kirkjunnar með kór undir minna formi eru augljós einkenni rómanskrar gerðar. Hinn 6. desember 1942 afhentu Jónatan J. Líndal og Soffía P. Líndal söfnuðinum kirkjuna til eignar og umráða „ásamt sjóði þeim, er henni fylgdi“. Árið 2002 var hún mæld upp og teiknuð af dönskum arkitektanemum undir tilsjón Pouls Nedergaards Jensen.<sup>172</sup> Í ritinu *Kirkjur Íslands VIII* (s. 164-191) eru ítarlegar lýsingar Guðmundar L. Hafsteinssonar arkitekts á innri og ytri gerð kirkjunnar ásamt byggingar- og viðgerðar-sögu hennar, svo og ritgerð Þórs Magnússonar fv. Þjóðminjavarðar um gripi og áhöld kirkjunnar.

<sup>170</sup> *Kirkjur Íslands VIII*, s. 166-172; Jónatan J. Líndal (1957), s. 222-223.

<sup>171</sup> *Kirkjur Íslands VIII*, s. 173-176.

<sup>172</sup> *Kirkjur Íslands VIII*, s. 171-176; *Húnavaka* 3. árg. 1963, s. 8.



Holtastaðakirkja að innan. (Ljósmynd Guðmundur Ingólfsson / Ímynd Kirkjur Íslands VIII, s. 174 og 175.)

## Holtastaðakirkja – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1893	
Fyrstu eigendur:	Jósafat Jónatansson og Stefán Jónsson	Upphafleg notkun: Kirkja
Hönnuður:	Þorsteinn Sigurðsson	Núverandi notkun: Kirkja
Yfirmsiður:	Þorsteinn Sigurðsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur/pappi	Timbur/bárujárn	1929: Kirkjan var klædd bárujárnri að utan.
Grunnmúr	Grjóthlaðinn	Steyptur	Um 1976: Grunnmúr hússins steinsteyptur.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Pappi/zinkblikk	Bárað/slétt járn	Um 1905: Þakið klætt bárujárnri.
Reykháfur	Steinsteyptur	Horfinn	Um 1976: Reykháfur fjarlægður.
Gluggar	Tré/járn	Óbreytt	Oddbogalaga og margþosta gluggar.
Stærð	Óbreytt frá upphafi		2002: Húsið var mælt upp og teiknað.


## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Kirkjan er hönnuð og byggð af Þorsteini Sigurðssyni kirkjusmiði og hefur ýmis gotnesk og rómönsk stíleinkenni.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Kirkjan er ein sex kirkna sömu gerðar, sem Þorsteinn Sigurðsson byggði nærri aldamótum 1900 og ennþá standa á landinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið nýtur sín prýðilega á sléttri grund neðan við bæjarstæðið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Kirkjan er nánast óbreytt frá upphaflegri gerð, nema steinsteyptur sökkull er kominn í stað grjóthlaðins og bárujárn í stað pappi á þökum og útveggjum.
Tæknilegt ástand:	Gott	Kirkjan er í góðu ásigkomulagi og vel hirt.
<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Kirkjan er sóknarkirkja og friðuð samkv. lögum.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36 gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og friðlýst 31. desember 2012 skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

### 3.13 Hvammur

#### Staðhættir og saga

Jörðin Hvammur liggur milli nýbýlanna Skriðulands og Fagraness, sem skipt var úr landi Móbergs og Holtastaða árin 1969 og 1937. Jörðin var metin 20 hundruð að fornu mati og tilheyrði Holtastaða-



kirkju frá því snemma á miðöldum, sbr. máldaga hennar frá um 1318, en varð síðar bænda eign. Bæjarstæðið er skammt ofan róta brattrar hlíðar Langadalsfjalls, kippkorn utan við Hvammsskarð, sem gengur upp í fjallið. Allmikið undirlendi er niður frá bænum að Blöndu, þar sem áður var áveituengi en er nú samfelldur töðuvöllur.<sup>173</sup>

*Túnakort Hvamms 1918. Hannes Jónsson.*

Ábúendur í Hvammi frá 1877 til 1933 voru Guðmundur Frímann Björnsson (1847-1935), bóndi og járnsmiður, og eiginkonur hans, Sólveig Jónsdóttir (1836-1894) og Valgerður Guðmundsdóttir (1866-1949). Vorið 1933 tóku við jörðinni Aðalbjörn Sigfússon (1898-1967) og Björg R. Runólfsdóttir (1892-1977).

Þau skildu 1943 og bjó Björg áfram í Hvammi ásamt börnum sínum til 1956, er sonur hennar og tengdadóttir, Runólfur B. Aðalbjörnsson (1934-2016) og Sigurbjörg Hafsteinsdóttir (1931-) hófu búskap. Þau sátu jörðina til 1983, er þau fluttu á Blönduós, en frá því ári hafa búið á jörðinni dóttir þeirra og tengdasonur, Rannveig Runólfsdóttir (1958-) og Gauti Jónsson (1955-).



*Gamli torfbærinn í Hvammi, sem búið var í til ársins 1958. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 598 og 604.)*

#### Horfin bæjar- og útihús


Árið 1910 var torfbærinn í Hvammi sagður með 3 heilpiljum og einu hálfpili, en 1916 voru bæjarhús þessi: Baðstofa, stofa, eldhús, búr, göng og skemma. Öll þessi hús voru uppistandandi um 1940 og var bæjarhúsum þá þannig lýst: „Gamall bær. Baðstofa alþiljuð í tvennu lagi,  $8 \times 3,5 \times 2,2 \text{ m} = 62 \text{ m}^3$ . Eldavélarhús óþiljað að mestu. Hlóðahús. Búr. Frammihús:  $4,4 \times 4 \times 2,8 \text{ m} = 50 \text{ m}^3$ . Þar í alþiljuð stofa, alþiljaðar bæjardyr, loft yfir í risi. Skemma.“

Meðfylgjandi teikningar Runólfs Aðalbjörnssonar bónda og lýsing Sigurðar Þorbjarnarsonar á Geitaskarði á húsaskipan gamla bæjarins voru birtar í *Húnavöku* 1994:


<sup>173</sup> *Húnaving* II, s. 144; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, s. 401; Jón Torfason (2006).

Innri gerð bæjarhúsa: Bæjardyr voru þiljaðar í hól og gólf og yfir þeim stofuloft. Í það var gengið um stiga í gangi milli eldhúss og hlóðældhúss. Undir stofu var kjallari (sýndur sem punktaferningur á grunn-teikningu). Þar var geymdur súrmatur og fleira. Í hann var gengið um hlera í bæjardyrangangi. Hús (hjónahús) var alþiljað. Baðstofa var með moldargólfi og óþiljuðum veggjum, nema breið fjöl veggmegin á rúmum. Eldhús var alþiljað. Hlóðældhús var aftur á móti óþiljað og með moldargólfi. Taðhús var eldi-viðargeymsla fyrir þurrkað sauðatað. Brunnhús: Kýr voru leystar í vatn.<sup>174</sup>

Aðalbjörn og Björg fluttu úr gamla bænum í nýja íbúðarhúsið síðla hausts 1934, en árið 1936 fluttu í bæinn hjónin Ásdís Jónsdóttir (d. 1953) og Sveinn Guðmundsson (d. 1939) ásamt dætrum sínum, Stefaniú og Ingunni. Ingunn Sveinsdóttir (1906-1993) var síðasti íbúi bæjarins og bjó í honum til 1958, en sumarið eftir var hann fjarlægður og jafnaður við jörðu.<sup>175</sup>



Efri mynd: Torfbærinn og fjósið norðan við. Neðri mynd: Grunnteikning af húsaskipan. (Teikn.: Runólfur Aðalbjörnsson. Húnavaka 34. árg. 1994, s. 64-65.)



Um 1940 fylgdu bænum einnig smiðja og hjallur, en peningshús voru öll úr torfi og grjóti nema steinsteypt þvaggryfja með járnþaki (7 m<sup>3</sup>) og steinsteypt þurrheyshlaða með járnþaki, viðbyggð íbúðarhúsi (sjá síðar). Einnig var á jörðinni steinsteypt rafstöðvarhús með járnþaki, 2,5×1,8×2 m að stærð (9 m<sup>3</sup>), sem sennilega var í notkun fram yfir 1970.<sup>176</sup> Þá var hins vegar áreiðanlega löngu fallið torfbyggt mylluhús, sem Frímenn Björnsson hafði byggt nokkru fyrir

aldamótin á sléttri grund sunnan við túnið og var jafnvel í notkun fram um 1910.<sup>177</sup>

## Íbúðarhús

Árið 1933-1934 byggðu Aðalbjörn Sigfússon og Björg Runólfsdóttir steinsteypt hús í Hvammi. Ókunnugt er um hönnuð og smiði hússins, en flutt var í það síðla árs 1934. Húsinu var þannig lýst 1940: „Steinhús 12,5×7,4×4,7 m = 435 m<sup>3</sup>. Ein hæð og kjallari. Steinveggir einfaldir, innþiljur. Skúrþak, timbur, stopp, pappi og járn. Timburgólf. Steinskilrúm í kjallara, timburskilrúm á stofuhæð. Kjallari: Hæð 2,1 m = 195 m<sup>3</sup>, hólfaður í þrennt og gang. Í kjallara er fjós fyrir 6 gripi með vatnsleiðslu og



sjálfbrynningu. Stofuhæð: 2,6 m = 242 m<sup>3</sup>. Skipt í sjö herbergi, forstofu og gang. Miðstöð frá katli er í húsinu, vatnsleiðsla og frárennsli.“ Viðbyggð húsið var steinsteypt þurrheyshlaða með járnklæddu skúrþaki, 7×4,2×5 m eða 150 m<sup>3</sup> að stærð.<sup>178</sup>

Íbúðarhúsið í Hvammi í upprunalegri mynd, myndin tekin í júní 1969. Til vinstri (norðan við húsið) er áföst heyhlaða, þar sem síðar var byggð sú vélageymsla, sem enn stendur. (Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/143.)



<sup>174</sup> Sigurður Þorbjarnarson (1994), s. 65.

<sup>175</sup> Sigurður Þorbjarnarson (1994), s. 63.

<sup>176</sup> Þf. Fasteignamat 1942. BAm/3-2.

<sup>177</sup> Jakob Bjarnason (1991), s. 71.

<sup>178</sup> Þf. Fasteignamat 1942. BAm/3-2, sbr. virðingargjörð pr. 8. sept. 1954 (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/143.)



Frumskissur Runólfs Aðalbjörnssonar að vélageymslu, sem byggð var við norðurgafli íbúðarhússins í stað hlöðunnar. Teikningarnar eru dags. 7. september 1974. (Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/143.)

Eins og lýst er hér að ofan er húsið einlyft með kjallara, þar sem fyrstu árin var fjós fyrir 6 nautgripi ásamt geymslum. Árið 1959-1960 var byggt nýtt steinsteypt fjós fyrir 22 gripi með viðbyggðu mjólk-urhúsi og geymslu, haughúsi og safnfor.<sup>179</sup> Um leið var fjósið aflagt í kjallara íbúðarhússins, en hlaðan við norðurgafliinn þjónaði áfram sínu hlutverki allmörg ár. Haustið 1974 fór Runólfur Aðalbjörnsson þess á leit að Byggingastofnun landbúnaðarins teiknaði vélageymslu, sem hann byggði skömmu síðar í staði heyllöðunnar við norðurgafli íbúðarhússins. Húsið er 8 m að lengd og 7,25 m á breidd með



skúrþaki, sem hallar mót austri, en á vesturhlið eru stórar vélgengar dyr, minni dyr og gluggi.

*Íbúðarhúsið um 1975, eftir að þaki þess var breytt, en nýlegt fjós og önnur útihús til vinstri. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

Á íbúðarhúsinu var upphaflega skúrþak, sem var hækkað síðar ásamt þaki vélageymslunnar um leið og ýmsar endurbætur voru gerðar á húsinu. Að því verki unnu Runólfur bóndi og einhver

smiður, sem nú er gleymt hver var. Árið 2004 var húsið einangrað og klætt bárujárnri að utan af Lárusi Jónssyni húsasmiði, auk þess sem ráðist var í endurnýjun glugga og hurða.<sup>180</sup> Ásýnd hússins er því mikið breytt frá upprunalegri gerð. Það reiknast nú 179,8 m<sup>2</sup> að stærð.



<sup>179</sup> ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/143 (virðingargjörð pr. 22. sept. 1961).

<sup>180</sup> Stefán Jeppesen (2016); Heim. Gauti Jónsson pr. 18. okt. 2016.



## Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1934		
Fyrstu eigendur:	Aðalbjörn Sigfússon og Björg Runólfssdóttir		Upphafleg notkun: Íbúðarhús / fjós
Hönnuður:	Óþekkt		Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Óþekkt		
Hönnun breytinga:	Byggingastofnun landbúnaðarins		
Yfirsmiður:	Lárus Jónsson		
<b>Húsgerð</b>	<b>Upphaflegt</b>	<b>Núverandi</b>	<b>Helstu einkenni/breytingar</b>
Útveggir:	Steinsteyptir	Steypa/bárujárn	2004: Húsið var klætt bárujárn að utan.
Þakgerð:	Skúrþak	Óbreytt	Þaki hússins og vélageymslunnar hefur verið lyft og breytt.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Var upphaflega innréttaður sem fjós, en það var aflagt 1960.
	Stærð	179,8 m <sup>2</sup>	
	Úttröppur	Steinsteyptar	
	Reykháfur	Horfinn	
	Gluggar	Kross-/margpósta	2004: Allir gluggar endurnýjaðir.
	Viðbygging	Steinsteypt	Um 1975: Byggð vélageymsla við norðurgafi í stað heyllöðu.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Einfalt og fábrotið steinsteypuhús með skúrþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur þjónað sem íbúðarhús í rúm 80 ár og fjós í 26 ár.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið nýtur sín vel á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Að ytri ásýnd er húsið mikið breytt með því að þaki hefur verið lyft, gluggar endurnýjaðir og húsið klætt að utan með bárujárn.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu ásigkomulagi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Lágt	Húsið hefur afar takmarkað varðveislugildi.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

## Rafstöðvarhús


Árið 1930 lét Frímánn Björnsson reisa vatnsaflsstöð í Hvammi líkt og nágrennar hans á Fremstagili, Miðgili og Björnólfsstöðum. Stefán Runólfsson (1903-1961) rafvirki stjórnaði byggingu allra þessara rafstöðva eftir forskrift bróður síns, Bjarna Runólfssonar (1891-1938), rafvélasmiðs í Hólmi. Upphaflega var ráðgert að virkja Hvammsána, en frá því horfið vegna hættu á grjótburði í leysingum. Í þess stað var leitt vatn úr læknum, sem rennur norðan við bæinn, ofan í rafstöðvarhúsið, sem stóð norðvestan við íbúðarhúsið, en er nú alveg horfið. Húsið var steinsteypt með járnklæddu mænispaki og 2,5×1,8×2 m að stærð (9 m<sup>3</sup>). Rafstöðin framleiddi rafmagn til heimilisparfa fram yfir 1970.<sup>181</sup>

<sup>181</sup> Þí. Fasteignamat 1942. BAm/3-2 (jafnstórt rafstöðvarhús var á Miðgili, þ.e. 9 m<sup>2</sup>); Heim. Valgarður Hilmarsson 28. maí 2018.

### 3.14 Kúskerpi

#### Staðhættir og saga

Kúskerpi á Efribyggð er næsti bær utan við Síðu. Bæjarstæðið er kippkorn austur frá Skagastrandarvegi og standa byggingar allhátt á hólhjalla, ofarlega í hallandi túni mót vestri. Þaðan er tilkomumikið víðsýni til norðurs, vesturs og suðurs, en suðaustan við bæinn er Refsborg, lágur fjallshryggur (288



m). Jörðin var sex hundruð að fornu mati og lengi í eigu Hólastóls og síðar Holtastaðakirkju, en komst í bændaeign einhvern tíma á 19. öld.<sup>182</sup>

Túnakort Kúskerpis 1918. Hannes Jónsson.

Tíð ábúendaskipti voru á jörðinni framan af síðustu öld. Um aldamótin 1900 bjuggu þar í fáein ár Jón Jóhannsson (1835-1909) og Ingunn Árnadóttir (1837-1929), síðar Guðmundur Guðmundsson (1856-1935) og Guðný S. Finnsdóttir (1864-1923), sem áður bjuggu í Bakkakoti, þá Lárus Þ. Jóhannsson (1885-1973) og Guðríður Andrésdóttir (1866-1933)

frá 1911 til 1916 og að síðustu Árni Sigurðsson (1886-1958) og Guðrún Jónasdóttir (1894-1961) frá 1916 til 1922. Árið 1921 keyptu jörðina Sveinn Guðmundsson (1867-1939) og Ásdís Jónsdóttir (1873-1953), sem bjuggu þar frá 1922 til 1936, er þau fluttu í gamla torfbæinn í Hvammi í Langadal (sjá kafla 3.13).<sup>183</sup>

Árið 1936 keyptu jörðina Eiríkur M. Guðlaugsson (1893-1979) trésmíðameistari og Hólmfríður S. Ágústsdóttir (1896-1977), en árið áður byggði Eiríkur þar nýtt timburhús. Þau voru búsett á Kúskerpi til 1943, en leigðu frá sér mestan hluta jarðarinnar og neðri hæðar íbúðarhússins<sup>184</sup> hjónunum Garðari Stefánssyni (1912-1999) og Árnýju G. Sigurðardóttur (1907-2002), sem fluttu að Kúskerpi 1939 og bjuggu þar síðan til 1989, eða í hálfra öld, en þó ekki óslitið og var jörðin þá nýtt frá Vatnahverfi.<sup>185</sup> Á þeim árum (1946-1947) voru þar í leiguábúð Guðmundur Jakobsson (1906-1977) og Ingibjörg Karlsdóttir (1919-2014), sem síðar bjuggu í Neðri-Lækjardal. Árið 1989 keyptu jörðina núverandi eigendur, Jón Sveinn Pálsson og Björk Axelsdóttir, sem eru þar heimilisföst og hafa endurbyggt íbúðarhúsið, sem þau nýta sem sumarhús.<sup>186</sup>

#### Horfin bæjarhús

Úttektarbækur Engihlíðarhrepps geyma sex úttektir af bæjarhúsum á Kúskerpi frá árunum 1881, 1886, 1900, 1911, 1916 og 1922. Þær sýna, að fram yfir aldamótin voru húsin í stórum dráttum óbreytt að stærð og formi, en árið 1910 var bænum lýst með tveimur heilþiljum, einu hálfþili og timburstofu að auki. Hér verður í fyrstu vitnað stuttlega til elstu úttektar, en síðan getið helstu breytinga, sem gerðar voru á bænum eftir aldamótin.

Hinn 14. júní 1881 voru bæjarhúsin þessi: 1) *Baðstofa*, 5¼ al. að lengd og 5¼ al. á breidd, með skar-súð, þilgólfi, þiljum allt um kring, fjórum rúmstæðum og þremur tveggja rúðna gluggum á suðurhlíð. Upp í húsið var gengið um stiga með fjórum tröppum. 2) *Stofa* var undir sama risi og baðstofan og

<sup>182</sup> Eigandi jarðarinnar árið 1881 og síðar var Indriði Jónsson (1831-1921), þá bóndi á Neðri-Mýrum.

<sup>183</sup> Manntöl 1901 og 1910; *Dagur* 30. árg., 46. tbl., 8. sept. 1956, s. 2; *Húnavaka* 34. árg. 1994, s. 179; Sigurður Þorbjarnarson (1994), s. 63; *ÞÍ. Fasteignamat* 1930. 9/1930. BAm/2.

<sup>184</sup> Skv. fasteignamati 1942 keypti Eiríkur jörðina árið 1936, sem þá var „niðurnídd“, en notaði sjálfur aðeins „herbergin á loptinu, 1 herbergi niðri og nýræktartúnið og haga fyrir 1 kú og 2 hesta“. *ÞÍ. Fasteignamat* 1942. BAm/3-2.

<sup>185</sup> *Húnavaka* 40. árg. 2000, s. 171; 43. árg. 2003, s. 148. Þar segir að Garðar hafi keypt jörðina 1939.

<sup>186</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Valgarður Hilmarsson 28. maí 2018.

vestur af henni, en milli þeirra var ferningslaga *gangur*,  $2\frac{1}{4}$  al. á hvern veg. Stofan var að mestu byggð úr timbri, enda nefnd „timburstofa“ árið 1910. Hún var  $6\frac{1}{2}$  al. á lengd og  $5\frac{1}{2}$  al. á breidd með þilgólfi og alþiljuð „með skífum“. Loft var yfir öllu húsinu og fyrir því ómálað standþil með listum og vindskeiðum, einum 6 rúðna glugga með pósti í miðju og tveggja rúðna glugga uppi. 3) *Búrhús*,  $6\times 4$  álnir að stærð með tveimur gluggagötum. 4) *Eldhús*,  $8\frac{1}{2}\times 4\frac{1}{2}$  alin með einum fjöggra rúðna glugga. 5) *Göng* frá eldhúsdryum til skellidrya,  $5\frac{3}{4}$  al. á lengd og  $1\frac{3}{4}$  al. á breidd. 6) *Bæjardyr*,  $4\frac{1}{2}\times 1\frac{3}{4}$  al. að stærð með



þremur aurslám, listuðu framþili, vindskeiðum og þriggja rúðna glugga yfir útidryum. 7) *Kofi* sunnan við bæjardyr,  $3\frac{1}{2}$  al. á lengd og 3 álnir á breidd. 8) *Skemma* norðan við stofuna, tæpar 5 álnir á lengd og  $3\frac{3}{4}$  al. á breidd með slagþili, aurslá og vindskeiðum. 9) *Fjós* yfir 2 kýr með *ranghala* til vatns og heytóftar.<sup>187</sup>

*Íbúðarhúsið á Kúskerpi ásamt viðbyggingu. Að baki standa útihús. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 611.)*

Nærri aldamótum var fyrrnefndur kofi aflagður, fjósið endurnýjað og stækkað um

tvo bása og komið fyrir eldavél í gangi eða svonefndu *maskínuhúsi* milli stofu og baðstofu. Á árunum 1912-1915 var baðstofan rifin og í tóft hennar byggt stærra maskínuhús með búi í austurenda, alls  $8\frac{1}{4}$  al. að lengd. Stofan var einnig rifin og byggð í hennar stað ný baðstofa af sömu stærð úr nýjum og gömlum viði. Að vestanverðu var tvöfaldur þilstafn niður fyrir 8 rúðna glugga, en allt húsið var þiljað að innan „í vegg og gólf“.<sup>188</sup> Flest önnur hús voru „gömul og í lakara lagi að viðum og veggjum“, en héldu þó velli sem íveruhús ábúenda uns nýtt íbúðarhús var reist árið 1935.



*Bæjarhús á Kúskerpi um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

## Íbúðarhús

Nýtt íbúðarhús úr timbri var byggt af Eiríki M. Guðlaugssyni, trésmiði og jarðeiganda árið 1935, en gera má ráð fyrir að hann hafi sjálfur teiknað það. Í fasteignamati 1942 var húsinu þannig lýst: „Timburhús járnvarið á steiptum grunni. Stærð  $7,6\times 7$  m, ein hæð og loft í risi. Útveggir: timbur, tvö-

<sup>187</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1877-1889 (14. júní 1881).

<sup>188</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1889-1901 (25. maí 1886 og 6. júní 1900) og 1901-1923 (16. júní 1911, 3. júní 1916 og 3. maí 1922).

falt, pappi og torfstopp. Þak: borðasúð, pappi og járn. Slegið neðan á sperrur og stoppað milli. Gólf og skilrúm timbur, tvöfalt og stoppað yfir stofum. Á stofuhæð: Dagstofa, svefnherbergi, eldhús, geymsla og forstofa. Á lofti eitt íveruherbergi og geymsla. Stofuhæð 2,5 m. Rishæð 2 m. Stærð alls 186 m<sup>3</sup>. Geymsluskúr með afþiljuðu búri, járnþak og stafnar, 6,3×4×2,2 m = 55 m<sup>3</sup>." Við húsið stóð þá einnig skemma með torfveggjum, timburstafni og torfþaki, trúlega síðustu leifar gömlu bæjarhúsanna.



Skv. fasteignaskrá Þjóðskrá Íslands ([www.skra.is](http://www.skra.is)) er húsið talið 104,5 m<sup>2</sup> að stærð og 182 m<sup>3</sup> alls skv. *Húnaþingi II* (s. 155). Er þá meðreiknuð sú viðbygging með skúrþaki, sem reist var árið 1969 norðan við húsið og er áföst því.<sup>189</sup> Sú viðbót var byggð af Garðari Stefánssyni bónda, sem mikið fékkst við húsasmíðar jafnhliða búskap, en viðbyggingin hósti inngang og þvottahús. Árið 2008 hófust húsráðendur, Jón S. Pálsson og Björk Axelsdóttir, handa við umfangsmikla endursmíði og breytingar á húsinu og er þeim nú að fullu lokið utandyra, m.a. með því að þaki gamla hússins hefur verið lyft, byggð útbygging með risi við suðurhlið, allir gluggar endurnýjaðir og húsið einangrað og járnklætt að utan. Hönnuður þessara breytinga er Jón Guðmundsson arkitekt, en verkið unnið af syni húsráðenda, Sigurði Pétri Jónssyni.<sup>190</sup>



<sup>189</sup> Skv. Stefán Jeppesen (2016) var sú viðbygging reist 1962.

<sup>190</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Björk Axelsdóttir pr. 18. okt. 2016.

## Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1935	
Fyrstu eigendur:	Eiríkur M. Guðlaugsson og Hólfríður S. Ágústsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Eiríkur M. Guðlaugsson	
Yfirsmiður:	Eiríkur M. Guðlaugsson	
Breytingar:	2008-2018	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Jón Guðmundsson	
Yfirsmiður:	Sigurður P. Jónsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur/bárujárn	Óbreytt	Allt bárujárn hefur verið endurnýjað.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	Þak á eldri hluta hækkað með porti eftir 2008.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	Umfangsmikil endursmíði hússins hófst 2008, m.a. með því að þaki gamla hússins var lyft, reist útbygging með risi við suðurhlið, allir gluggar endurnýjaðir og húsið járnklætt að utan.
	Portlaust ris	Portbyggt	1969: Viðbygging úr timbri og bárujárni reist við norðurhlið.
	Geymsluskúr	Horfinn	
	Viðbygging	Skúrþak	
	Stærð	104,5 m <sup>2</sup>	
	Reykháfur	Óbreytt	
	Gluggar	Óbreytt	Voru upphaflega kross- og margpósta, endurnýjaðir eftir 2008.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Upphaflegri gerð hússins hefur verið gjörbreytt, en hönnun þess í núverandi mynd er smekklega útfærð.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Umbreyting hússins hefur rýrt menningarsögulegt gildi þess.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið nýtur sín prýðilega á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Að ytri gerð og ásýnd er húsið gjörbreytt og upprunalegt gildi þess lítið.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er nýlega endurbyggt og í mjög góðu ásigkomulagi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Lágt	Elsti hluti hússins hefur takmarkað varðveislugildi í byggingar- og menningarsögulegu tilliti, en fer vel sem stofn hins endurbyggða húss. Grafast þyrfti nánar fyrir um upprunalega gerð og ásýnd hússins.

## Niðurstaða varðveislumats:

## Fjós, hlaða og hesthús

Norðan og austan við íbúðarhúsið og áföst því eru sambyggð útihús, járnklædd á timburgrind, þ.e. fjós (14,2 m<sup>2</sup>) og hlaða (51,2 m<sup>2</sup>), sem talin eru byggð árið 1940 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018. Innangengt er í húsin úr íbúðarhúsinu, en austan við þau er yngri húsalengja af sömu gerð, sem hýsir fjárhús og tvær hlöður, en tvær steinsteyptar votheysgryfjur með járnþaki (frá 1958) eru við norður-enda húsalengjunnar. Öll þessi hús voru byggð af Garðari Stefánssyni bónda.



Efast má um skráðan aldur fjóss og hlöðu, þar sem í fasteignamati 1942 (sem trúlega var gert árið 1940), voru öll peningshús og heyhlaða byggð úr torfi og járni og þannig lýst: „Fjós fyrir 4 kýr, torf-hliðveggur, timburstafnar, annar að hlöðu, járnþak, torf undir. [...] Hlöður 230 m<sup>3</sup>, grjóthlaðinn kjallari, torfveggir, járnþak á rimlum.“



Austan við fyrrnefnda húsasamstæðu er steinsteypt hesthús, sem byggt var af Garðari Stefánssyni 1948, og norðan við það er viðbygging úr bárujárni, byggð af núverandi ábúendum 1989.<sup>191</sup> Stærð hestshússins er ekki tilgreind í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.



<sup>191</sup> Stefán Jeppesen (2016).

## Fjós, hlaða og hesthús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1940 og 1948	
Fyrsti eigandi:	Garðar Stefánsson	Upphafleg notkun: Fjós, hlaða og hesthús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Óþekkt
Yfirsmiður:	Óþekkt	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir fjóss/hlöðu:	Tímur/bárujárn	Óbreytt	
Þakgerð:	Skúrþak	Óbreytt	
Útveggir hesthúss:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Stærð	14,2 m <sup>2</sup> (fjós) / 51,2 m <sup>2</sup> (hlaða)		


## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin hafa lítið listrænt og byggingarsögulegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin hafa þjónað hefðbundnum búrekstri, en fjós og hlaða eru áhuga- verð samstæða með samtengingu við íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Lágt	Í núverandi mynd falla húsin illa að endurbyggðu íbúðarhúsi, en myndu í endurbættu formi mynda snotra og samstæða heild á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast halda upprunalegri gerð að mestu leyti.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Öll húsin virðast í fremur hrörlegu ástandi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Lágt	Húsin hafa takmarkað varðveislugildi án verulegra endurbóta.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

### 3.15 Móberg

#### Staðhættir og saga

Móberg er fremsta (syðsta) býlið í Langadal, sem tilheyrir Engilhlíðarhreppi. Þar byggði fyrstur Véfróður, sonur Ævars gamla Ketilssonar landnámsmanns, sem tók syni sínum þar bústað á leið sinni upp með Blöndu að leita sér landnáms. Bærinn stendur á brún bratrar brekku, sem veit mót suðri




undir rótum Móbergsfjalls (723 m). Hátt og tignarlegt gnæfir það yfir, víða með ókleifu standbergi. Kallast þar Móbergsstofur eða Stofur og er þar huldufólksbyggð.<sup>192</sup>

Túnakort Móbergs 1918. Hannes Jónsson.

Móberg var 50 hundruð að fornu mati ásamt hjáleigunni Litla-Vatnsskarði, sem síðar varð sjálfstætt býli. Fleiri kot tilheyrðu jörðinni fyrrum og hélst byggð lengst á Móbergsseli, sem fór í eyði 1895.<sup>193</sup> Nýbýlið Skriðuland var byggt úr Móbergsslandi árið

1969 og lögð til þess hálf jörðin, en bærinn stendur framan í skriðuvæng og nokkuð ofan vegar í norðurjaðri túna.<sup>194</sup> Í öndverðu var hof á Móbergi að sögn. „Stóð það framanvert við bæinn, fimm faðma langt og fimm á breidd, dyr í vestur. Kringlóttur garður var um hofið, 11 faðmar að þvermáli, en þessi mannvirki voru fallin um miðja 19. öld og blót-hella, sem þar átti að vera, sokkin í jörð og finnst ekki framur.“<sup>195</sup> Á miðöldum var þar bænhús, sem aflagt var í byrjun 18. aldar og nýtt sem skemma. Elstu menn minntust þó að þar hefðu verið sungnar tíðir. Talið er líklegt, að guðshúsin hafi staðið þar sem nú er trjagarður norðan við íbúðarhúsið.<sup>196</sup>

Sama ættin hefur búið á Móbergi frá því um 1800, þ.e. niðjar Guðmundar Sigurðssonar (1762-1820), sem var barnmargur góðbóndi og ættfaðir Móbergsættar. Sonardóttir hans, Ósk Guðmundsdóttir (1828-1887), bjó þar undir lok 19. aldar ásamt eiginmanni sínum, Halldóri Konráðssyni (d. 1906) og síðan Björg (1873-1943) dóttir þeirra og Ari Hermann Erlendsson (1879-1934) trésmíðameistari. Árið 1937 tóku við jörðinni dóttir þeirra og tengdasonur, Helga Aradóttir (1913-2004) og Einar Björnsson (1908-1992), sem dvöldu þar til æviloka, en frá 1983 hafa búið á Móbergi sonur þeirra og tengdadóttir, Halldór Einarsson (1944-) og Bylgja Angantýsdóttir (1944-). Á síðustu öld var lengstum tvíbýlt á



Móbergi. Bjuggu þar m.a. Guðrún Aradóttir (d. 1995) og Páll H. Árnason á árunum 1934-1937, og síðan systkini Einars, Pétur H. Björnsson (1907-1997) og Anna Björnsdóttir (1909-2001), í helmingi hússins frá 1937 til 1969, er þau fluttu að Skriðulandi, en Pétur keypti þann helming jarðarinnar á móti Einari bróður sínum árið 1937.<sup>197</sup>

Gamli torfbærinn um 1930. (Ljós. Evald Hemmert / Húnavaka 1. árg. 1981, s. 132.)

<sup>192</sup> Húnaþing II, s. 142; Jón Torfason (2007), s. 121.

<sup>193</sup> Fornleifaskráning Blönduósbæjar III, s. 68-69 og 78; Jón Torfason (2006).

<sup>194</sup> Húnaþing II, s. 143; Jón Torfason (2007), s. 121.

<sup>195</sup> Jón Torfason (2007), s. 121, sbr. Þjóðsögur Jóns Árnasonar.

<sup>196</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII, s. 399; Fornleifaskráning Blönduósbæjar III, s. 78.

<sup>197</sup> Páll V. G. Kolka (1950), s. 83-84; Húnaþing II, s. 142; Húnavaka 33. árg. 1993, s. 158-159; 38. árg. 1998, s. 147-148; 42. árg. 2002, s. 169-170; 45. árg. 2005, s. 168; .

## Horfin bæjarhús

Gamli torfbærinn stóð ofan við núverandi íbúðarhús ásamt sambyggðu fjósi, en síðar var byggt steinsteypt fjós í bæjarstæðinu. Staðsetning bæjarins, austast í túninu, sést á túnakorti frá 1918. Samkvæmt úttekt frá 5. júní 1907 voru bæjarhúsin gömul, en flest stæðileg að viðum og veggjum. Húsin voru eftirtalin: 1) *Baðstofa* í þremur og hálfu stafgólfi, mjög gamalt hús en rakalaust og því stæðilegt. 2) *Búr*, um 5 álnir á lengd og breidd með einum staf undir mæniási. 3) *Eldhús*, um 5 álnir á lengd og breidd, gamalt hús. 4) *Skáli* norðan megin við bæjardyr, um 7 álnir á lengd og 5 álnir á breidd með standpili úr skífum að hlaði. 5) *Bæjardyr* með þremur sperrum og fyrir þeim standpil með vængjahurð á járnum, stæðilegt hús. 6) *Göng* frá bæjardyrum að baðstofu. 7) *Stofa* sunnan megin bæjardyra, alþiljað hús, 6 álnir á lengd og 5½ alin á breidd, illa farið af fúa. 8) *Skemma* fyrir sunnan stofuna í tveimur stafgólfum, allvel stæðileg. 9) *Fjós* yfir 5 nautgripi ásamt *fjóshlöðu*. Önnur útihús og fjærri bæ voru



6 ær- og lambhús, hesthús og ærhús-hlaða.<sup>198</sup> – Árið 1916 voru bæjarhúsin sögð „gömul og mjög léleg“ með fjórum heilþiljum, sem vissu að hlaði.

*Móberg um 1940. Til vinstri er fjósið og leifar gamla torfbæjarins. (Ættir Austur-Húnvetninga II, s. 617.)*

## Íbúðarhús

Árið 1927 byggði Ari H. Erlendsson steinsteypt íbúðarhús framan við gamla bæinn,<sup>199</sup> sem þá hafði vafalítið fengið talsverða endurbót frá 1907. Ókunnugt er um hönnuð hússins, en helst kemur í hug Jóhann Franklín Kristjánsson, húsameistari og byggingarráðunautur bænda.<sup>200</sup> Eins kann Ari að hafa teiknað sjálfur húsið, enda nafnkunnur smiður með langa reynslu að baki í smíði íbúðar- og útihúsa. Húsinu var þannig lýst 1930: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 9,75×7,50 m, ein hæð með kjallara og lofti með porti 1,25 m. Kvistur, þak járnavarið.“



*Horft úr suðurátt að Móbergi um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

Fyllri lýsing var gefin á húsinu árið 1940: „Steinhús 10,2×8×hæð frá kjallara 3,8 m. Kjallarahæð 2,3 m. Rishæð 3 m. Framskot fyrir kvisti og útidyrum 40 cm, 3 m á breidd. Einfaldir steinveggir innþiljaðir. Borðásúð, pappi og járn. Gólf og loft úr timri, skilrúm úr timbri nema í kjallara. Í kjallara 4 herbergi, gangur og vatnssalerni. Á stofuhæð: 3 íveruherbergi, eldavélarhús, búr og forstofa. Á lofti: kvistherbergi, 5 herbergi og stigagangur. Hanabitaloft óhólfað til geymslu. Herbergi á lofti og stofuhæð veggfóðruð og máluð. Miðstöðvarhitun frá katli, vatnsleiðsla og skolpleiðsla.“

Eins og fyrr er lýst er húsið steinsteypt á einni hæð með kjallara, sem rís að nokkru úr jörðu, portbyggðri rishæð og nánast krossreistu þaki. Fyrir miðri vesturhlíð er framskot (karnop) með kvisti og

<sup>198</sup> *Hér.A-Hún.* Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1901-1923 (5. júní 1907).

<sup>199</sup> *Heim.* Halldór Einarsson pr. 18. okt. 2016.

<sup>200</sup> Ekki hefur fundist uppráttur að húsinu í skjalasafni Byggingarstofnunar landbúnaðarins.

mænisþaki. Lítil kvistur með mænisþaki er á austurhlíð, trúlega upphaflegur. Á framskoti er aðal-inngangur á stofuhæð, sem rammaður er með innfelldri og bogalaga umgjörð. Gengið er á hæðina



upp steinsteyptar tröppur með tréhandriði, en undir þeim er inngangur í kjallara. Þakið er klætt upprunalegu bárujárnni, en ásig-komulag þess virðist lélegt. Sömu leiðis eru allmargir gluggar hússins upprunalegir og flestir margpósta. Aðrir gluggar voru endurnýjaðir og þeim breytt á árunum 1965-1970. Húsið hefur aldrei verið múrhúðað að utan, svo að glögg mótafór sjást á útveggjum.

*Horft til suðurs yfir bæjarhúsin á Móbergi. (Fornleifaskráning Blönduósbæjar III, s. 68.)*

Nokkuð skortir á nauðsynlegt viðhald hússins utandyra. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar innanhúss og innréttingar færðar að nútímaþörfum, en utandyra heldur húsið nánast alveg upphaflegu svipmóti. Sunnan og vestan við húsið er mikill og vöxtulegur trjálundur, sem yfirsýggir það að stórum hluta, svo að húsið nýtur sín ekki sem skyldi á fallegu bæjarstæði. Að húsbaki eru steinsteypt útihús, þ.e. hlaða, haughús, geymsla og hesthús, sem byggð voru á árabílinu 1952-1963 og orðin fremur hrörleg ásýndar.



## Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1927	
Fyrstu eigendur:	Ari Hermann Erlendsson og Björg Halldórsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Jóhann Franklín Kristjánsson(?)	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirmsiður:	Ari Hermann Erlendsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Hafa aldrei verið sléttmúrhuðaðir.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárújárn	Óbreytt	Húsið er enn með upprunalegu þakjárnri.
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portbyggt ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Framskot	Óbreytt	
	Kvistir	Óbreytt	
	Reykháfur	Óbreytt	
	Útitróppur	Óbreytt	
	Stærð	209,7 m <sup>2</sup>	
	Gluggar	Kross-/margpósta	Nokkrir gluggar voru endurnýjaðir 1965-1970.

## Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er íslensk steinsteypuklassík með hefðbundnu mænisþaki og kvistsettu framskoti á miðri vesturhlið.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er meðal best varðveittu smíðisverka Ara H. Erlendssonar og líklega teiknað af Jóhanni Fr. Kristjánssyni. Það er auk þess meðal elstu varðveittu íbúðarhúsa í dreifbýli Blönduósþéttbæjar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur á fallegu bæjarstæði, en er umgirt hávöxnum trjám að sunnan- og vestanverðu, sem byrgja fyrir ásýnd þess.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nánast óraskað að ytri gerð og svipmóti að undanskildum þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á gluggum og hæglega má færa til upprunalegs horfs.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Nokkuð skortir á viðhald útveggja, þakklæðningar og glugga.
<b>Varðveislugildi:</b>	Hátt	Húsið hefur hátt varðveislugildi af áður nefndum ástæðum.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað og auk þess verndað með hverfisvernd í aðal- og/eða deiliskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



### 3.16 Neðri-Mýrar

#### Staðhættir og saga

Neðri-Mýrar er austust þeirra jarða, sem liggja norðan undir Mýrafjalli og norðurenda Langadalsfjalls, þar sem er samhangandi graslendi og heitir á Mýrum. Þar rennur Mýralækur í Laxá, sem liggur á mörkum Engihlíðar- og Vindhælishreppa, en lækurinn skilur sömuleiðis að lönd jarðanna Efri- og Neðri-Mýra, sem liggja nánast samtýnis. Austan bæjanna opnast Laxárdalur til suðurs. Neðri-Mýrar eru norðan við Efri-Mýrar og er bæjarstæðið neðan við Balaskarðsveg (742), sem liggur út frá Skaga-



strandarvegi inn Laxárdal að sunnan. Má því segja, að jörðin sé á krossgötum fjögurra byggðarlaga, þ.e. Mýra, Laxárdals í suðri, Norðurárdals í austri og Strandarinnar í norðri, handan Laxár. Neðri-Mýrar voru bændaeygn og 30 hundraða jörð frá fornu fari, en snemma var þriðjungur hennar lagður til býlisins Mýrakots á Laxárdal, sem fór í eyði 1945.<sup>201</sup>

Túnakort Neðri-Mýra 1918. Hannes Jónsson.

Árið 1907 keyptu Neðri-Mýrar og hófu þar búskap hjónin Einar Guðmundsson (1875-1934) og Guðrún M.

Hallgrímsdóttir (1885-1956). Eftir lát Einars stóð sonur þeirra, Guðmundur Mýrman (1907-1976) fyrir búi móður sinnar ásamt systkinum sínum, Unni (1911-1998) og Hallgrími (1920-1998), en frá láti Guðrúnar 1956 til 1976 ráku þeir bræður félagsbú á jörðinni. Kona Guðmundar var Guðrún H. Sigurðardóttir (1915-2002), en árið 1976 tók Einar Gunnar (1952-) sonur þeirra við hálfri jörðinni og síðan allri árið 1998 af föðursystkinum sínum. Árið 2011 keyptu jörðina Sindri Páll Bjarnason (1982-) og Birna Ágústsdóttir (1981-) og hafa búið þar síðan.<sup>202</sup>

#### Horfin bæjarhús

Í byrjun 20. aldar var jörðin fremur húsalítill eins og lýst var í úttekum 1889 og 1897. Þá voru bæjarhúsin þessi: 1) *Baðstofa* í 4 stafgólfum, 11¼ al. á lengd og 5½ al. á breidd innan þilja með hálfstafni úr borðum fyrir suðurenda og þar á 6 rúðna gluggi og þrír tveggja rúðna. Súðin var öll með „svenskri plægning“ og baðstofan þiljuð í hólfi og gólf með fjórum lokrekkjum. Austur úr henni lá stuttur og þiljaður gangur til eldhúsdýra. 2) *Búr*, 6¼ al. á lengd og 4½ al. á breidd með þiljuðum stafni og hliðveggjum til hálf. 3) *Eldhús*, 11×4 álnir að stærð með tveggja rúðna glugga og tveimur tréstrompum. 4) *Göng* frá útidyrum inn að eldhússtafni, 8 álnir á lengd og 3½ al. á breidd. Yfir bæjardyrum var loft í tveimur stafgólfum og fyrir framan standþil og lítill skúr með tveimur hurðum. 5) *Stofa* með lofti, byggð árið 1890 að miklu leyti úr timbri, rúmar 5 álnir á lengd og 4 álnir á breidd með pappalögðu standþili og tveimur gluggum. 6) *Skemma*, 4 álnir á lengd og 4¼ al. á breidd með standþili. 7) *Fjós* yfir 4 kýr, 6 álnir á lengd með ranghala til vatns og heyhlöðu.<sup>203</sup>

Ókunnugt er um breytingar á bæjarhúsum á næstu áratugum, en árið 1910 voru þau enn með þremur heilþiljum, einu hálfþili og timburstofu að auki. Um 1916 voru bæjar- og útihúsin sögð „flest gömul og hrörleg“, nema heyhlaða með timburstafni. Um 1940 stóðu enn einhver torfhús, svo sem *skáli* með þilstafni, 6×2,2×2,2 m að stærð, og viðbyggt *hlóðaeldhús*, 4,5×2×2,1 m.

<sup>201</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, s. 419-420; *Ný jarðabók fyrir Ísland*, s. 91; *Húnaþing* II, s. 160; *Húnaþing* III, s. 291.

<sup>202</sup> *Húnavaka* 17. árg. 1977, s. 174-175; 39. árg. 1999, s. 161-162 og 164-165; 43. árg. 2003, s. 174-175; *Feykir* 18. árg., 42. tbl. 1998, s. 4; *Morgunblaðið* 21. árg., 73. tbl., 27. mars 1934, s. 6; 42. árg., 263. tbl., 17. nóv. 1955, s. 28; 63. árg., 275. tbl., 26. nóv. 1976, s. 30; Stefán Jeppesen (2016).

<sup>203</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbækur Engihlíðarhrepps 1889-1901 og 1901-1923 (1. júní 1889 og 24. júní 1897).



Bæjar- og útihús á Neðri-Mýrum um 1960. Til vinstri er íbúðarhúsið og norðan við það steinsteypt fjóshlaða, sem nú er horfin, en austar er steinsteypt véla- og verkfæragæymsla frá 1957. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 628.)

## Íbúðarhús

Árin 1924 og 1925 létu Einar og Guðrún byggja íbúðarhús á jörðinni, en byggingarár þess er skráð 1924 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.<sup>204</sup> Yfirsmiður hússins var Ari Hermann Erlendsson (1879-1934), trésmíðameistari á Móbergi. Það er í flestu tilliti mjög áþekkt íbúðarhúsinu á Síðu, sem byggt



var 1916 (eða 1913) og líklega teiknað af Jóhanni Fr. Kristjánssyni húsameistara. Kann hann því að vera hönnuður beggja húsanna, en um það verður þó ekki fullyrt.<sup>205</sup> Húsinu var þannig lýst 1930: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 10,35×6,90 m, ein hæð með kjallara og lofti, portlausu. Þak járnavið.“

Neðri-Mýrar um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Ítarlegri lýsing var gefin á húsinu í fasteignamati 1942: „Steinhús, ein hæð með kjallara og lofti, portlausu, 10,4×6,9 m×

vegg hæð 4,9 m. Rishæð 1,4 m. Steinveggir einfaldir með innþiljum og tveim holrúmum. Þak: borðasúð, pappi og járn. Steingólf í kjallara, timburgólf einfalt á stofuhæð. Steinskilrúm að mestu. Í kjallara 6 herbergi og stigagangur. Á gólfhæð eru 5 herbergi, forstofa og stigagangur. Máluð herbergi á stofuhæð. Loft óhólfað til geymslu, lögð borð ofan á bita á parti. Miðstöð frá katli, 4 ofnar. Vatnsleiðsla og skolpleiðsla. Eldavélarhús í kjallara. Húsið sléttað utan. Þak málað. Hæð í kjallara 2,3 m, á gólfhæð 2,6 m. Stærðir: Kjallari 165 m<sup>3</sup>. Stofuhæð 187 m<sup>3</sup>. Loftið 50 m<sup>3</sup>. Dyraskúr steypdur 9 m<sup>3</sup>. Alls 411 m<sup>3</sup>.“ Áfast við annan enda hússins var steinsteypt fjós (sjá síðar).

Íbúðarhúsið er einnar hæðar steinsteypuhús með kjallara, portlausu lofti og lágreistu bárujárnsklæddu mænispaki, en er nú gjörbreytt bæði að utan og innan. Það er 71,8 m<sup>2</sup> og 359 m<sup>3</sup> að stærð. Árið 1983 var húsið einangrað og klætt utan með riflaðri álklæðningu, þakið endurnýjað og eldri gluggum skipt út fyrir aðra nýrri, sem eru ýmis póstlausir rammar eða með einum lóðréttum pósti og opnanlegu fagi. Um það leyti var brotinn niður steinsteyptur reykháfur og fjarlægður steinsteyptur inngangsskúr við austurhlið. Þessar breytingar á húsinu voru unnar af Helga Gunnarssyni, húsasmiði á Skagaströnd. Að síðustu var húsið stækkað árið 2000 með áfastri viðbyggingu við norðurgafli, þar sem

<sup>204</sup> www.skra.is. Aðrar heimildir greina þannig frá byggingu hússins: „Vandað steinhús reisti hann á árunum 1924 og '25.“ *Morgunblaðið* 21. ág., 73. tbl., 27. mars 1934, s. 6. „Þau hjón reistu 1925 íbúðarhús úr steini, eitt hið fyrsta hér um slóðir, og var það hið reisulegasta.“ *Morgunblaðið* 63. ág., 275. tbl., 26. nóv. 1976, s. 30.

<sup>205</sup> Uppdrættir að íbúðarhúsunum á Neðri-Mýrum og Síðu hafa ekki fundist í teikningasafni Byggingastofnunar landbúnaðarins.

upphaflega stóðu viðbyggt fjós og hlaða.<sup>206</sup> Á hlaðinu, kippkorn austur af húsinu, stendur enn háreist steinsteypt véla- og verkfærageymsla frá 1957.



### Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1924-1925	
Fyrstu eigendur:	Einar Guðmundsson og Guðrún Hallgrímsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Jóhann Fr. Kristjánsson(?)	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirmsiður:	Ari Hermann Erlendsson	
Breytingar:	Helgi Gunnarsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Steypa/plastkl.	1983: Allt húsið einangrað að utan og klætt plastklæðningu.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	1983: Þakið endurnýjað.
Þakklæðning:	Bárujárni	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	2000: Viðbygging reist við húsið.
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð	71,8 m <sup>2</sup> / 359 m <sup>3</sup>	
	Reykháfur	Horfinn	1983: Trúlega brotinn niður þá.
	Inngangsskúr	Horfinn	1983: Trúlega fjarlægður þá.
	Gluggar	Krosspósta	1983: Allir gluggar endurnýjaðir. Eru nú flestir póstalausir eða með einum lóðréttum pósti

### Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Einfalt og hefðbundið steinsteypuhús í alþýðustíl.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er eitt af mörgum smíðisverkum Ara H. Erlendssonar og hugsanlega teiknað af Jóhanni Fr. Kristjánssyni. Að öðru leyti er gildi þess lítið vegna mikilla breytinga.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið sómir sér ágætlega á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið gjörbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu ásigkomulagi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Lágt	Húsið hefur lítið varðveislugildi af áður nefndum ástæðum.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Vegna aldurs (byggt 1925 eða fyrr) er húsið umsagnarskyldt skv. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, svo að skyld er að leita álits Minjastofnunar, ef breyta á húsinu, flytja það eða rífa. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað og grafist nánar fyrir um hönnuð þess.

<sup>206</sup> Heim. Einar G. Guðmundsson pr. 10. nóv. 2016.



*Þessi útihús standa skammt austur frá bænum og var heyhlaðan byggð 1939.*

### **Heyhlöður**

Um 1940 voru fjögur steinsteypt útihús á Neðri-Mýrum, öll nýlega byggð. Áfast norðurgafli íbúðarhússins var steinsteypt *fjós* fyrir 12 kýr og „takmarkaðist“ það af steinsteyptri *fjóshlöðu* með járnþaki. Fjósið var með einföldum útveggjum, skúrþaki með járnþaki undir torfi og þá innréttað fyrir 6 kýr, en í því voru steypar jötur, flór og tröð ásamt vatnsleiðslu. Við fjósið var steinsteypt *haughús* (40 m<sup>3</sup>) með járnþaki. Einnig var steinsteypt *fjárhúshlaða* með járnþaki, en hlöðurnar voru samtals 565 rúm-metrar að stærð. Í þeim voru þrjár innbyggðar og steinsteyptar *votheysgryfjur*, 79 m<sup>3</sup> að stærð.

Öll ofangreind útihús eru nú horfin nema *fjárhúshlaðan*, sem Guðmundur Einarsson lét byggja árið 1939, skammt austur frá bænum. Hún er 75 m<sup>2</sup> að stærð, steinsteypt með bárujárnþaki og viðbyggðu fjárhúsi frá 1957, sem er áfast vesturhlið og suðurgafli hlöðunnar. Þök húsanna voru endurnýjuð 2004. Á göflum og austurhlið hlöðunnar eru stórar heygáttir með tréhlerum fyrir. Yngri og steinsteypt hlaða frá 1950 stendur allnokkru austar, fast við Mýraveg. Hún er 65 m<sup>2</sup> að stærð með bárujárnþaki. Á göflum eru fjölpósta gluggar, þrír á norðausturgafli og einn á suðvesturgafli ásamt stóru dyraopi, en við norðvesturhlið hlöðunnar er sambyggt hesthús frá 1976, bárujárnsklædd trégrind með skúrþaki (54,6 m<sup>2</sup>). Báðar hlöðurnar eru í þokkalegu ásigkomulagi, en gluggar lélegir.<sup>207</sup>



*Steinsteypt fjárhúshlaða frá 1950 stendur fast við Mýraveg.*

<sup>207</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Einar G. Guðmundsson pr. 10. nóv. 2016.

## Heyhlöður – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1939 og 1950	Upphafleg notkun:	Hlöður
Fyrsti eigandi:	Guðmundur Einarsson	Núverandi notkun:	Hlöður
Yfirsniður:	Óþekkt		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

## Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin hafa lítið listrænt og byggingarsögulegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin hafa þjónað hefðbundnum búrekstri og eru ásamt viðbyggðum gripahúsum áhugaverðar samstæður útihúsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin fara vel í landi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast halda upprunalegri gerð að mestu leyti.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast vera í þökkalegu ástandi nema helst gluggar.
<b>Varðveislugildi:</b>	Miðlungs	Húsin eru góðir fulltrúar hefðbundinna útihúsa frá síðustu öld.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.



### 3.17 Síða

#### Staðhættir og saga

Býlið Síða er lítil jörð á Efribyggð Refasveitar, sem metin var til 10 hundruða að fornu mati. Hún liggur milli jarðanna Kúskerpis og Vatnahverfis, sem standa undir vesturhlíð Kaldbaks, en að vestanverðu eru mörk Síðu og Svangrundar við Langavatn. Að bæjarbaki rís klettaborgin Refsborg (283 m), sem byggðarlagið er kennt við. Gamla bæjarstæðið er ofarlega í allbröttu túni, en núverandi bæjar- og útihús standa nokkru neðar og vestan Skagastrandarveggar. Frá bænum er afar víðsýnt suður og vestur um Húnaþing, út til Skaga og vestur til Strandafjalla.<sup>208</sup>



Túnakort Síðu 1918. Hannes Jónsson.

Sama ættin bjó á Síðu frá 1895 til 2015, eða í 120 ár. Árið 1895 keyptu jörðina hjónin Sigurlaug Þ. Björnsdóttir (1858-1932) og Einar Guðmundsson (1854-1936) trésmíðameistari og fluttu þangað

árið eftir frá Ystagili í Langadal. Þau bjuggu þar til æviloka, en árið 1929 hófu þar búskap dóttir þeirra og tengdasonur, Elínborg Ósk Einarsdóttir (1900-1972) og Jakob B. Bjarnason (1896-1984), sem keyptu jörðina 1936 og bjuggu þar til 1971. Árið 1952 byrjuðu búskap á hálfri jörðinni dóttir þeirra og tengdasonur, Erla Jakobsdóttir (1930-) og Svavar Sigurðsson (1930-2013). Þau keyptu jörðina 1966 og bjuggu þar síðan og ásamt Baldri syni sínum (1958-) frá 1975. Árið 2015 keyptu jörðina núverandi ábúendur, Rúnar Örn Guðmundsson og Rannveig Rós Bjarnadóttir.<sup>209</sup>

#### Horfin bæjarhús

Þegar Einar og Sigurlaug tóku við Síðu vorið 1896, var jörðin í mestu niðurníðslu og þar á meðal bæjarhúsin, sem flest voru gömul, bæði að viðum og veggjum. Húsin voru þessi: 1) *Baðstofa*, 8½ al. á lengd og 5½ al. á breidd innan þilja, og byggð upp úr eldra húsi árið 1882. Húsið var þiljað í hólfg og gólf og með þilstafni í suðurenda með stórum sex rúðna glugga og öðrum 2ja rúðna á austurhlíð í fremsta stafgólfi. 2) *Búr*, 5½ al. á lengd og 3¼ al. á breidd, gamalt hús. 3) *Eldhús*, 5½ al. á lengd og 3¼ al. á breidd, gamalt hús. 4) *Göng* frá útidyrum til hliðveggjar í baðstofu, en þaðan lá 3ja álna langur gangur í gegnum hliðvegginn og inn í lítið hús norður af og úr því í baðstofuna. Sjálf göngin voru 11¾ al. á lengd og 2½ al. á breidd með standþili að hlaði. 5) *Fjós* yfir 4 kýr með ranghólum til tóftar og vatns.<sup>210</sup>

Þessi hús stóðu líklega lítt breytt uns flutt var úr þeim í nýja íbúðarhúsið, því að enn voru þau með tveimur heilþiljum árið 1910. Einar Guðmundsson var lærður trésmiður frá Reykjavík og Kaupmannahöfn, þar sem hann lauk sveinsprófi 1881. Að því búnu vann hann í fyrstu við smíði Alþingishússins og síðar við smíðar á Blönduósi, uns hann sneri sér að búskap 1890. Hann vann alla starfsævi sína að smíðum jafnhliða búskap og var verka hans minnst árið 1934 í tímaritinu *Óðni* með þessum orðum:

Það kom snemma í ljós að Einar var smiður mikill, fjölhæfur, vandvirkur og afkastamikill, enda var hann mjög eftirsóttur til smíða. Allir, sem þurftu að láta smíða hús og náðu til hans, leituðu hans, og alt frá því að hann fyrst fór að gefa sig við smíðum og fram á allra síðustu ár, hefur hann unnið mikinn part ársins að smíðum, og þegar hann hefur ekki verið annarsstaðar við smíðar, hefur hann stundað smíðar heima.

<sup>208</sup> *Húnaþing II*, s. 154; Páll V. G. Kolka (1950), s. 60; *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 104.

<sup>209</sup> *Óðinn* 30. árg., 7.-12. tbl. 1934, s. 66-68; *Húnavaka* 13. árg. 1973, s. 171; 19. árg. 1979, s. 10-21; 25. árg. 1985, s. 240-241.

<sup>210</sup> *Hér.A-Hún*. Úttektarbækur Engihliðarhrepps 1877-1889 og 1889-1901 (12. júní 1873, 7. júní 1884 og 22. maí 1896).

Það er ekki aðeins húsasmíði, sem Einar hefur lagt stund á um æfina, heldur hefur hann líka fengist mjög mikið við húsgagnagerð og margskonar fínna smíði, og ber það alt vott um góðan smekk hans og vandvirkni [...].<sup>211</sup>

Um húsagerð og framkvæmdir Einars heima á Síðu sagði ennfremur í sama riti: „Öll hús hefur Einar bygt þar. Í stað gamals og ljelegs torfbæjar er þar nú hið prýðilegasta og vandaðasta íbúðarhús úr steinsteypu, með vatnsleiðslu, miðstöðvarhitun og fleiri nútíma þægindum. Peningshús öll hefur Einar líka bygt, traust og vandleg, sljettað túnið og girt ásamt engjum.“<sup>212</sup>

### Íbúðarhús

Byggingarár gamla steinhússins á Síðu er skráð 1916,<sup>213</sup> en í fasteignamati 1942 var húsið talið byggt árið 1913. Augljóst er af lýsingu á húsinu í fasteignamati 1916-1918 (sem gerð var 1916), að þá var húsið fullbyggt. Bygging þess hófst því ekki síðar en 1915. Athyglisvert er, að húsið er byggt á þrjá vegu með tvöföldum steinsteypum útveggjum og tróðholi á milli á sama hátt og íbúðarhúsin á Fremstagili og Holtastöðum, sem byggð voru af Jóhanni Fr. Kristjánssyni 1913-1914 og skv. aðferð



hans. Um hönnuð Síðu-hússins verður ekki fullyrt, en telja verður þó sennilegt að Jóhann hafi teiknað það,<sup>214</sup> en yfirsniður þess var Einar Guðmundsson, bóndi og trésmíðameistari á Síðu.

*Íbúðarhúsið á Síðu um 1940. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 649.)*

Árið 1916 var húsinu þannig lýst: „Hús eru íbúðarhús úr steinsteypu 15×11 álnir að utanmáli með kjallara jafnstórum, skiptum í 3 herbergi með steypum gólfum og skilrúmum. Á

stofuhæð eru 3 herbergi auk forstofu, hæð þar 3¾ alin, skilrúm öll steyp. Útveggir tvöfaldir fyrir ofan kjallara, mómold milli veggja. Loft yfir kjallara einfalt, en tvöfalt yfir stofum. Engar innanpiljur. Port ekkert, en 3 álna ris. Loftið óhólfað til geymslu. Súð úr 1“ borðum með pappa yfir. Múrpípa frá kjallaragólfi.“



*Horft heim að Síðu um 1975. Gamla íbúðarhúsið stendur ofar í hlíðinni fyrir miðri mynd, en neðar til hægri er nýrra íbúðarhús frá 1975 og útihúsin til vinstri. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

<sup>211</sup> Óðinn 30. árg., 7.-12. tbl. 1934, s. 67.

<sup>212</sup> Óðinn 30. árg., 7.-12. tbl. 1934, s. 67.

<sup>213</sup> Húnaþing II, s. 154; www.skra.is.

<sup>214</sup> Teikning að húsinu finnst þó ekki í teikningasafni Byggingastofnunar landbúnaðarins.

Í fasteignamati 1930 var lýsingin þessi: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 9,40×6,90 m, ein hæð með kjallara og lofti, portlausu. Þak járnvarið.“ Ítarlegri lýsing var gefin áratug síðar: „Steinhús með kjallara, hæð og lofti. Stærð 8,9×6,9×5,3 m í mitt ris = 334 m<sup>3</sup>. Tvöfaldir steinveggir á 3 vegu með tróðholi, annar stafn einfaldur. Þak: borðasúð, pappi og járn, málað. Gólf yfir kjallara einfalt, yfir stofuhæð tvöfalt. Kjallaragólf steipt. Skilrúm öll steipt nema eitt á stofuhæð. Í kjallara er eldhús, búr og geymsla. Hæð 2 m. Á stofuhæð eru 4 íveruherbergi og stigagangur, máluð. Hæð 2,3 m. Byggt 1913. Endurbættur suðurstafrn 1939. Miðstöð frá katli, 4 ofnar. Eldavél og vatnsleiðsla í kjallarann, skolpleiðsla. Loftið óhólfað til geymslu. Dyraskúr steinsteyptur með járnþaki, 2,2×1,7×2,3 m = 9 m<sup>3</sup>. Stærðir: Kjallari og dyraskúr = 133 m<sup>3</sup>, stofuhæðin 140 m<sup>3</sup> og loftið 61 m<sup>3</sup>.“



Í þessari lýsingu kemur það m.a. fram, að annar stafn hússins (trúlega suðurstafrninn) var einfaldur að gerð, enda voru gerðar endurbætur á honum árið 1939. Við norðurstafrninn var viðbyggt geymsluhús, 5,7×3×2,5 m eða 43 m<sup>3</sup> að stærð, með timburhlið, „torfvinkli“ og sperrureistu torfþaki. Ennþá má greina ummerki þessa húss í múrhúð stafnsins, þótt það sé horfið að öðru leyti en torfveggur að austanverðu. Um 1940 stóð einnig steinsteyptur dyraskúr með einhalla skúrþaki við vesturhlið hússins. Skúrinn var rifinn um 1968 og byggði Svavar Sigurðsson í hans stað inngangsskúr með forstofu og salerni. Hann er byggður úr timbri á steiptan sökkul með láréttri borðaklæðningu og járnvörðu skúrþaki.



Búið var í húsinu til ársins 1975, er flutt var í nýtt íbúðarhús, sem byggt var á árunum 1973-1975. Eins og fyrr segir er gamla húsið einnar hæðar steinsteypuhús með kjallara, sem stendur að mestu úr jörðu, portlausu rislofti og mænispaki. Þakskeggið er útstætt með sérformuðum (útsöguðum) sperru- og bitaendum, en útveggir múrhúðaðir nema suðurstafrninn. Í húsinu eru ennþá upphaflegir gluggar með fögum, ýmist krosspósta og margpósta eða með þverpóstum og einum lóðréttum pósti. Húsið heldur nánast fullkomlega sínu upprunalega sniði, en hefur lengi verið viðhaldslaut og legið undir skemmdum, enda eingöngu notað sem geymsla frá því að hætt var að nýta það til íbúðar. Útlit þess

er því býsna hrörlegt, en steypa í útveggjum virðist þó að mestu óskemmd. Inngangsskúr, gluggar og þakklæðning eru hins vegar illa farin og jafnvel ónýt.<sup>215</sup>



### Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1916 (1913)	
Fyrstu eigendur:	Einar Guðmundsson og Sigurlaug Þ. Björnsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús til 1975.
Hönnuður:	Jóhann Fr. Kristjánsson(?)	Núverandi notkun: Geymsla
Yfirsmiður:	Einar Guðmundsson	
Inngangsskúr:	Svavar Sigurðsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Múraðir á þrjá vegu.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð	61,4 m <sup>2</sup>	
	Reykháfur	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Breytt	Upphaflega var steinsteyptur dyraskúr við húsið, en árið 1968 var byggður nýr skúr úr timbri.
	Gluggar	Óbreytt	Kross- og margpósta gluggar eru allir upprunalegir.

### Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt og hefðbundið steinsteypuhús í alþýðustíl.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið var trúlega hannað af Jóhanni Fr. Kristjánssyni, en byggt af Einari Guðmundssyni. Það kann því að vera eina mannvirkið frá hans hendi, sem varðveitt er í Engihlíðarhreppi. Húsið er meðal fyrstu steinsteyptu íbúðarhúsa, sem byggð voru í hreppnum.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er reisulegt, stendur hátt í hlíð og fer mjög vel í landi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nánast óraskað frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er fremur illa farið vegna viðhaldsleysis til margra ára, einkum þak og gluggar, en steyptir útveggir virðast vera í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er meðal elstu steinsteypuhúsa, sem varðveitt eru í Engihlíðarhreppi og er nánast óraskað frá upphaflegri gerð.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, grafist fyrir um hönnuð þess og athugað til hlítar, hvaða leiðir væru færar til að varðveita það til frambúðar.

<sup>215</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Baldur Svavarsson pr. 18. okt. 2016; *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 104.

### 3.18 Sölvabakki

#### Staðhættir og saga

Jörðin er nyrst þeirra býla, svonefndra Bakkabæja á Neðribyggð Refasveitar, sem liggja með ströndinni og nær land Sölvabakka norður að Ósvík, þar sem Laxá fellur til sjávar. Mikið útræði var þar stundað áður fyrr, en nafn býlisins er dregið af sölvatekju, sem þar var mikil og verðmæt hlunnindi. Jörðin er fyrst nefnd í máldaga Hólabiskups frá 1394 og var þá nefnd Sölvabakki hinn ytri. Hún var þá eign Höskuldsstaðakirkju ásamt býlinu Svagrund, sem upphaflega var byggt úr landi Sölvabakka, 5 hundruð að fornu mati. Í byrjun 18. aldar var Sölvabakki metinn 10 hundruð að dýrleika. Jörðin var þá



að hálfu í eigu Höskuldsstaðakirkju og að hálfu konungseign, sem heyrði undir Þingeyra-klaustursumboð, en báðir jarðarhlutar urðu bænda eign og voru keyptir af ábúendum Sölvabakka árið 1928. Árið 1947 var hálf Svagrund, sem þá var í eyði, lögð undir Sölvabakka, og síðar jörðin Neðri-Lækjardalur á Efribyggð, sem fór í eyði 1974, og metin var 10 hundruð að fornu mati.<sup>216</sup>

Túnakort Sölvabakka 1918. Hannes Jónsson.

Frá árinu 1883 til 1910 bjuggu á Sölvabakka hjónin Guðrún Einarsdóttir (1844-1920) og Bessi Þorleifsson (1835-1941), skipstjóri og hákarlaformaður, sem áður bjuggu á Siglufirði. Aldamótaárið 1900 hófu búskap á móti þeim dóttir þeirra og tengdasonur, Anna Bessadóttir (1877-1952) og Gísli Guðmundsson (1868-1953), sem brugðu búi 1924 og fluttu á Blönduós.<sup>217</sup> Þá fengu hálfu jörðina til ábúðar Agnar Þorláksson (1878-1955) og Hólmfríður Ásgrímsdóttir (1884-1951), sem bjuggu þar til 1927, en hina hálfenduna Jón Guðmundsson (1892-1992) og Magðalena Karlotta Jónsdóttir (1892-1972). Þau fengu alla jörðina til ábúðar 1927 og keyptu hana árið eftir. Þau brugðu búi 1964 og lá jörðin í eyði 1964-1966, er sonur þeirra og tengdadóttir, Jón Árni Jónsson (1937-2004) og Björg Bjarnadóttir (1944-), hófu þar búskap. Þau keyptu hálfan Neðri-Lækjardal og lögðu undir jörðina, endurbættu íbúðarhúsið og reistu ný og fullkomin útihús. Dóttir þeirra og tengdasonur, Anna Margrét Jónsdóttir og Sævar Sigurðsson, tóku við jörðinni í ársbyrjun 2004 og keyptu hana rúmu ári síðar.<sup>218</sup>

#### Horfin bæjarhús

Bæjarstæðið á Sölvabakka er steinsnar frá háum og bröttum sjávarbakkanum, en skv. túnakorti frá 1918 stóð gamli torfbærinn sunnarlega í heimatúni, þ.e. austan við núverandi íbúðarhús og nálega þar sem nú er gömul heyhlaða. Varðveitt er úttekt á bænum frá 1841, en þá voru bæjarhúsin þessi: Baðstofa, búrhús, eldhús, skáli, göng frá baðstofu til bæjardyra með bjórþili að framan, skemma og fjós yfir 3 nautgripi með ranghala til útidyra og öðrum til heytóftar.<sup>219</sup>

Þessi hús stóðu nánast öll og tiltölulega lítið breytt allt fram á 20. öld og töldust hin eiginlegu jarðarhús á klausturpartinum, en einhver hús til viðbótar munu hafa tilheyrt hinum jarðarpartinum og ábúendum sjálfum meðan tvíbýlt var á jörðinni. Skv. úttektum árin 1883, 1895, 1900 og 1909 voru húsin þessi: 1) *Baðstofa*, 7¼ al. á lengd og 4¼ á breidd með óplægðri reisifjöl úr skífum og þremur

<sup>216</sup> *Húnaþing II*, s. 157 og 161; Jón Torfason (2007), s. 163-164; *Fornleifaskráning Blönduósbæjar II*, s. 77-78.

<sup>217</sup> *Morgunblaðið* 79. árg., 17. tbl., 22. jan. 1992.

<sup>218</sup> *Húnavaka* 20. árg. 1980, s. 47-63; 33. árg. 1993, s. 169-171; 45. árg. 2005, s. 159-160; *Heim*. Björg Bjarnadóttir pr. 18. nóv. 2016 og 5. maí 2018.

<sup>219</sup> *Fornleifaskráning Blönduósbæjar II*, s. 80-81.

gluggum. 2) *Búr*, norðan megin við göngin, 4½ al. á lengd og 3¼ al. á breidd. 3) *Eldhús* suður af göngum, 6¼ al. á lengd og 3 álnir á breidd. 4) *Skáli*, sem í fyrstu var 4 álnir á lengd og breidd með einum glugga, en varð síðar tæpar 6 álnir á lengd og rúmar þrjár á breidd. 5) *Göng* frá baðstofu til bæjardyra, 9 álnir á lengd og 1½ al. á breidd með standþili fyrir framan. 6) *Skemma* sunnan megin bæjardyra, 5¼ al. á lengd og 3½ al. á breidd með standþili. 7) *Fjós* yfir 3 og síðar 4 kýr með ranghala til tóftar og útidyra.<sup>220</sup>

Um 1916 voru jarðarhúsin sögð „gömul, lítilfjörleg og hrörleg torfhús“, en þau voru baðstofa, eldhús, fjós fyrir 4 gripi, göng og tveir geymslukofar, en auk þessu voru þessi hús í eigu ábúandans: baðstofa,



geymslukofar og peningshús. Að sögn var fjósið sambyggt bænum að sunnanverðu og innangengt í það úr eldhúsi í gegnum hlöðuna, en dyr vissu að sjónum og baðstofugluggar í austur.<sup>221</sup> Þessi hús, önnur en fjósið, voru trúlega flestöll rifin fljótlega eftir byggingu nýja íbúðarhússins.

*Jón Guðmundsson og Magðalena Jónsdóttir með börn sín framan við nýbyggðan kjallara nýja steinhússins árið 1932. Í honum var búið til 1934. Í baksýn og efst til hægri sér í burst gamla torfbæjarins. (Húnavaka 20. árg. 1980, s. 53.)*

## Íbúðarhús

Íbúðarhúsið var byggt á árunum 1931-1934, en flutt í kjallarann 1932 og hefur byggingarár hússins verið miðað við það. Ókunnugt er um arkitekt hússins, en að sögn ábúenda var það byggt samkvæmt teikningu, sem þá var byggt víða eftir til sveita. Að stærð, útliti og herbergjaskipan svipar húsinu mjög til íbúðarhússins á Fremstagili í upprunalegri gerð, svo að vel má það hafa verið fyrirmynd hússins á Sölvabakka.<sup>222</sup> Sjálfur var Jón Guðmundsson laginn við smíðar og vann mikið að byggingu hússins, en yfirmsiður var þó Björn Á. Einarsson (1886-1967), smiður frá Svagrund, þá á Blönduósi.<sup>223</sup> Framkvæmdum lýsti Jón með þessum orðum árið 1980:



*Séð heim að Sölvabakka 1933. Kjallarinn er með valmabaki til bráðabirgða, en austan við er gamli torfbærinn. (Eigandi: Björg Bjarnadóttir.)*

<sup>220</sup> *Hér.A-Hún. Úttektarbækur Engihlíðarhrepps 1877-1889, 1889-1901 og 1901-1923* (13. júní 1883, 30. maí 1895, 31. maí 1900 og 18. maí 1909).

<sup>221</sup> *Fornleifaskráning Blönduósbæjar II*, s. 80.

<sup>222</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Björg Bjarnadóttir pr. 18. nóv. 2016 og 5. maí 2018.

<sup>223</sup> Stefán Jeppesen (2016); *Heim*. Björg Bjarnadóttir 5. maí 2018.

Árið 1931 réðist ég í byggingu íbúðarhúss. Ég byrjaði á að gera kjallarann íbúðarhæfan og var í honum með fjölskylduna til ársins 1934, er ég lauk við húsið. Þá voru börnin orðin fimm og þröngt til baka. Auðvitað jók byggingin á afkomuörðugleikana en um annað var ekki að ræða þar sem gamli bærinn var bæði líttill og að falli kominn. Ég hefi alla tíð haft gaman að smíðum og er sæmilega baglhagur og kom það sér vel við húsbygginguna og raunar voru smíðar mér veruleg lyftistöng. Ég var sjálfbjarga með viðgerðir og viðhald heima fyrir, auk þess sem ég smíðaði sjálfur ýmis húsgögn og heimilistæki. Líka fékkst ég dálítið við smíðar utan heimilis.<sup>224</sup>

Geta má þess, að timbur í innréttingar og annað tréverk hússins (jafnvel sperrur) var að miklu leyti



fengið úr varðskipinu Þór, sem strandaði framundan Sölvabakkafjöru 21. desember 1921. Skipið var rifið og timbrið selt á uppboði, þar sem Jón Guðmundsson keypti talsvert af góðum smíðaviði.<sup>225</sup>

*Íbúðarhúsið á Sölvabakka fullbyggt. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 653.)*



Árið 1940 var húsinu þannig lýst: „Steinhús með kjallara og einni hæð. Tvöfaldir steinveggir með tróðholi [og torfi á milli], borðasúð, pappi og járn. Skilrúm steipt og timbur. Á stofuhæð eru 3 herbergi og forstofa. Í kjallara eins og afþiljað búr í horni á eldavélarhúsi. Stærð hússins er 7,8×7,5 m. Stofuhæð 2,5 m = 165 m<sup>3</sup>. Kjallari 2,4 m = 158 m<sup>3</sup>. Miðstöð frá eldavél. Vatnsleiðsla með ‘hrút’ [þ.e. vatnshrút]. Fjós fyrir 5 kýr áfast við íbúðarhús og hlöðu, skúrþak járnvarið, torf undir, timburhlið tvöföld með torfstoppi. Steiptur flór, tröð og fóðurgangur.“ Einnig var 100 m<sup>3</sup> fjóshlaða „viðbyggð íbúðarhúsið“ með steinsteiptum veggjum að mestu, en að öðru leyti úr timbri með járnklæddu skúrþaki á timburgrind.

*Sölvabakki 1966. Að húsabaki sér í fjós og fjóshlöðu, sem voru áföst húsinu. (Eigandi: Björg Bjarnadóttir.)*

Önnur virðingargjörð var gerð 14. desember 1956. Þar voru grunnmál hússins sögð 8,5×8 m, hæð undir loft 2,5 m á stofuhæð, 2,20 m í kjallara og 2 m í ris-hæð. Útveggir voru tvöfaldir úr steinsteypu með tróðholi, um 40 sm að þykkt. Gólf voru steinsteipt í kjallara og á stofuhæð, en tvöfalt timburgólf í rishæð. Í kjallara var eldavélarhús, búr, þvottahús og stigagangur, á stofuhæð þrjú herbergi og stigagangur, en í þakhæð óhólfuð geymsla. Miðstöðvarhitun var frá olúkyntri eldavél, vatnsleiðsla frá vatnshrút og rafmagn til ljósa frá vindrafstöð. Viðbyggð íbúðarhúsið voru fjós og heyhlaða. „Tveir veggir að hlöðu steiptir og einn í hálfu hæð, timbur tvöfalt þar fyrir ofan. Fjósveggir tvöfalt timbur, nema sem veit að íbúðarhúsi. Skúrþak á hvortveggja. Stærð hlöðu 6,25×4×4 m = 100 m<sup>3</sup>.“<sup>226</sup>

Sem fyrr segir var húsið byggt í tveimur áföngum, þ.e. fyrst kjallarinn, sem sett var á valmaþak til bráðabirgða. Búið var í honum fyrstu árin, uns lokið var smíði stofuhæðar, sem er með portlausu risi yfir og krossreistu mænispaki. Upp af vesturhlið rís kvistur með einum glugga og brotnu þaki. Við norðvesturhorn hússins er áfastur steinsteiptur inngangsskúr með skúrþaki, sem reistur var 1934, samhliða efri hæð hússins. Húsið er 123,2 m<sup>2</sup> og 260 m<sup>3</sup> að stærð.

<sup>224</sup> *Húnavaka* 20. árg. 1980, s. 54.

<sup>225</sup> *Heim*. Björg Bjarnadóttir pr. 5. maí 2018; *Alþýðublaðið* 10. árg., 316. tbl., 22. des. 1929, s. 2; *Ísafold* 54. árg., 76. tbl., 27. des. 1929, s. 1-2.

<sup>226</sup> ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-A/290 (virðingargjörð pr. 14. des. 1956).



*Sölvabakki um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)*

Í húsínu voru upphaflega krosspósta gluggar með lausum og margskiptum fögum. Þeim var skipt út árið 1968 fyrir glugga með einum lóðréttum pósti, sem síðan voru endurnýjaðir 2012. Um 1983 voru þak og útveggir á íbúðarhúsínu klætt utan með áklæðningu ásamt áföstum viðbyggingum, þ.e. gömlu fjóshlöðunni og bifreiðar- og vélageymslu frá 1972, sem er á einni hæð með flötu þaki. Verkið vann Sigurður Kr. Jónsson húsasmiður. Nokkru fyrr, eða árið 1981, var geymslan innréttuð sem íbúðarherbergi, og um 2000 var fjóshlaðan einangruð og innréttuð sem rúmgott íbúðarherbergi, kalt búr og milligangur í þvottahús. Einnig var mjólkurhúsi og gamla fjósinu, austan við íbúðarhúsið, breytt árið 1988 í geymslu og bakdyrainngang með forstofu. Þessi verk voru unnin af Þormari Kristjánssyni og Einari Evensen, húsasmiðum á Blönduósi.<sup>227</sup>



<sup>227</sup> Heim. Björg Bjarnadóttir pr. 5. maí 2018.

## Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1932-1934	
Fyrstu eigendur:	Jón Guðmundsson og Magðalena K. Jónsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Björn Einarsson	
Breytingar/smiðir:	Sigurður Kr. Jónsson, Þormar Kristjánsson og Einar Evensen	

Húsgærd	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt/álklæðn.	Tvöfaldir veggir með torfi á milli; klæddir með álklæðningu 1983.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárújárn	Óbreytt	Þakið klætt með álklæðningu 1983.
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Kvistur	Óbreytt	
	Stærð	123,2 m <sup>2</sup> og 260 m <sup>3</sup>	
	Reykháfur	Horfinn	
	Inngangsskúr	Breytt	Steinsteyptur skúr var klæddur utan með álklæðningu 1983.
	Gluggar	Breytt	Voru upphaflega krosspósta, en breytt 1968 og 2000 í einpósta glugga.
	Viðbygging		Viðbyggt hús hafa verið innréttuð sem viðbót við íbúðarhúsið.

## Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt og hefðbundið steinsteypuhús í alþýðustíl.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur þjónað sem íbúðarhús frá 1932.
Umhverfislífgildi:	Hátt	Húsið er reisulegt og myndar ásamt öðrum húsum snyrtilega og samstæða heild.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Upprunalegu svipmóti hússins hefur verið raskað mjög með utanhúsklæðningu og breyttri gerð glugga.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðri umhirðu og ásigkomulagi.
<b>Varðveislugildi:</b>	Miðlungs	Breytingar á húsinu hafa dregið verulega úr varðveislugildi þess.
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

## Fjós og hlaða

Eins og fyrr er lýst voru skv. fasteignamati 1942 og virðingargjörð frá 1956 fjós og fjóshlaða áföst við austurhlíð íbúðarhússins, en bæði þessi hús voru trúlega byggð árið 1934. Þessum húsum hefur verið gjörbreytt á alla lund með því að þau hafa m.a. verið klædd utan og innréttuð sem viðbót við íbúðarhúsið ásamt yngri húsum. Af þeirri ástæðu er varðveislugildi þeirra afar lágt og tilefnislítið að grafast nánar fyrir um upprunalega gerð þeirra og byggingarsögu. Á hinn bóginn njóta þau sín vel í núverandi mynd sem hluti húsasamstæðunnar.



## 4. Varðveislumat – samantekt

Húsaskráin hér að framan nær til samtals 49 bygginga á 17 bújörðum í dreifbýli Blöndósbæjar, sem byggðar voru á árabílinu 1893-1950, eins og lýst er í kafla 1.2. Nánast eingöngu er um að ræða steinsteypt hús, sem flokkast þannig: Timburkirkjan á Holtastöðum, 13 steinsteypt íbúðarhús og tvö úr timbri, 32 steinsteypt útihús og eitt úr timbri.

### 4.1 Sögulegt yfirlit

Hér gefst ekki svigrúm til nánari greiningar á þessum húsakosti, hvorki með tilliti til þróunar í húsa-gerð né samanburði við aðstæður í öðrum sveitum Húnaþings, því að til þess skortir fyllri vitneskju um fjölda og sögu þeirra húsa, sem byggð voru á þessum tíma og nú eru ýmist horfin eða varðveitt í einstökum byggðarlögum. Nokkur atriði má þó nefna til fróðleiks:

Á árabílinu 1905-1912 voru byggð 6 steinsteypt íbúðarhús á Blönduósi, auk þess sem utan ár risu verslunarhús Kaupfélags Húnavetninga (1909-1912) og Kvennaskólinn (1911-1912). Í núverandi Húnavatnshreppi voru fyrstu steinsteyptu íbúðarhúsin byggð á árunum 1910-1911, þ.e. í Flögu, Hvammi og Auðkúlu, og á næstu fjórum árum bættust við steinsteypt íbúðarhús í Beinakeldu, á Hjaltabakka og Eyjólfstöðum, auk steinsteyptrar kirkju á Undirfelli, sem reist var 1915. Á árabílinu 1913-1931 voru byggð samtals 16 steinsteypt íbúðarhús í Húnavatnshreppi, 20 hús á árunum 1932-1941 og önnur 24 frá 1942 til 1950.<sup>228</sup>

Af þessu er ljóst, að þau fjögur steinsteyptu íbúðarhús, sem byggð voru í Engihlíðarhreppi á árabílinu 1910-1916 (þ.e. á Geitaskarði, Fremstagili, Holtastöðum og Síðu), voru meðal þeirra fyrstu, sem reist voru í sveitum Austur-Húnavatnssýslu. Að þessu er vikið nánar í köflum 3.8, 3.9, 3.11 og 3.17. Á árabílinu 1924-1935 bættust við 6 steinsteypt íbúðarhús í Engihlíðarhreppi (þ.e. á Neðri-Mýrum, Mobergi, Björnólfstöðum, Sölvabakka, Blöndubakka og í Hvammi), og á árunum 1937-1943 voru byggð ný íbúðarhús á Breiðavaði og í Fagranesi, svo og í Hjúkahlíð vestan Blöndu.

Steinsteypt útihús, sem húsaskráin nær til, eru eins og áður segir 32 talsins og af fjölbreyttum toga. Um er að ræða eftirtaldar húsagerðir: Fjós (5), mjólkurhús (3), haughús (1), kálfahús (1), fjárhús (2), hesthús (1), þurrheyshlöður (9), votheysgryfju (1), geymsluhús (5), smiðju (1) og rafstöðvarhús (3). Þar við bætist einn þurrkhjallur úr timbri og er heildarfjöldi útihúsa því 33. Er þá meðtalið steinsteypt geymsluhús á Breiðavaði með óvissan aldur, en var sennilega byggt eftir 1950 (sjá kafla 3.4). Helmingur þessara húsa tilheyrir tveimur jörðum, þ.e. Geitaskarði (10 hús) og Holtastöðum (6 hús), en á 6 jörðum standa ekki lengur nein útihús, sem byggð voru fyrir 1950. Aðeins fjögur hinna varðveittu útihúsa voru byggð fyrir 1930, þ.e. tvær heyllöður og tvö geymsluhús á árunum 1926-1929. Frá árabílinu 1930-1939 eru varðveitt 9 hús og 18 hús frá árunum 1940-1950. Yngra er svo fyrrnefnt geymsluhús á Breiðavaði og er í reynd utan við aldursviðmið þessarar húsaskráningar.

### 4.2 Niðurstöður varðveislumats – verndarflokkar

Í niðurlagi hvernar húsalýsingar í 3. kafla er birt varðveislumat viðkomandi byggingar. Til glöggvunar eru þessar niðurstöður færðar hér saman í eina töflu eða heildaryfirlit. Þar eru tilgreindir þeir fimm matsþættir, sem liggja til grundvallar mati á varðveislugildi sérhvers húss, sem húsaskráin nær til. Um er að ræða byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalegt gildi og tæknilegt ástand. Skv. niðurstöðum varðveislumatsins eru húsin flokkuð í þrjá verndarflokka með eftirfarandi hætti:

<sup>228</sup> *Húsakönnun í Húnavatnshreppi*. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Rvík 2018 (handrit í vinnslu).

### **Verndarflokkur A: Hátt varðveislugildi – friðlýst og friðuð hús:**

Í þennan verndarflokk falla samtals 20 hús, sem hafa ótvírætt varðveislugildi. Um er að ræða Holtastaðakirkju, 5 íbúðarhús (Björnólfsstaðir, Geitaskarð, Holtastaðir, Móberg og Síða) og 14 útihús, þ.e. á Björnólfsstöðum, Fagranesi, Geitaskarði, Holtastöðum og í Enni. Kirkjan er eina húsið á svæðinu, sem er friðlýst skv. ákvæðum laga um menningarminjar. Þrjú íbúðarhús eru eldri en 100 ára og þar af leiðandi friðuð skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Það eru húsin á Geitaskarði, Holtastöðum og Síðu. Hið sama gildir raunar um íbúðarhúsið á Fremstagili, en vegna þeirra miklu breytinga, sem gerðar hafa verið á því húsi, verður varðveislugildi þess ekki metið hærra en í meðallagi. Það tilheyrir því verndarflokki B, þrátt fyrir friðun skv. fyrrnefndu lagaákvæði og ótvírætt byggingar- og menningarsögulegt gildi.

Á hinn bóginn er lagt til, að íbúðarhúsin á Björnólfsstöðum og Móbergi verði vernduð með hverfisvernd í aðal- og/eða deiliskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna hins háa varðveislugildis þeirra beggja. Hið sama gildir um rafstöðvarhúsin á Björnólfsstöðum, Geitaskarði og Holtastöðum vegna menningarsögulegs gildis þessara mannvirkja. Ennfremur er lagt til, að öll íbúðarhús í þessum verndarflokki verði mæld upp og teiknuð og byggingarsaga þeirra rannsökuð nánar. Slík til-mæli eiga reyndar við um allmörg útihús og nánast öll íbúðarhús í verndarflokkum B og C, svo að tryggt verði að sem fyllstar upplýsingar geymist um þau til frambúðar.

### **Verndarflokkur B: Miðlungs varðveislugildi – friðuð, umsagnarskyld og varðveisluverð hús:**

Til þessa verndarflokks teljast hús, sem flokkuð eru með miðlungs varðveislugildi, óháð aldri. Um er að ræða 4 íbúðarhús (Blöndubakki, Breiðavað, Fremstagil og Hnjúkahlíð) og 12 útihús. Íbúðarhúsið á Fremstagili er friðað vegna aldurs, en fyllir þennan verndarflokk vegna mikilla breytinga (sjá verndarflokk A). Í þennan verndarflokk fellur einnig íbúðarhúsið á Neðri-Mýrum, sem er umsagnarskyld hús vegna aldurs (byggt 1924/25). Það hefur að öðru leyti lágt varðveislugildi vegna þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á því.

### **Verndarflokkur C: Lágt varðveislugildi:**

Í þennan verndarflokk er skipað samtals 13 húsum, sem hafa lítið eða ekkert varðveislugildi og falla ekki undir lög um menningarminjar. Um er að ræða 6 íbúðarhús (Bakkakot, Fagranes, Hvammur, Kúskerpi, Neðri-Mýrar og Sölvabakki) og 7 útihús. Þrátt fyrir lágt varðveislugildi er lagt til að þrjú íbúðarhús verði mæld upp og teiknuð og saga þeirra rannsökuð nánar.

### Niðurstöður varðveislumats

	Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist, listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislugildi
3.1	<b>Bakkakot</b> íbúðarhús	1933(?)	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Lélegt	Lágt
3.2	<b>Björnólfsstaðir</b> íbúðarhús rafstöðvarhús	1929/1930 1930	Hátt Lágt	Hátt Hátt	Hátt Hátt	Hátt Hátt	Gott Miðlungs	Hátt Hátt
3.3	<b>Blöndubakki</b> íbúðarhús	1935	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Gott	Miðlungs
3.4	<b>Breiðavað</b> íbúðarhús verkfærageymsla	1937/1938 1950-1960	Miðlungs Lágt	Lágt Lágt	Hátt Lágt	Hátt Miðlungs	Lélegt Lélegt	Miðlungs Lágt
3.5	<b>Efri-Mýrar</b> heyhlaða / fjárhús	1934	Lágt	Hátt	Lágt	Miðlungs	Lélegt	Miðlungs
3.6	<b>Enni</b> heyhlaða	1929	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Miðlungs
3.7	<b>Fagranes</b> íbúðarhús heyhlaða	1936 1936	Miðlungs Miðlungs	Miðlungs Miðlungs	Hátt Hátt	Lágt Hátt	Gott Gott	Miðlungs Hátt
3.8	<b>Fremstagil</b> íbúðarhús fjós/mjólkurhús og vélageymsla	1913/1914 1947	Lágt Lágt	Hátt Lágt	Hátt Hátt	Lágt Hátt	Gott Lélegt	Miðlungs Miðlungs
3.9	<b>Geitaskarð</b> íbúðarhús geymsluhús (2)* smiðja/þurrkhjallur* rafstöðvarhús* fjós/mjólkurhús* haughús* hlaða/votheysgryfja*	1910 1926/1930 1930 1945 1949/1950 1950 1946	Hátt Hátt Hátt Hátt Lágt	Hátt Hátt Hátt Hátt Hátt	Hátt Hátt Hátt Hátt Hátt	Hátt Hátt Hátt Hátt Hátt	Gott Gott Gott Gott Miðlungs	Hátt Hátt Hátt Hátt Hátt

	Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist, listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislugildi
3.10	<b>Hnjúkahlíð</b>							
	íbúðarhús	1943	Lágt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Gott	Miðlungs
	fjárhús	1943	Lágt	Lágt	Lágt	Hátt	Lélegt	Lágt
3.11	<b>Holtastaðir</b>							
	íbúðarhús	1914	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
	hlaða og geymsla	1927	Lágt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
	fjós/mjólkur-/kálfahús	1948	Lágt	Lágt	Hátt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs
	rafstöðvarhús	1942	Lágt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.12	<b>Holtastaðakirkja</b>	1893	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.13	<b>Hvammur</b>							
	íbúðarhús	1934	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt	Gott	Lágt
3.14	<b>Kúskerpi</b>							
	íbúðarhús	1935	Lágt	Lágt	Hátt	Lágt	Gott	Lágt
	fjós/hlaða/hesthús	1940/1948	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lélegt	Lágt
3.15	<b>Móberg</b>							
	íbúðarhús	1927	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt
3.16	<b>Neðri-Mýrar</b>							
	íbúðarhús	1924/1925	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt	Gott	Lágt
	heyhlöður (2)	1939/1950	Lágt	Lágt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
3.17	<b>Síða</b>							
	íbúðarhús	1916 (1913)	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Lélegt	Hátt
3.18	<b>Sölvabakki</b>							
	íbúðarhús	1932/1934	Miðlungs	Lágt	Hátt	Lágt	Gott	Miðlungs
	fjós/hlaða	1934	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Gott	Lágt

\* Sameiginlegt varðveislumat allra útihúsa.

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

- Aðalskipulag Blönduóss 1993-2013*. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Útgefendur: Blönduósþær og Skipulag ríkisins 1996.
- Alþýðublaðið* 1929. Reykjavík.
- Anna Árnadóttir (1992). „Húsaskipun á Miðgili í Langadal.“ *Húnavaka* 32. árg. 1992, s. 114-117.
- Blönduós. Gamli bærinn og Klifamýri - Verndarsvæði í byggð*. Tillaga og greinargerð. Höfundar: Gunnlaugur Haraldsson, Dagur Eggertsson og Páll J. Líndal. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Reykjavík 2018.
- Blönduósþær. Aðalskipulag 2010-2030. Greinargerð. Staðardagskrá 21*. Landmótun. Yngvi Þór Loftsson, Ólafur Örn Gunnarsson, Margrét Ólafsdóttir, Valdimar Harðarson og Ragnhildur Helga Jónsdóttir. [Reykjavík] 16. september 2010.
- Bragi Guðmundsson (1992). *Héraðsstjórn í Húnaþingi*. Saga sýslunefndanna í Húnavatnssýslu 1872-1907 og Austur-Húnavatnssýslu 1908-1988. Útg. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Akureyri.
- Dagur* 1956 og 1985. Akureyri.
- Eyðibýli á Íslandi V. Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Skagafjarðarsýslu, Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu sumarið 2013*. Ýmsir höfundar. Umsjónarmenn útgáfu: Gísli Sverrir Árnason og Sigbjörn Kjartansson. Útgefandi: Eyðibýli – áhugamannafélag 2013.
- Fasteignabók 1932*. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík 1932.
- Feykir* 1993-2007. Óháð fréttablað á Norðurlandi vestra. Sauðárkróki.
- Guðmundur L. Hafsteinsson (1996). *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana byggðar á dönsku SAVE-aðferðinni*. Skipulag ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, nóvember 1996.
- Guðmundur Hannesson (1913). „Hlý og rakalaus steinhús. Tillögur og leiðbeiningar.“ *Búnaðarrit* 27. árg., 1. tbl. 1913, s. 1-26.
- Haukur Sigurðsson (1988). „Blönduós, hreppur – bær. 4. júlí 1988.“ *Sveitarstjórnarmál* 48. árg., 4.- 5. tbl. 1988, s. 216-218.
- Hjördís Gísladóttir (1989). „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi.“ *Húnaþing* III. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri, s. 273-342.
- Húnavaka* 1. - 57. árg. 1961-2017. Útgefandi: Ungmennasamband Austur-Húnavetninga.
- Húnaþing* I. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri 1975.
- Húnaþing* II. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri 1978.
- Húnaþing* III. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri 1989.
- Húsakönnun á Blönduósi 2015*. Unnin af Guðrúnu Jónsdóttur, Ragnheiði Ragnarsdóttur og Páli Jakob Líndal. TGJ - Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Fyrsta útgáfa desember 2015. Reykjavík.
- Hver er maðurinn? Íslendingaævir* I-II. Brynleifur Tóbiasson hefur skrásett. Reykjavík 1944.
- Hörður Ágústsson, 2000 I: *Íslensk byggingararfleifð* I. *Ágrip af húsaagerðarsögu 1750-1940*. Rvík.

Ingibjörg Karlsdóttir (2006). „Ekki misst af neinu lokaballi.“ *Húnavaka* 46. árg. 2006, s. 153-158.

*Ísafold* 1929. Reykjavík.

*Íslendingabættir Tímans* 1973 og 1982. Reykjavík.

Jakob Bjarnason (1991). „Vatnsmýllur í Engihlíðarhreppi.“ *Húnavaka* 31. árg. 1991, s. 71-73.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Áttunda bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn með styrk úr ríkissjóði Íslands. Kaupmannahöfn 1926.

Jóhann Fr. Kristjánsson (1915). „Leiðbeiningar í húsagerð. Úr skýrslu um árið 1914.“ *Búnaðarrit* 29. árg., 2. tbl. 1915, s. 148-151.

Jón Arason (2007). „Um fólkið í Klaufinni.“ *Húnavaka* 47. árg. 2007, s. 31-42.

Jón Eyþórsson (1964). „Austur-Húnavatnssýsla.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1964*. Reykjavík.

Jón Torfason (2007). „Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 2007*. Reykjavík.

Jónas B. Jónsson: „Bræðurnir á Stóru-Giljá.“ *Bóndi er bústólpi* III. Guðmundur Jónsson sá um útgáfunna. Reykjavík 1982.

Jónatan J. Líndal (1957). „Holtastaðakirkja.“ *Kirkjuritið* 23. árg., 5. tbl. 1957, s. 217-225.

*Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi* II. 8. bindi. Reykjavík 2006.

Kristinn Pálsson (1976). „Aldarafmæli Blönduóss.“ *Húnavaka* 16. árg. 1976, s. 9-22.

*Landið*. Útgefandi: Félag í Reykjavík. Ritstjóri: Jakob Jóh. Smári, 2. árg., 49. tbl. 1917.

*Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana með hliðsjón af dönsku SAVE-aðferðinni*. Guðmundur L. Hafsteinsson. Skipulag ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands og Húsafríðunarnefnd ríkisins. Reykjavík 1996.

Lýður Björnsson (1979). *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. Síðara bindi. Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1845. Norður- og austuramt*. Reykjavík 1985.

*Morgunblaðið* 1934-2013. Reykjavík.

*Múraratal og steinsmiða* I-II. Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson. Reykjavík 1993.

*Norðri* 5. árg., 31. tbl. 1910. Akureyri.

*Norðurland* 1912-1917. Akureyri.

*Ný jarðabók fyrir Ísland*, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

*Óðinn* 1907-1934. Ritstjóri: Þorsteinn Gíslason. Reykjavík.

Páll V. G. Kolka (1950). *Föðurtún*. Reykjavík.

Pétur Sæmundsen (1975). „Blönduós. Drög að sögu fram um 1940.“ *Húnaþing* I. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri, s. 420-473.

Sigurður Þorbjarnarson (1990). „Geitaskarðsbærinn gamli.“ *Húnavaka* 30. árg. 1990, s. 156-159.

Sigurður Þorbjarnarson (1994). „Gamli Hvammsbærinn í Langadal.“ *Húnavaka* 34. árg. 1994, s. 63-65.

*Skagfirskar æviskrár. Tímabilið 1910-1950* III. bindi. Sauðárkróki 1997.

*Sunnudagsblað Tímans* 5. árg., 11. tbl. 1966. Reykjavík.

Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Reykjavík.

*Sveitarstjórnarmál* 48. árg., 1. tbl. 1988. Reykjavík.

*Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016*. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Reykjavík 2005.

*Tíminn* 1932-1990. Reykjavík.

Valgerður Bjarnadóttir (2000). „Síðustu jólin heima.“ *Húnavaka* 40. árg. 2000, s. 99-102.

*Vikublaðið* 3. árg., 4. tbl. 1994. Reykjavík.

*Vísir* 38. árg., 74. tbl. 1948. Reykjavík.

Þorsteinn Matthíasson (1963). „Höfðingjar sóttir heim.“ *Húnavaka* 3. árg. 1963, s. 5-12.

*Ættir Austur-Húnavetninga* II. og IV. bindi. Guðmundur Sigurður Jóhannsson og Magnús Björnsson. Reykjavík 1999.

## Óprentaðar heimildir

*Húsakönnun í Húnavatnshreppi*. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur (handrit í vinnslu).

*Húsaskráning, skráningarstaðall. Húsakönnun*. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 2 (ópr. drög), 2017.

Jón Torfason (2006). Handrit að staðháttalýsingum í Húnaþingi.

Stefán J.K. Jeppesen (2016). Spurningalistar og aðrar upplýsingar, sem aflað var hjá ábúendum og öðrum heimildarmönnum haustið 2016 (sjá *Heimildarmenn*).

## Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu

*Hér.A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1877-1889.

*Hér.A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1889-1901.

*Hér.A-Hún*. Úttektarbók Engihlíðarhrepps 1901-1923.

## Þjóðskjalasafn Íslands

ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/5/ A20, A/30, A/39, A/58, A/64, A/70, A/81, A/87, A/131, A/143, A/215, A/245 og A/290.

ÞÍ. Fasteignamat 1930. 9/1930. BAm/1-3. Torfalækjarhreppur.

ÞÍ. Fasteignamat 1930. 9/1930. BAm/2. Engihlíðarhreppur.

ÞÍ. Fasteignamat 1942. BAm/2-4. Blönduóshreppur.

ÞÍ. Fasteignamat 1942. BAm/3-2. Engihlíðarhreppur

ÞÍ. Manntal 1. desember 1910. Torfalækjar- og Engihlíðarhreppur.

Manntöl 1880, 1890, 1901, 1920 og 1930 (vérlit á lestrarsal).

## Vefheimildir

Fasteignamat 1916-1918 (undirmat - Engihlíðarhreppur). <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/nr/4>.

Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018. <http://www.skra.is/Fasteignaskrá>.

*Fornleifaskráning Blönduósbæjar*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga, nóvember 2007/65. Glaumbaer. [http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknar\\_skyrslur50-99/bsk-2007-65-blonduos.pdf](http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknar_skyrslur50-99/bsk-2007-65-blonduos.pdf).

*Fornleifaskráning Blönduósbæjar II. Enni – Hnjúkar – Sölvabakki – Breiðavað*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2008/82. <https://www.blonduos.is/static/files/Byggingaf/Adalskipulag/fornleifaii.pdf>.

*Fornleifaskráning Blönduósbæjar III. Fremstagil – Geitaskarð – Holtastaðir – Móberg*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2009/98. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur50-99/bsk-2009-98-blonduos.pdf>.

Lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð. <http://www.althingi.is/altext/144/s/1605.html>.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>.

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn. [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is)

Lögbýlaskrá Þjóðskrár Íslands 2017. <https://opingogn.is/dataset/a5c31d0f-9639-4bdc-beb3-298b2165e1ee/resource/c117ac90-a10c-4020-81d5-cdec8c808d4a>.

Túnakort í Engihlíðarhreppi 1918 (EB04). <http://manntal.is/myndir/Tunakort/Hunavatnssysla/A-Hunavatnssysla/Engihlidarhreppur/Vefmyndir/Engihlidarhreppur.jpg>.

Túnakort í Torfalækjarhreppi 1920 (EB09). [http://manntal.is/myndir/Tunakort/Hunavatnssysla/A-Hunavatnssysla/Torfalaekjarhreppur/Vefmyndir/Torfalaekjarhreppur\\_006.jpg](http://manntal.is/myndir/Tunakort/Hunavatnssysla/A-Hunavatnssysla/Torfalaekjarhreppur/Vefmyndir/Torfalaekjarhreppur_006.jpg).

Vefsíða Blönduósbæjar. <http://blonduos.is>; <https://www.facebook.com/blonduos/>.

### Heimildarmenn – Heim.

Porgils Magnússon (1981-)

Valdimar Guðmannsson (1952-) (Bakkakot)

Bjarni Guðmundsson (1969-) (Björnólfsstaðir)

Ingibjörg Thomsen (1970-) (Björnólfsstaðir)

Jóhanna R. Blöndal (1947-) (Blöndubakki)

Stefanía Egilsdóttir (1967-) (Breiðavað)

Þorlákur Sveinsson (1972-) (Efri-Mýrar)

Gísli Jóhannes Grímsson (1950-) (Efri-Mýrar)

Ingibjörg Jósefsdóttir (1944-) (Enni)

Jakobína B. Halldórsdóttir (1971) (Fagranes)

Halldór B. Einarsson (1944-) (Fagranes)

Valgarður Hilmarsson (1947-) (Fremstagil)

Ágúst Sigurðsson (1945-) (Geitaskarð)

Ásgerður Pálsdóttir (1946-) (Geitaskarð)

Þorsteinn H. Gunnarsson (1943-) (Hnjúkahlíð)

Kristín Jónsdóttir (1943-) (Holtastaðir)

Gauti Jónsson (1955-) (Hvammur)

Jón Sveinn Pálsson (1933-) (Kúskerpi)

Björk Axelsdóttir (1942-)	(Kúskerpi)
Halldór B. Einarsson (1944-)	(Móberg)
Bylgja Angantýsdóttir (1944-)	(Móberg)
Einar G. Guðmundsson (1952-)	(Neðri-Mýrar)
Baldur Svavarsson (1958-)	(Síða)
Björg Bjarnadóttir (1944-)	(Sölvabakki)